**ÁSLAUG ARNOLDSDÓTTIR**

*Við hjálparstörf í tvo mánuði í Pakistan*

• á ferðinni • fermingar • heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**TÓMAS TÓMASSON:**

*Verður sextugur á laugardaginn*

Sönnun þess að hamborgar eru ekki fitandi

FÓLK 38









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. apríl 2009 — 79. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



### Dr. Spock í útvarp

Semur páskaleikrit fyrir Rás 2.

FÓLK 38

### Æfir menntskælingar

Menntamálaráðherra telur rétt að Söngkeppni framhaldsskólanna sé tekin upp og sýnd í Sjónvarpinu.

FÓLK 38

### Auknar vinsældir

Tímaritið Húsfreyjan hefur komið út í 60 ár.

TÍMAMÓT 20





### Grindavík í úrslit

Grindavík mætir KR í úrslitum Iceland Express-deildar karla. Grindavík sigraði Snæfell í Hólminum í gær.

ÍÞRÓTTIR 32

## VEÐRIÐ Í DAG




**HLÝINDI SYÐRA** Í dag verða NA 10-18 m/s norðvestan til, hvassast á Vestfjörðum. Annars mun hægari. Rigning og síðar skúrir sunnan- og austanlands en yfirleitt slydda á láglendi nyrðra. Hiti 1-12 stig.

VEÐUR 4

# Bankaráðsmenn jusu stórfé úr bönkunum

**Bankaráðsmenn viðskiptabankanna þriggja og félög þeim tengd skulduðu bönkunum 150 milljarða þegar bankarnir féllu. Óvíst er með heimtur krafna.**

**VIÐSKIPTI** Bankaráðsmenn Landsbankans og félög þeim tengd fengu um 40 milljarða króna lán frá bankanum á fyrstu sex mánuðum síðasta árs. Á sama tíma nam eigið fé bankans 198 milljörðum króna.

Ári fyrr skulduðu bankaráðsmenn Landsbankans 9,9 milljarða. Heildarlánveitingar til bankaráðsins og tengdra félaga námu því tæpum 50 milljörðum í júnílok á síðasta ári. Um þremur mánuðum síðar bættust 33 milljarðar króna á núvirði við vegna ábyrgða á XL Leisure Group. Skuldir bankaráðsmanna hjá Kaupþingi námu 36,8 milljörðum króna en Glitnis 33,7 milljörðum.

Ekki liggur fyrir hvaða bankaráðsmenn og félög fengu lánin. Þó er skýrt tekið fram í uppgjörum Landsbankans að kjölfestufjárfestirinn Samson eignarhaldsfélag, sem bankaráðsformaðurinn Björgólfur Guðmundsson og sonur hans Björgólfur Thor Björgólfsson stýrðu, hafi ekki verið veitt lánafyrirgreiðsla. Hins vegar er ekkert sagt um lánveitingar til annarra félaga sem skráð eru á þá feðga.

Kröfur á bankaráðsmenn gömlu bankanna þriggja og félög sem þeim eru tengd liggja bæði í búum gömlu bankanna og þeim nýju. Skiptingin fer eftir því hvort félögin sem lánin fengu séu skráð hér eða erlendis. Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, segir kröfurnar virkar og sé unnið að því hörðum höndum að innheimta þær. Óvíst sé þó um heimtur enda lítið í búi margra félaganna sem um sé að ræða. „Það sama gildir um bankaráðsmennina og aðra. Kröfur þeirra verða innheimtar,“ segir hann og bendir á að margar leiðir séu í skoðun til innheimtu krafnanna. „Við verðum að meta í hverju tilviki hvað við erum tilbúin að ganga langt,“ segir hann. - jab / Sjá Markaðinn



**EIGANDI NEXUS** Gísli Einarsson sagðist mjög spenntur yfir þessu öllu saman.

Hópsena fyrir Iron Man 2:

## Áheyrnarprufur í Nexus í dag

**FÓLK Hópsena fyrir bandarísku kvikmyndina Iron Man 2 verður tekin upp á Svínafellsjökli eftir páska. Fimmtíu manna tökulið er væntanlegt til landsins ásamt leikstjóra myndarinnar, Jon Favreau.**

**Áheyrnarprufur verða haldnar í spilasal Nexus á Hverfisgötu klukkan tólf í dag en það er Reykjavik Casting sem sér um þær. Gísli Einarsson, eigandi Nexus, sagðist spenntur yfir þessu öllu saman.** -fgg/sjá síðu 28



**SMIÐURINN SVITNAR** Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari og trésmiður, var ekki með hamarinn á lofti í Glasgow í gær en svitnaði engu að síður á blaðamannafundi á Hampden Park. Eiður Smári og Hermann Hreiðarsson létu sér fátt um finnast enda öllu vanir. Ísland mætir Skotum ytra í kvöld í einum mikilvægasta leik liðsins í áraraðir. MYND/KENNY RAMSAY

Ólafur Jóhannesson:

## Það lið sem tapar er úr leik

**FÓTBOLTI** Það er mikið undir á Hampden Park í Glasgow í kvöld þegar Skotar taka á móti Íslendingum í undankeppni HM 2010.

Bæði lið eiga í harðri baráttu um annað sæti riðilsins sem gefur umspilsleiki um laust sæti á HM. Ísland er í öðru sæti sem stendur en mjótt er á mununum.

„Ég held að það lið sem tapar þessum leik sé úr leik í baráttunni um annað sætið. Jafntefli mun gagnast báðum liðum lítið,“ sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari á blaðamannafundi á Hampden Park í gærkvöldi.

„Við settum smá pressu á okkur með því að gefa það út að við ætluðum að vinna þennan leik. En ég tel að allar forsendur séu til staðar til þess að það geti gengið upp. Ég trúi á sigur og leikmennirnir eru á sama máli,“ sagði Ólafur.

Leikurinn hefst klukkan 19.00 í kvöld og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. - esá / nánar á síðu 32

Þingmenn Sjálfstæðisflokks hótuðu að tefja frumvarp um gjaldeyrishöft:

## Stjórnarskrárfrumvarp fast í nefnd

**ALÞINGI** Sjálfstæðismenn hótuðu að koma í veg fyrir að frumvarp um breytingar á gjaldeyrishöftum fengi afgreiðslu á Alþingi í gær ef frumvarp um breytingar á stjórnarskrá yrði afgreitt úr nefnd í gærkvöldi, eins og til stóð.

Minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna átti ekki annan kost en að fresta afgreiðslu stjórnarskrárfrumvarpsins eftir um 90 mínútna þref, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Eftir að samkomulag náðist um að taka breytingar á gjaldeyrishöftum á dagskrá var talið víst að málið yrði samþykkt, en umræður stóðu enn á Alþingi þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.

„Það er ljóst að það hefur myndast tvöfaldur markaður með gjaldeyri, það er ekkert sem er æskilegt, þvert á móti,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ. Hann segir útgerðarmenn leggja áherslu á jafnræði.

Friðrik segir að það hafi komið á óvart að ekki hafi verið tekið fyrir vöruskipti þegar gjaldeyrishöftin voru upphaflega sett. Útvegsmenn sem stundað hafi þess konar viðskipti hafi að mati LÍÚ ekki brotið lög. - bj, kóp / sjá síðu 2










**SPURNING DAGSINS**



*Georg Alexander, færðu endurgreitt hjá Einari?*

„Nei, ég býst nú ekki við því.“

Georg Alexander Valgeirsson sótti námskeið hjá Einari Bárðarsyni þar sem áhugasamir keppendur í Idolinu gátu fræðst um hina og þessa taktík sem nauðsynlegt væri að hafa á takteinum í keppninni. Georg lauk þátttöku sinni í Idolinu síðastliðinn föstudag.

Vefsíða sem geymir upplýsingar um ódýr eða ókeypis námskeið og frístundir:

# Auðveldar upplýsingaleitina

**TÓMSTUNDIR** „Við höfðum heyrt utan af okkur að það væri oft eins og að leita í frumskógi að finna upplýsingar um þessa hluti á Netinu. Þess vegna réðumst við í þetta risavaxna verkefni og vonum að viðbrögðin verði góð,“ segir Gunnhildur Sveinsdóttir, verkefnastjóri hjá Rauða krossi Íslands. Ný vefsíða sem nefnist Hvað er í boði?, þar sem safnað verður saman upplýsingum um frístundir og námskeið sem kosta lítið eða ekkert, var kynnt í húsi Rauða krossins við Borgartún í gær.

Sjálfboðaliðar Rauða krossins, í samstarfi við SÍBS og Háskóla Íslands, hafa undanfarnar vikur unnið að því að kortleggja upplýsingar sem eiga að auðvelda fólki leitina að slíkum upplýsingum. Gunnhildur segir skjalið þó enn á byrjunarstigi, og því hafi verið ákveðið að efna til kynningarinnar í gær. „Þetta á að vera lifandi skjal sem þróast og tekur sífelldum breytingum, enda hlutir alltaf að bætast við og detta út. Við vonum að þeir sem sjá um að koma svona upplýsingum á framfæri hafi okkur í huga og beini þeim upplýsingum til okkar, þannig að síðan geti nýst í sem víðustum tilgangi,“ segir Gunnhildur.

Hvað er í boði?-skjalið verður að finna á vefsíðunum raudakrosshusid.is, sibs.is og hi.is. Tenglum verður komið fyrir á öðrum síðum sem líklegt er að þeir heimsæki sem eru á höttunum eftir ódýrri eða ókeypis frístundum eða námskeiðum. **- kg**



**KYNNING** Vefsíðan Hvað er í boði? var kynnt í húsi Rauða krossins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verslunin Egill Árnason í þrot:

# Náðu ekki 75 ára afmælinu

**VIÐSKIPTI** Stjórn verslunarinnar Egils Árnasonar mun í dag óska eftir því að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta. Lýkur þar með langri sögu félagsins, sem hefði átt 75 ára afmæli síðar á árinu, segir Birgir Þórarinsson, stjórnarformaður Egils Árnasonar.

„Við sjáum ekki lengur neina ástæðu til að halda áfram, stjórnvöld virðast hreinlega ekki skilja hvað hlutirnir ganga út á,“ segir Birgir. Hann segir verslunina, sem seldi flísar og gólfefni, hafa orðið illa úti í efnahagskreppunni, tekjur hafi dregist saman um helming og skuldir í erlendri mynt tvöfaldast. Alls unnu 22 hjá fyrirtækinu. **- bj**

Stjórnmál í Noregi:

# Þjóðernissinnar í framboð

**NOREGUR** Föðurlandsvinir Noregs (Norgespatriotene) eru nýr flokkur sem safnað hefur nógu mörgum undirskriftum til að mega bjóða fram í komandi þingkosningum í Noregi.

Meðal helstu stefnumála flokksins er að frekari aðflutningur fólks til Noregs frá öðrum en vestrænum löndum verði stöðvaður, og sem flestir úr röðum slíkra „nýbúa“ verði sendir til síns heima. Flokkurinn vill líka að öll bænahús múslima sem reist hafa verið í landinu verði rifin niður. Formaður hins nýja flokks er Öyvind Heian sem hyggst verða í framboði á Vestfold. **- aa**

# Segja hótanir hafa stöðvað frumvarp

**Sjálfstæðismenn komu í gær í veg fyrir að frumvarp um stjórnarskrárbreytingar kæmist úr nefnd með því að neita að hleypa frumvarpi sem stoppar í gat á gjaldeyrishöftum á dagskrá. Knúið á um samráð við flokkinn segir þingmaður.**

**ALÞINGI** Þingmenn Sjálfstæðisflokks komu í gær í veg fyrir að frumvarp um stjórnarskrárbreytingar yrði afgreitt úr nefnd í gærkvöldi eins og til stóð. Þeir hótuðu að koma í veg fyrir að frumvarp sem ætlað var að stoppa í götin á gjaldeyrishöftum yrði afgreitt úr þinginu fyrir morgun.

Stjórnarfrumvarp um breytingar á tollalögum og lögum um gjaldeyrismál var lagt fram á Alþingi á sjötta tímanum í gær. Afbrigði þurfti til að fá málið á dagskrá þingsins strax, en afar mikilvægt var talið að afgreiða málið fyrir opnun markaða í dag.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins neituðu þingmenn Sjálfstæðisflokks að veita afbrigði. Heimildamaður orðar það svo að þeir hafi notað þetta mikilvæga mál sem skiptimynt til að tefja framgang frumvarps um stjórnarskrárbreytingar. Fáheyrt sé að hótað sé að stöðva svo mikilvæg mál með þessum hætti.

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir það oftúlkun á atburðarásinni. Sjálfstæðisflokkurinn hafi vissulega þrýst á að samráð yrði haft við þingmenn flokksins um stjórnarskrárbreytingarnar.

„Það greiddi fyrir úrlausn málsins [í gær] að það var fallist á að ræða við okkur og hætt við að keyra málið úr nefndinni [í gærkvöldi],“ sagði Birgir.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun hafði önnur umræða um frumvarpið um breytingu á gjaldeyrislögunum ekki farið fram, en þingmenn sem rætt var við töldu að það yrði að lögum um kvöldið.



**BIRGIR ÁRMANNSSON** Þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir sjálfstæðimenn vissulega hafa þrýst á að samráð yrði haft um stjórnarskrárbreytingarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Frumvarpið á að tryggja að markmið stjórnvalda um styrkingu gengis krónunnar náist. Samkvæmt því verða útflytjendur að skrá verð vöru sem flutt er út í evrum eða annarri erlendri mynt.

Ekkert bendir til að samkomulag sé í farvatninu um breytingar á stjórnarskránni og skipan stjórnlagaþings. Sjálfstæðismenn geta ekki fellt sig við breytingartillögur flutningsmanna sem lagðar voru til um helgina.

Fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í sérnefnd um stjórnarskrármál voru sendar tillögurnar í tölvupósti á laugardagsmorgun og boðið að gera við þær athugasemdir fyrir mánudagsmorgun enda hygðist formaður nefndarinnar, Valgerður Sverrisdóttir, þá taka málið út úr nefndinni. Sjálfstæðismenn héldu sem kunnugt er landsfund um helgina.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði á fundi með blaðamönnum í gær að málinu hefði þokað verulega áfram þó sameiginleg lending hefði ekki náðst. Reynt hafi verið að nálgast sjónarmið sjálfstæðismanna.

Birgir segir breytingarnar koma afskaplega skammt til móts við sjónarmið flokksins. „Í sumum tilvikum er aðeins um fegrunaraðgerðir að ræða og í öðrum tilvikum vekja útfærslur upp fleiri spurningar eða er ýtt inn í framtíðina.“ Birgir segir því rangt hjá Jóhönnu að þokast hafi í samkomulagsátt, alls óvíst sé um framhald málsins. **bj, bþs, kóp**



**MIKLAR SKULDIR** Eimskip tapaði um 6,6 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2009 og eigið fé er neikvætt um 28,5 milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tap á fyrsta ársfjórðungi:

# Eimskip tapar 6,6 milljörðum

**VIÐSKIPTI** **Tap Eimskips á fyrsta ársfjórðungi nam 40,2 milljónum evra, eða tæpum 6,6 milljörðum króna miðað við gengi Seðlabankans í gær. Á sama tíma í fyrra nam tapið 38,9 milljónum evra.**

**Rekstrartekjur námu 131,1 milljón króna og lækkuðu um 23,7 prósent miðað við sama tímabil í fyrra og rekstrargjöld á fyrsta ársfjórðungi í ár voru 130,1 milljarður evra, en 160,2 í fyrra.**

**Heildarskuldir félagsins í lok fjórðungsins nema 1.950,5 milljónum evra en heildareignir 1.776 milljónum evra. Eigið fé er því neikvætt um 174,5 milljónir evra, um 28,5 milljarða króna.** **- kóp**

Andar köldu á Kyrrahafi:

# Hóta stríði í flugskeytadeilu

**SUÐUR-KÓREA, AP** Stjórnvöld í Norður-Kóreu vöruðu í gær japönsk stjórnvöld við því að skipta sér af fyrirhuguðu eldflaugaskoti, og sögðu að lítið verði á afskipti af skotinu sem stríðsyfirlýsingu.

Stjórnvöld í Norður-Kóreu áforma að skjóta langdrægri eldflaug yfir Japan út á Kyrrahaf. Segja þau tilganginn með skotinu að koma gervihnetti á braut um jörðu, en talið er að tilgangurinn sé öðru fremur að prófa nýja gerð langdrægra flugskeyta. Japanar hafa hótað því að skjóta flugskeytið niður með varnarflaugum. **- bj**



**REIMAR VILMUNDARSON** Með einn ófrýnilegan.

Grásleppuveiðar á Ströndum:

# Hákarl í netið

**SJÁVARÚTVEGUR** **Áhöfnin á Sædísi ÍS fékk drjúgan aukaafla á grásleppuveiðunum á föstudaginn þegar hákarl lá í netunum. Sædís gerir nú út frá Norðurfirði á Ströndum en Reimar Vilmundarson sem gerir bátinn út segir þetta þó ekki í fyrsta sinn sem slíkt hendi á grásleppuveiðunum. „Svo erum við með hákarlalínu svo okkur bregður ekkert við einn hákarl,“ segir hann. „Það er miklu erfiðara að eiga við eina stórskötu.“ Hákarlinn verður skorinn og settur í kös og tilbúinn til neyslu á næsta þorra.** **- jse**


N1

**Erum með varahlutaþjónustu um allt land.**

Nýttu þér framúrskarandi þekkingu og þjónustu ásamt úrvalinu á stærsta varahlutalager landsins fyrir allar tegundir bíla.



Gerðu vel við bílinn þinn!

VARAHLUTIR 3 ÁRA ÁBYRGÐ

N1 440 1000

N1.IS


Smáhveli og fuglar elta þykkar síldartorfur inn í Hafnarfjarðarhöfn:

# Hvalir fá sér síld í höfninni

**DÝRALÍF** Undanfarnar vikur hefur óvenju mikið verið af fugli í Hafnarfjarðarhöfn auk þess sem smáhveli eiga það til að synda þangað inn þessa dagana. Ástæðan er sú að þykkar síldartorfur hafa verið í höfninni undanfarnar vikur. „Það fylgir þessu náttúrulega mikið fuglalíf,“ segir Már Sveinbjörnsson hafnarvörður. „Fuglinn er líka afar vel haldinn þessa dagana; æðarfuglinn hefur sig ekki einu sinni á loft. En svo koma smærri hvalir, eins og hnísa og höfrungar, inn í höfnina stöku sinnum en þeir stóru halda sig rétt fyrir utan.“

Svo mikið er af henni að ekki er hægt að setja vélarnar í gang án þess að tæta torfunar. „Mínir menn [sjómennirnir í Hafnarfirði] hafa sagt mér það að þegar þeir setja vélina í gang og skrúfan fer af stað þá þyrlist upp dauð síld svo hún er þarna alveg í þykkum torfum. Svo hafa einhverjir verið að húkka hana á stöng af bryggjunni.“

Ekki hafa þó Hafnfirðingar orðið varir við grút eins og gerst hefur í Vestmannaeyjahöfn. En hafa menn einhverja skýringu á þessari vöðu? „Ég hef heyrt að þegar hún er illa haldin, eins og verið hefur með þessa sýktu síld, syndi hún í ferskara vatn til að létta sér lífið. Þar á hún auðveldara með að anda en ég sel þessa skýringu nú ekki dýrara en ég keypti hana.“ **- jse**



**MÁR SVEINBJÖRNSSON** Kannski fer vel á því að Már sé hafnarvörðu nú þegar svona mikið fuglalíf er við höfnina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Ekkert rugl á fyrirtækjanetinu
Netvörður Símans hjálpar þér að stjórna netnotkun í fyrirtækinu:
• Útilokar óæskilegt efni
• Yfirsýn yfir erlent niðurhal
• Fullkomin stjórn á netumferð fyrirtækisins
• Vörn gegn tölvuþrjótum og upplýsingaþjófnaði
• Aukinn sparnaður og hagræði
• Aðgengilegar skýrslur um netnotkun í fyrirtækinu
800 4000 • siminn.is
Það er Síminn
Hringdu í Fyrirtækjaráðgjöf
800 4000
og við kynnum þér kostina
Sími
Netið
Vist
Netvörðurinn
Öryggi og sparnaður fyrir fyrirtæki
Minna niðurhal
Meiri afköst
Fullkomin vörn

## GENGIÐ 31.03.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,06 | 122,64 |
| Sterlingspund | 174,7 | 175,54 |
| Evra | 162,63 | 163,53 |
| Dönsk króna | 21,83 | 21,958 |
| Norsk króna | 18,179 | 18,287 |
| Sænsk króna | 14,82 | 14,906 |
| Japanskt jen | 1,2399 | 1,2471 |
| SDR | 182,34 | 183,42 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
210,1561

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

MP Banki fær undanþágu svo hægt verði að opna útibú SPRON á mánudag:

# Mikil viðbrögð við kaupum

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið hefur veitt MP Banka undanþágu frá samkeppnislögum vegna kaupa bankans á útibúaneti SPRON og Netbankanum, sem gera mun bankanum kleift að opna útibúin næstkomandi mánudag.

Lögum samkvæmt er óheimilt að framkvæma samruna fyrr en Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um hann, en á því var gerð undantekning, segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri eftirlitsins. Endanleg afstaða til samrunans verður tekin þegar öll gögn liggja fyrir.

Styrmir Þór Bragason, forstjóri MP Banka, segir að fáist svipuð undanþága frá Fjármálaeftirlitinu geti áform um að opna höfuðstöðvar og tvö útibú SPRON næstkomandi mánudag gengið eftir.


STYRMIR ÞÓR BRAGASON


PÁLL GUNNAR PÁLSSON

„Við höfum fengið gríðarlega góð viðbrögð, fengið endalaust af tölvupósti og símhringingum í allan dag. Hér hefur allt verið á öðrum endanum við að reyna að upplýsa viðskiptavini SPRON og annarra banka um hvað er framundan,“ segir Styrmir.

Endurreisn SPRON virðist falla í góðan jarðveg, bæði hjá fyrrverandi viðskiptavinum SPRON og viðskiptavinum annarra banka, segir Styrmir.

MP Banki hefur þegar ráðið nokkra af fyrrverandi stjórnendum SPRON til starfa, og þeir munu koma að ráðningu fleiri starfsmanna. MP Banki skuldbatt sig til að ráða að minnsta kosti 45 af fyrrverandi starfsmönnum SPRON. - bj

Íþrótta- og tómstundaráð:

## Opna vef um sumarstarfið

**REYKJAVÍK** Vefur um sumarstarf Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur verður opnaður í dag. Á sama tíma verður opnað fyrir umsóknir barna í sumarstarf í Rafrænni Reykjavík.

Þúsundir krakka hafa nýtt sér sumarstarfið undanfarin ár og boðið er upp á fjölbreytt námskeið fyrir börn á aldrinum 2 til 18 ára, svo sem siglingar, sumarbúðir, íþróttanámskeið eða leikvelli, svo eitthvað sé nefnt.

Slóðin á vefinn er: www.itr.is/sumar og er þar einnig að finna upplýsingar um annað sumarstarf en hjá ÍTR, svo sem hjá íþrótta- og æskulýðsfélögum. - kóp


**Í RÉTTARSAL** Öryggislögreglan hafði góðar gætur á Mikhail Khodorkovsky þegar hann var færður í réttarsal. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Khodorkovsky fyrir rétt á ný:

## Verjandi segir kæru klikkaða

**RÚSSLAND, AP** Mikhail Khodorkovsky, fyrrverandi stjórnandi rússneska olíurisans Yukos, sneri aftur í réttarsal í Moskvu í gær eftir að hafa eytt síðustu sex árum í fangelsi.

Verjandi Khodorkovsky segir nýjar ákærur um fjárdrátt og peningaþvætti „klikkaðar“. Verði hann sakfelldur er hámarksrefsing 22 ára fangelsi. Að óbreyttu hefði Khodorkovsky átt að sleppa úr fangelsi árið 2011.

Khodorkovsky var eitt sinn ríkasti maður Rússlands, en fyrirtæki hans, Yukos, varð gjaldþrota og var skipt upp eftir handtöku hans. - bj

### STJÓRNMÁL

**Karl leiðir lista Frjálslyndra**

Karl V. Matthíasson leiðir lista Frjálslynda flokksins í Reykjavík norður. Kosið var á milli Karls og Viðars Guðjohnsen í gær og hafði Karl betur.

### LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með nafn Guðfinnu S. Bjarnadóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, í frétt um innistæður erlendra aðila hér á landi í Fréttablaðinu í gær.

# Undanskot húseigna heppnast vegna tafa

**Ágætar líkur eru á að þeir sem reyna að skjóta húsum undan kröfuhöfum með því að skrá þau á maka sína komist upp með það vegna þess hve kerfið er svifaseint. Formaður stjórnar Creditinfo segir skuldara geta tafið mál ef þeir kjósa.**

**BANKAHRUNIÐ** Þeir, sem í kjölfar hruns íslenska fjármálakerfisins hafa fært eignir á milli fjöskyldumeðlima til að skjóta þeim undan hugsanlegum kröfuhöfum, virðast eiga ágætar líkur á að sleppa með skrekkinn.

Eins og áður hefur komið fram í Fréttablaðinu færðu fjölmargir starfsmenn í fjármálafyrirtækjum, sem og aðrir eignamenn, hús sín og bíla yfir á nöfn eiginkvenna sinna um og eftir bankahrunið í október. Virðast menn vera að freista þess að tryggja að lánardrottnar geti ekki gengið að heimilum þeirra og fjölskyldubílum.

Um slíka gjörninga milli nátengdra aðila gildir að þeir geta verið riftanlegir í allt að tvö ár frá því þeir eru gerðir þar til ósk um gjaldþrotaskipti viðkomandi er sett fram. Sjái skuldarar slíka atburðarás í spilunum gildir því að bregðast við sem fyrst og breyta eignarhaldi þess sem þeir vilja forða undan kröfuhöfunum. Vegna þess hversu innheimtukerfið hér er seinvirkt má telja ágætar líkur á að slík áætlun gangi upp.


**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Klukkan tifar á meðan kröfuhafar reyna að knýja fram fjárkröfur á hendur skuldurum í héraðsdómi og hjá sýslumanni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hákon Stefánsson, formaður stjórnar Creditinfo, sem miðlar meðal annars fjárhagsupplýsingum um einstaklinga og fyrirtæki, upplýsir að sá tími sem tekur að ná fram gjaldþrotaskiptum geti verið eitt og hálft til tvö ár.

„Ef hafðar eru uppi fjárkröfur á hendur einstaklingi þá má vænta þess að hann grípi til varna og um leið má búast við því að lyktir slíks máls liggi ekki fyrir í héraðsdómi fyrr en ári eftir að það hefst. Ef bótakrafan er viðurkennd þá er hægt að halda áfram og fara í fjárnám. Ef fjárnámsferlið er árangurslaust er síðan hægt að gera kröfu um gjaldþrotaskipti. Að ná fram árangurslausu fjárnámi getur tekið allt að einu ári. Ástæðan fyrir því er að skuldarinn sleppir því einfaldlega að mæta þegar hann er boðaður til sýslumanns, það er ekkert flóknara en það,“ segir Hákon.


HÁKON STEFÁNSSON

Að sögn Hákons er ekkert í lögum sem tryggir að tiltekin mál fái flýtimeðferð. Varðandi fjárnám sé það háð mati sýslumanns. Þá leiði núverandi ástand til þess að málum fjölgi og lengri tíma þurfi fyrir hvert mál í kerfinu. „Það má búast við því að svona mál muni taka enn lengri tíma nema hið opinbera setji inn meira fé til að tryggja bætta skilvirkni kerfisins.“ gar@frettabladid.is

Sigga Hall ákærður:

## Skatturinn vill fá 15 milljónir

**DÓMSMÁL Hinn landsþekkti matreiðslumeistari Sigurður Hall hefur verið ákærður fyrir að standa ekki skil á samtals 15 milljóna króna vörslusköttum fyrir hönd einkahlutafélagsins Menu. Aðspurður segist Sigurður ekki vilja tjá sig um málið í fjölmiðlum.**


SIGURÐUR HALL

**Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er annars vegar um að ræða að ekki hafi verið staðin skil á um 8 milljónum króna í virðisaukaskatt og hins vegar tæpum sjö milljónum í staðgreiðslu tekjuskatts á árunum 2006 og 2007. Aðalmeðferð á að vera í málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudaginn.** - gar

Lög um greiðsluaðlögun:

## Gjaldþrot þarf að blasa við svo aðlögun fáist

**STJÓRNMÁL** Fjármálaráðuneytið ráðgerir að um 100-200 einstaklingar muni nýta sér heimild til greiðsluaðlögunar á grunni nýrra laga þar um. Fjöldi gjaldþrotaúrskurða árin 2006-7 var hafður til hliðsjónar.

Efasemdir eru uppi um að sú áætlun standist; líklegt sé að mun fleiri þurfi á úrræðinu að halda.

Ása Ólafsdóttir, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, segir að fylgst verði grannt með þróuninni. „En ég vek athygli á að sá sem sækir um úrræðið þarf að vera, og verða um fyrirséða framtíð, ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar,“ sagði Ása í samtali við Fréttablaðið. - bþs

**Aðalfundur VR**
verður haldinn á Hilton Nordica hótel, fimmtudaginn 2. apríl nk. og hefst kl. 19:30.

Dagskrá:
- Venjuleg aðalfundarstörf
- Lagabreytingar
- Innborgun í VR varasjóð

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR

## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**VORIÐ KOMIÐ**
Í dag og næstu daga verður hlýtt á suðurhluta landsins og austan til en svalara á Norðurlandi og á Vestfjörðum. Leiki menn sér með tölfræði og meðalhita er apríl töluvert miklu mildari en mars. Það er því ákveðinn áfangi í vorkomunni að apríl sé runninn upp. Það verður þó að viðurkennast að vorið mun láta bíða eftir sér eitthvað lengur á Norðurlandi og Vestfjörðum.



**Á MORGUN** 10-15 m/s vestan til annars 3-10 m/s

**FÖSTUDAGUR** 3-13 m/s stífastur á Vestfjörðum

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Amsterdam | 15° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 15° |
| Eindhoven | 16° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 16° |
| New York | 11° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 4° |
| París | 17° |
| Róm | 21° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
Van Gils
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
PAL ZILERI
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI
collezione
bugatti
MABRUN
LLOYD
SARAR
BELLINI
collezione
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
50%
afsláttur
af öllum herravörum
Kvenvara frá
BOSS
HUGO BOSS
SAND
HUGO
HUGO BOSS
60%
afsláttur
af öllum kvenvörum
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú prófað kannabis?*

| | |
|---|---|
| Já | 29% |
| Nei | 71% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á Fjármálaeftirlitið að halda heimildum til að taka yfir stjórn fjármálafyrirtækja?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Utanríkisráðherrar Íslands og Bretlands ræddu um lausn IceSave-deilunnar:

# Nýjar útfærslur til skoðunar

**STJÓRNMÁL** Íslensk og bresk stjórnvöld eiga nú í viðræðum um lausn á deilu þjóðanna um IceSave-reikningana. Eru nýjar og áður óræddar útfærslur uppi á borðum.

Utanríkisráðherrar Íslands og Bretlands, Össur Skarphéðinsson og David Miliband, fjölluðu um málið í Lundúnum í gær en ytra eru einnig fulltrúar í sérstakri IceSave-samninganefnd Íslands.

Segir í fréttatilkynningu frá utanríkisráðuneytinu að ráðherrarnir hafi átt hreinskiptnar og uppbyggilegar viðræður um óleyst úrlausnarefni og tvíhliða samskipti. Sammæltust þeir, samkvæmt tilkynningunni, um að ljúka viðræðum vegna IceSave á ásættanlegan hátt fyrir báðar þjóðir eins fljótt og kostur er.



**RÆDDU UM ICESAVE** Utanríkisráðherrar Bretlands og Íslands hittust í Lundúnum í gær. MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði á fundi með blaðamönnum í gær að jákvæð þróun hefði orðið í málinu, heilmiklum tengslum hefði verið komið á á nýjan leik milli stjórnvalda ríkjanna og verið væri að ræða nýjar mögulegar útfærslur til lausnar.

Í viðtali á mbl.is í síðustu viku sagði Steingrímur að glæsileg niðurstaða væri í sjónmáli í IceSave-deilunni. Inntur eftir skýringum á þeim orðum sagðist Steingrímur þurfa að viðurkenna að orðið „glæsilegt," hafi ekki verið vel valið. Jákvæð þróun, sé hins vegar rétt lýsing. - bþs

Sveitarstjórn í Bláskógabyggð:

## Skógarbændur í hæpinni stöðu

**ATVINNULÍF** Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur skorað á ríkið að standa við fyrirheit um stórátak í uppbyggingu skógræktar.

„Skógarplöntuframleiðendur hafa byggt upp og aðlagað sín fyrirtæki að áformum ríkisvaldsins. Nú stefnir í að ríkið muni lækka framlög sín til þessa málaflokks um allt að 45 prósent. Þessi ákvörðun mun hafa veruleg áhrif á starfsemi skógarplöntuframleiðenda og hæpið að þeir muni lifa af slíkan niðurskurð," segir sveitarstjórnin sem kveður garðyrkjuna í raun stóriðju Bláskógabyggðar. - gar

Reiði vegna myndbirtinga:

## Danir varaðir við aðgerðum

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Danska leyniþjónustan varaði í gær við því að „umtalsverð áhætta" væri á því að Dönum á faraldsfæti í sumum löndum múslima yrði rænt. Enn væri mikil reiði í garð þjóðarinnar vegna myndbirtinga Jyllandsposten, en árið 2005 voru birti blaðið tólf myndir af Múhameð spámanni..

Danir á ferð í Pakistan, Afganistan, víða í Mið-Austurlöndum og Austur-Afríku voru sérstaklega beðnir að vera á varðbergi.

„Vopnaðir öfgahópar gætu beitt sér fyrir að ræna Dönum. Ekki aðeins vegna Múhameðsmyndanna, heldur einnig til þess að vinna sig í áliti gagnvart leiðtogum al-Kaída," segir Jakob Scharf, yfirmaður dönsku leyniþjónustunnar. - kóp

**VIÐSKIPTI**

### Veiðisýningu aflýst

Stórsýningunni Veiði 2009 sem halda átti í vor hefur verið aflýst. Ástæðan er kreppan að því er kemur fram í tilkynningu frá sýningarhaldaranum, Ólafi M. Jóhannessyni.

**STJÓRNMÁL**

### Sturla bílstjóri í fyrsta sæti

Sturla Jónsson vörubílstjóri fer fyrir lista Frjálslynda flokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður. Áður var ákveðið að Ásgerður Jóna Flosadóttir yrði í fyrsta sæti en en hún sagði sig úr flokknum.

**HAFNARFJÖRÐUR**

### Rákust ekki á unglinga

Forvarnanefnd Hafnarfjarðar, sem auglýsti á dögunum opið foreldrarölt fyrir alla áhugasama, gekk ásamt gestum um miðbæinn um síðustu helgi án þess að rekast á einn einasta ungling.



**FARIÐ YFIR STÖÐUNA** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra ræddu meðal annars um gjaldeyrishöftin og jöklabréfin á vikulegum blaðamannafundi sínum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Efna ekki til útsölu til bjargar krónunni

**Eins og sakir standa kemur ekki til greina af hálfu lífeyrissjóðanna að selja eignir í útlöndum og flytja heim gjaldeyri. Biðlað er til þeirra um að taka þátt í að létta á þrýstingnum á krónunni. Sjóðirnir segja hagstæð kjör verða að bjóðast.**

**STJÓRNMÁL** Í því árferði sem nú ríkir á alþjóðlegum fjármálamörkuðum er ómögulegt fyrir lífeyrissjóðina að selja eignir í útlöndum til að flytja heim gjaldeyri.

Innan stjórnkerfisins er nú allra leiða leitað til að létta á þrýstingnum á krónunni og er meðal annars horft til þess að lífeyrissjóðirnir leggist á árarnar.



**HRAFN MAGNÚSSON**

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði á fundi með blaðamönnum í gær að verið væri að skoða ýmsar hugmyndir. Spurning væri hvort lífeyrissjóðirnir vildu koma með gjaldeyri til landsins í því augnamiði.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, segir stjórnvöld ekki hafa fært málið í tal við sjóðina með formlegum hætti en lýsir þá reiðubúna til viðræðna. „En gallinn er sá að eignir okkar erlendis eru nú á mjög lágu gengi. Við seljum þær ekki á brunaútsölu," segir Hrafn. Málið horfði öðruvísi við ef eignirnar væru verðmeiri.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði í gær að tappa þyrfti þrýstingnum af kerfinu og koma því í jafnvægi á nýjan leik. Ein fær leið væri eignasala lífeyrissjóðanna, önnur væri að innlendir aðilar bjóðist til að taka þetta fé að láni til einhvers tíma þannig að það bindist hér inni í hagkerfinu „og menn taki stöðu með krónunni og með hagkerfinu í staðinn fyrir að fara." Þriðja leiðin gæti verið að undirbúa að hleypa því fé út sem þurfi að fara. Slíkt sé reyndar óhjákvæmilegt þar sem sumir jöklabréfaeigendur eru bundnir skilmálum og kvöðum sem nú þegar mæla fyrir um að þeir selji bréf sín. Kemur þar meðal annars til lánshæfismat íslenska ríkisins.

„Það þarf að undirbúa og við að hafa bolmagn til að láta það gerast án þess að það valdi jafnvægisleysi og trufli of mikið gengi krónunnar," sagði Steingrímur. Nauðsynlegt væri að ná utan um þennan óstöðugleika í heild, „þessa tifandi sprengju sem hefur verið í hagkerfinu alveg frá því að þetta kvika fé fór að streyma hér inn í stórum stíl árin 2004-5 og menn af miklu andvaraleysi tóku bara fagnandi á móti", sagði Steingrímur í gær.

bjorn@frettabladid.is









Félagsmálaráðherra kynnir aðgerðaáætlun stjórnvalda um velferð:

# Líðan fólks á eftir að versna

**STJÓRNMÁL** Áhrif efnahagsþrenginga á einstaklinga eru ekki komin fram og mikilvægt er að úrræði til að bregðast við fjárhagsvanda heimilanna séu samfelld, segir í skýrslu um velferðarmál í kjölfar kreppunnar sem Ásta R. Jóhannesdóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, kynnti í gær. Ráðherra kynnti í gær aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um velferð.

Stofnaður verður mótvægissjóður sem veiti fé til rannsókna á sviði velferðarmála og átaksverkefna fyrir þá hópa sem verst koma út úr kreppunni. Til þess verða settar 30 milljónir. Þá munu sérfræðingar fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins á fjölskyldur í landinu.

Ráðherra segir að ekki sé um loforð um aukin fjárútgjöld að ræða heldur raunsæja áætlun sem endurspegli verkefni stjórnvalda. Þá sé mikilvægt að sparnaður í einum hluta hins opinbera kerfis leiði ekki til aukins kostnaðar annars staðar.

Gríðarlega mikilvægt sé að gott aðgengi verði að velferðarþjónustunni og að skilvirk úrræði vegna skuldastöðu heimilanna verði tryggð. Leitað verði fjölbreyttra leiða til að skapa fleiri störf. Í áætluninni er tilgreint hvaða ráðuneyti bera ábyrgð á einstökum aðgerðum. - kóp



**ÁÆTLUN KYNNT** Félagsmálaráðherra kynnti áætlun stjórnvalda í velferðarmálum í gær. Þar kemur fram að áhrif kreppunnar á einstaklinga séu ekki komin fram að fullu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



EXPO • www.expo.is

LANDSSÖFNUN HJARTAHEILLA

# Takk!

**Íslendingar eru ótrúlegir.**
Þegar málið er mikilvægt, er hjartað svo sannarlega á réttum stað.
Um s.l. helgi söfnuðust 46.6 miljónir króna í landssöfnun Hjartaheilla.
Þökk sé öllum fyrir þennan frábæra árangur; - félagasamtökum, fyrirtækjum, listamönnum og öllum sem hjálpuðu okkur. - Síðast en ekki síst viljum við þakka hinum venjulega Íslendingi hvar sem er á landinu, sem réttir hér hönd góðum málstað, þótt kreppi að í samfélaginu.
Allir að safna fyrir nýju, langþráðu og afkastamiklu hjartaþræðingartæki, sem leysir af hólmi eldri tæki.

**Ótrúlegur árangur! - Bestu þakkir!**

Gjafir og framlög í söfnunina eru enn að berast. Fjölmargir sem komust ekki til að gefa um s.l. helgi, hafa haft samband við okkur og vilja senda framlög. Enn er tækifæri til að styrkja þennan dásamlega málstað, - að auka bata og lífsgæði hjartasjúkra á Íslandi.

Lítið símtal frá þér eru stór skilaboð

Ef þú gefur fimm þúsund krónur, hringdu í síma:
**903 5000**

Ef þú gefur þrjú þúsund krónur, hringdu í síma:
**903 3000**

Ef þú gefur eitt þúsund krónur, hringdu í síma:
**903 1000**

Ef þú gefur aðra upphæð, hringdu í síma 551 9020

Merkjasalan heldur áfram...
Styrktarpinni Hjartaheilla fyrir sama málefni, er seldur í verslunarmiðstöðvum, stórmörkuðum, apótekum, N1 bensínstöðvum og ýmsum félagasamtökum um allt land.

HjartaHeill
Öll þjóðin - eitt hjarta
LANDSSÖFNUN 2009

HORN / Haukur 03.09

Hjartaheill óskar landsmönnum heilla. Upplýsingasími Landssöfnunarinnar er 552 5744

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

Sögulegur fundur Holbrooke og Akhundzadeh:

# Fjandvinir hittust í Haag

**HOLLAND, AP** Richard Holbrooke, fulltrúi utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna í málefnum Afganistans og Pakistans, og Mehdi Akhundzadeh, aðstoðarutanríkisráðherra Írans, hittust í Haag í gær. Þar fór fram ráðstefna um málefni Afganistans.

Fundurinn var óundirbúinn og óformlegur og ekkert sérstakt mál var tekið fyrir á honum. Að honum loknum var ákveðið að halda samskiptum áfram. Fundurinn vekur vonir um betri samskipti ríkjanna tveggja, en Bandaríkin slitu stjórnmálasamskiptum við Íran eftir gíslatöku í sendiráðinu í Teheran, í byltingunni 1979. **- kóp**



**HEILSAST** Hamid Karzai, forseti Afganistans, heilsar Mehdi Akhundzadeh, aðstoðarutanríkisráðherra Írans. Akhundzadeh fundaði með Bandaríkjamanninum Richard Holbrooke í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**RÁÐHÚS** Tekist var á um endurskoðaða fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar í borgarstjórn í gær. Meirihlutinn stefnir á hallalausan rekstur, en minnihlutinn gagnrýnir samráðsleysi og að ekki hafi verið staðið við áður gefin fyrirheit. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hagrætt og skorið niður

**Skorið verður niður um 2,4 milljarða í Reykjavík. Útsvar verður ekki hækkað og gert ráð fyrir hallalausum rekstri. Minnihlutinn gagnrýnir samráðsleysi og að fá ekki tillögur starfsmanna um niðurskurð.**

**REYKJAVÍK** Skorið verður niður í launaútgjöldum Reykjavíkur um 1.126 milljónir króna og í öðrum kostnaði um 1.243 milljónir samkvæmt endurskoðaðri fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í gær. Minnihlutinn gagnrýndi samráðsleysi og að fá ekki aðgang að tillögum starfsmanna til hagræðingar.

„Okkur er treyst fyrir orkusölusamningum til stóriðju sem farið er með eins og hernaðarleyndarmál, en ekki tillögur starfsfólks um hagræðingar í okkar eigin borgarkerfi,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borginni.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri gagnrýndi minnihlutann fyrir að festast í smáatriðum. Allir borgarfulltrúar hefðu fengið aðgang að öllum gögnum sem lágu fyrir. Með áætluninni væri staðinn vörður um grunnþjónustuna.

Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, gaf lítið fyrir gagnrýni minnihlutans. Hann sagði allar tillögur til niðurskurðar og breytinga á fjárhagsáætlun hafa komið frá meirihlutanum. Meirihlutinn vilji skila rekstrinum á núlli og það sé hægt án þess að hækka skatta. Minnihlutinn vilji hins vegar hækka skatta og skila halla á rekstrinum.

Dagur gagnrýndi meirihlutann fyrir að hafa ekki staðið við fyrirheit sem gefin voru í haust. Borgarstjórn öll hafi gefið fyrirheit um að standa vörð um störfin, hækka ekki gjaldskrá, fara í mannaflsfrekar framkvæmdir og standa vörð um grunnþjónustuna. Ekki hafi verið staðið við þetta, til dæmis verði sparaðar um 265 milljónir króna í viðhaldsverkum, gjaldskrár leikskóla hækki og ekki verði sköpuð næg störf.

Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstri grænna, gagnrýndi mjög að dregið yrði úr þjónustu í skólakerfi, sérstaklega að fækkað yrði kennslustundum fyrir 2. til 4. bekk. Nær væri að standa vörð um skólastarfið og skera ekki niður þjónustu við börnin.

**kolbeinn@frettabladid.is**

**NIÐURSKURÐUR***

| | | |
|---|---|---|
| **Íþrótta- og tómstundaráð** | | |
| | Alls | 313,4 |
| | Laun | 113 |
| | Rekstur | 200,4 |
| **Leikskólasvið** | | |
| | Alls | 401 |
| | Laun | 225,4 |
| | Rekstur | 175,6 |
| **Menningar- og ferðamálasvið** | | |
| | Alls | 68.495 |
| | Laun | 27.251 |
| | Rekstur | 41.244 |
| **Menntasvið** | | |
| | Alls | 566,5 |
| | Laun | 390 |
| | Rekstur | 176,5 |
| **Ráðhús** | | |
| | Alls | 182,7 |
| | Laun | 78,7 |
| | Rekstur | 104 |
| **Skipulags- og byggingarsvið** | | |
| | Alls | 51,2 |
| | Laun | 33,2 |
| | Rekstur | 18 |
| **Umhverfis- og samgöngusvið** | | |
| | Alls | 134.007 |
| | Laun | 55,4 |
| | Rekstur | 78,5 |
| | Laun Bílastæðasjóðs | 12,7 |
| **Velferðarsvið** | | |
| | Alls | 103 |
| | Laun | 103 |
| **Framkvæmda- og eignasvið** | | |
| | Alls | 493 |
| | Laun | 100 |
| | Rekstur | 393 |
| **Samanlagt** | | **2.370** |

* Í ÞÚSUNDUM KRÓNA

# Einföld bankaþjónusta á netinu




## **S24 netbanki** er fyrir þá...

...sem vilja njóta **betri vaxta**

...sem vilja nýta sér **sjálfsafgreiðslu**

...sem vilja hafa fjármálin **einföld**

**Sæktu um...**

**www.s24.is**

S24 ...og þú hagnast

**Sími 533 2424 – Digranesvegur 1**



**HUGARAFL** Japanskir vísindamenn hjá bílarisanum Toyota sýndu í gær nýja tegund vélmennis sem getur tekið við skipunum frá heilabylgjum stjórnandans. Flókinn búnað þarf til að nema heilabylgjurnar, sem geta fengið vélmennið til að hreyfa hendur og fætur. NORDICPHOTOS/AFP

Lífeyrissjóður Rangæinga:

## Aðeins farið í eina veiðiferð

**EFNAHAGSMÁL** Lífeyrissjóður Rangæinga hefur ekki þegið gjafir eða boðsferðir frá fyrirtækjum sem sjóðurinn hefur fjárfest í. Framkvæmdastjóri hefur tekið að hluta til þátt í laxveiðiferð á vegum innlends samstarfsaðila sumarið 2008, eða í einn og hálfan dag.

Þá hefur hann þegið jólagjafir frá helstu samstarfsaðilum á sviði eignastýringar. Þetta kemur fram í svari hans við fyrirspurn Fréttablaðsins um boðsferðir, veiðiferðir og aðrar gjafir á tímabilinu 2005-2008. - ghs

**HORNAFJÖRÐUR**

### Sundlaug verði steinasafn

Tvo tilboð bárust í gömlu sundlaugina á Höfn í Hornafirði. Hærra tilboðið er fimm milljónir króna og gerir ráð fyrir að sundlauginni verði breytt í steinasafn. Samkvæmt tveggja milljóna króna áætlun verður listamiðstöð og kaffihús í gömlu lauginni. Bæjarstjórn á eftir að ákveða sig en hefur þó samþykkt að Hvítasunnukirkjan fái heitan pott sem losnar.

# Finna lítið fyrir kreppunni í ófærðinni í Árneshreppi

**Ófært hefur verið úr Árneshreppi frá áramótum. Einn komst suður í janúar en bíllinn hefur ekki komist aftur norður. Börn hafa ekki komist í skóla vegna ófærðar síðustu tvo daga. Fólk unir hag sínum samt vel.**

**SAMGÖNGUR** Ekki hefur verið hægt að koma bíl úr Árneshreppi um tveggja mánaða skeið vegna ófærðar. Reyndar hefur verið meira og minna ófært úr hreppnum allt þetta ár að sögn Jóns Guðbjörns Guðjónssonar, veðurathugunarmanns frá Litlu-Ávík.



**EDDA HAFSTEINSDÓTTIR**

Einnig var ófært innan sveitarinnar í gær og fyrradag svo að börn komust ekki í skólann.

„Það hefur eiginlega verið ófært hingað frá því í desember," segir Edda Hafsteinsdóttir sem búsett er í Norðurfirði. „Reyndar komst hann Hrafn [Jökulsson, rithöfundur] á jeppanum suðureftir í lok janúar en ég held að bíllinn hafi ekki komist hingað norður aftur síðan."

Margrét Jónsdóttir, útibússtjóri Kaupfélags Steingrímsfjarðar í Norðurfirði, segir að þó einhverja daga gefist færi á að moka leiðina til Hólmavíkur skafi strax yfir veginn aftur á þessum slóðum. Fólkið hefur því nýtt sér flug til að komast suður en flogið er tvisvar í viku frá Gjögri til Reykjavíkur. „Þetta hefur verið versti veturinn í mörg ár," segir Jón Guðbjörn Guðjónsson veðurathugunarmaður.

En þó er ekki barlómnum fyrir að fara. „Ég er nú orðin svo gömul sem á grönum má sjá þannig að þetta hefur ekki mikil áhrif á mig," segir Margrét sem hefur búið alla sína tíð í Árneshreppi. Edda flutti hins vegar fyrir sex árum frá höfuðborginni norður á Strandir og unir hag sínum afar



**SNJÓMOKSTUR Í ÁRNESHREPPI** Verið var að moka snjó í gær svo hægt væri að komast að flugvélinni sem flýgur að Gjögri og börn komist til skóla í dag. MYND/LITLIHJALLI.IT.IS

vel. „Ég tek þessu bara vel, þetta leggst ekkert illa í mig," segir hún. „Og það er ósköp gott að vera hérna núna eins og ástandið er í þjóðfélaginu, við finnum voðalega lítið fyrir þessari kreppu nema að vöruverðið hefur hækkað. Þannig að ég er ósköp fegin að hafa tekið þetta skref." Útibússtjórinn hefur af sjálfsögðu ekki farið varhluta af hærra vöruverði. „Já, vöruverðið er orðið hátt, maður skammast sín eiginlega fyrir að selja vörurnar á þessu verði."

Jón Guðbjörn segir að vissulega séu ekki allir jafn sáttir í ófærðinni. „Við sem höfum verið hér lengi erum vissulega vön þessu en aðrir eiga erfitt með að sætta sig við það að búa ekki við eðlilegar samgöngur, sem er kannski eðlilegt," segir hann.

Þrjátíu og þrír búa í Árneshreppi og þegar talað er um sameiningu spyr Edda strax á móti „hverjum eigum við að sameinast? Eins og samgöngurnar eru þá lægi beinast við að við myndum þá sameinast Reykjavík þangað sem við komumst tvisvar í viku þegar veður leyfir."

jse@frettabladid.is




**ÁRNESHREPPUR** Oft er talað um svæðið sem sveitina þar sem vegurinn endar. Í vetur hafa sveitungar hins vegar hvorki komist norður né suður.

## SAMTALS 118 ÁR HJÁ KAUPFÉLAGINU

Margrét Jónsdóttir, útibússtjóri Kaupfélags Steingrímsfjarðar á Norðurfirði, mun láta af störfum 30. apríl næstkomandi. Þá lýkur 59 ára starfsferli hennar hjá Kaupfélaginu og einnig Gunnsteins Gíslasonar eiginmanns hennar sem lætur þá einnig af störfum. „Vissulega verða þetta viðbrigði þegar maður verður allt í einu hættur að vinna," segir hún. „En ég fer bara á bekkinn og spjalla við fólk ef mér leiðist." Bekkur þessi í Kaupfélaginu hefur verið í Kaupfélagshúsinu frá því að það var



**MARGRÉT OG GUNNSTEINN**

reist árið 1953 og ræða hreppsbúar þar oft málin.

Edda Hafsteinsdóttir tekur við af Margréti.



NSÍ um tillögu Sivjar Friðleifsdóttur:

# Sögð jafngilda uppsögn á EES-samningnum



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

**UMHVERFISMÁL** Þingsályktunartillaga Sivjar Friðleifsdóttur, um frekari undanþágur fyrir Ísland frá samningum um útstreymi gróðurhúsalofttegunda, er illa unnin og röksemdafærslan fyrir henni hæpin. Hún jafngildir í raun uppsögn á EES-samningnum. Þetta segja Náttúruverndarsamtök Íslands. Villandi sé að bera Ísland saman við fátækari ríki álfunnar, heldur yrði það flokkað með þeim ríkari, enda sé þjóðarframleiðsla mælikvarði á slíkt í Evrópu. Einnig er minnt á að stjórnvöld hafi ekki lagt fram áætlun um hvernig skuli draga úr losun mengandi efna, líkt og þau séu skuldbundin til. **- kóþ**

Gengst við blóðugri árás á lögregluskóla í Pakistan:

# Talibani hótar árás á Hvíta húsið

**PAKISTAN, AP** Foringi talibana í Pakistan lýsti í gær ábyrgð á blóðugri árás á lögregluskóla sem framin var í landinu daginn áður og sagði að sínir menn væru að undirbúa hryðjuverkaárás á Hvíta húsið sem myndi gera heimsbyggðina dolfallna.

Baitullah Mehsud, sem er einn þeirra manna sem bandarísk yfirvöld leggja mesta áherslu á að hafa hendur í hári á í nafni stríðsins gegn hryðjuverkum, sagði að árásin á lögregluskólann í Lahore á mánudag hefði verið hefnd fyrir loftárásir Bandaríkjahers á skærulíða við landamæri Afganistans.

„Brátt munum við láta verða af árás í Washington sem mun gera heimsbyggðina dolfallna,“ tjáði Mehsud AP-fréttastofunni í símtali. Hann útskýrði hótunina ekki frekar.

Hingað til hefur ekki sannast á Mehsud að hann tengdist árásum utan Pakistans. En árásir sem menn á hans snærum eru grunaðir um að hafa framið hafa farið vaxandi að umfangi og alvörustigi.

Fyrrverandi ríkisstjórn Pakistans sagði Mehsud efstan á lista yfir þá sem grunaðir væru um að hafa staðið á bak við morðið á Benazir Bhutto, þáverandi forsætisráðherra, í desember 2007. **- aa**



**HARMUR** Ekkja eins hinna myrtu lögreglumanna sýnir harm sinn við útförina í Lahore í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 09-0346

„Veita persónulega ráðgjöf.“

Kona, 39 ára.

Getum við aðstoðað?

Í dag, miðvikudag, sitja ráðgjafar okkar lengur við símann.

Ráðgjafar Eignastýringar, Almenna lífeyrissjóðsins og Fjármögnunar svara spurningum ásamt ráðgjöfum Íslandsbanka.

Hringdu í okkur á milli kl. 17 og 21 í síma 440 4000.

Á islandsbanki.is getur þú einnig pantað fjármálaviðtal þar sem við bjóðum þér að setjast niður með okkur og fara ítarlega yfir stöðuna.

Íslandsbanki




ÞÉR BÝÐST EKKI MEIRA ÖRYGGI EN RÍKISÁBYRGÐ

RÍKISVÍXLASJÓÐUR

Nýr og traustur kostur fyrir einstaklinga, fyrirtæki og aðra fjárfesta. Ríkisvíxlasjóður er fyrir þá sem kjósa að fjárfesta í eignum sem tryggðar eru af ríkinu, vilja ávaxta fé sitt til þriggja mánaða eða lengur og halda sveiflum í lágmarki.

- Víxlar og stutt skuldabréf útgefin af eða með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánum
- Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur
- Litlar sveiflur í ávöxtun
- Enginn binditími




Kynntu þér **Ríkisvíxlasjóð** á www.kaupthing.is, hafðu samband við Ráðgjöf Kaupþings í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibúi.

**Ríkisvíxlasjóður** er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun verðbréfasjóða gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðanna sem nálgast má á www.kaupthing.is/sjodir

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggir innlán að lágmarki fjárhæð sem samsvarar EUR 20.887. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008 eru „innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi tryggðar að fullu“. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ekki kveðið á um gildistíma, en yrði hún felld úr gildi þá tæki við lágmarksvernd samkvæmt lögum nr. 98/1999, sem greinir frá að ofan. Tryggingarsjóðurinn tryggir ekki tjón sem verður vegna taps á undirliggjandi fjárfestingum verðbréfasjóða s.s. skuldabréfum eða víxlum. Sjá nánar lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og heimasíðu sjóðsins, www.tryggingarsjodur.is

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 45229 03/09

KAUPÞING

ÞVOTTA DAGAR

TILBOÐSVERÐ
15% afsláttur
Allar einstakar þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar eru nú á tilboðsverði.

ORMSSON
Gerðu hreinlega góð kaup!





AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

AEG þvottavél
LAVAMAT 62840
1200 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi. Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma. Þvottahæfni: A · Þeytivinduafköst: B Orkuflokkur: A+
Tilboðsverð: Kr. 99.900

AEG þvottavél
LAVAMAT 64840
1400 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi. Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma. Þvottahæfni: A · Þeytivinduafköst: B Orkuflokkur: A+
Tilboðsverð: Kr. 109.900

Splunkunýjar þvottavélar frá AEG á splunkunýju tilboðsverði!

Þú gerir ekki betri kaup á hágæða þvottavélum!

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
Sjá nánar á www.ormsson.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Alþjóðlegt ár stjörnufræðinnar:

# Sólkerfið í miðbænum

**STJÖRNUFRÆÐI** Sólarhrings-vefvarp, uppsetning líkans af sólkerfinu í miðbæ Reykjavíkur og stjörnuskoðunarkvöld er meðal þess sem stjörnuáhugafólk hefur um að velja í tengslum við verkefnið 100 stundir af stjörnufræði, sem stendur yfir frá 2. til 5. apríl næstkomandi.

Efnt er til verkefnisins í tilefni af því að í ár er Alþjóðlegt ár stjörnufræðinnar. Það eru Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness og Stjörnufræðivefurinn sem sjá um skipulagninguna hér á landi.

Talið er að yfir milljón manns í yfir 130 löndum muni taka þátt í verkefninu með einhverjum hætti.



**SÓLKERFIÐ** Nemendur í 7. bekk Melaskóla munu setja upp líkan af sólkerfinu í miðbænum laugardaginn 4. apríl.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni stjornuskodun.is/100.

- kg



**FÁEINUM BJARGAÐ** Flóttafólk sem bjargað var um borð í ítalskt gæsluskip gengur á land á eynni Lampedusa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um 200 afrískir flóttamenn á leið til Ítalíu drukknuðu:

# Um 250 flóttamenn í 50 manna trébáti

**LÍBÝA, AP** Bátur, yfirfullur af afrískum flóttamönnum sem ætluðu sér að freista þess að verða ólöglegir innflytjendur í Evrópu, sökk undan strönd Líbýu skömmu eftir að hafa lagt frá landi fyrir fjórum dögum. Frá þessu greindu talsmenn yfirvalda í Líbýu í gær. 21 manni var bjargað en um 200 manns er saknað og taldir af.

Að sögn fulltrúa líbýsku strandgæslunnar gat báturinn borið mest um fimmtíu manns. Honum hafi hvolft í hvassviðri og öldugangi á föstudaginn með um 250 manns innanborðs.

„Það er erfitt að ímynda sér að nokkur sé enn á lífi af þeim sem er saknað,“ sagði Laurence Hart, fulltrúi Alþjóða flóttamannastofnunarinnar. Hart segir bátinn sem sökk hafa verið á leið til Ítalíu, eftir fjölförnustu smyglleiðinni til Evrópu.

Annar bátur, sem líka var yfirfullur með um 350 manns um borð, fannst skammt frá staðnum þar sem hinn sökk eftir að sent var út neyðarkall frá honum. Báturinn var færður til hafnar í Líbýu án þess að nokkurn um borð sakaði. Af sjónvarpsfréttamyndum af flóttafólkinu að dæma voru flestir um borð afrískir karlmenn, en konur og börn voru líka þar á meðal.

Að sögn Ron Redmond, talsmanns Flóttamannafulltrúa SÞ, er „flóttamannavertíð“ ársins á Miðjarðarhafi einmitt að hefjast núna.

- aa



410 4000 | landsbankinn.is

115 / BREIÐHOLTSÚTIBÚ

Hjalti hleypur með skokkhópi í hverri viku. Hann og 28 aðrir taka vel á móti þér í Breiðholti.

• Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
• Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
• Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu við Álfabakka 10 eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM37445

Fiskútflutningur í Úganda:

# Samningur um gæðaeftirlit

**SJÁVARÚTVEGUR** Þróunarsamvinnustofnun Íslands og stjórnvöld í Úganda hafa skrifað undir samning um verkefni sem ætlað er að breyta viðhorfum og tryggja gæðaeftirlit með fiski til neyslu í Úganda og til útflutnings. Þetta segir í tilkynningu frá stofnuninni.

Í tilkynningunni kemur fram að verkefnið nái til ársins 2013. Stjórnvöld í Úganda hafi leitað eftir stuðningi Þróunarsamvinnustofnunar til að taka á gæðamálum í fiski þar sem vandamál blöstu við útflutningsmörkuðum þeirra, innan Evrópusambandsins. - kg

Neytendur: Dýr Xbox á Íslandi

# Hvernig stendur á þessu verðlagi?



DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Grétari Páli finnst nóg til koma um íslenska verðlagið á leikjatölvunni Xbox. Hann skrifar: „Hvernig stendur á því að Xbox 360 kostar nærri því sjötíu þúsund krónur hjá Elko með tveimur leikjum, á meðan ég get farið á amazon.co.uk og fengið sömu tölvuna (án leikja) á 160 pund og í Noregi á 2.395 norskar krónur með tveimur leikjum þar? Það þarf væntanlega að reikna þessi eðlilegu gjöld inn í íslenska verðið, en það nær samt aldrei þessum kostnaði. Þessir tveir leikir eru ekki svo dýrir að tölvan kostar nærri 70 þúsund krónur. Mér finnst persónulega verið að fara illa með neytendur hérna á Íslandi og sérstaklega á svona tímum.“



Örn Barkarson innkaupafulltrúi hjá Elko varð fyrir svörum: „Ástæðan fyrir þessu verðlagi hjá okkur á sér mjög eðlilegar skýringar. Við keyptum þessar vélar í desember 2008 þá var gengið mjög óhagstætt. Ég setti mig í samband við Hátækni, því ég kaupi þessar vélar frá þeim, til að athuga hvað svona vél kostar í dag. Því miður gátu þeir ekki svarað því varan er ekki til hjá þeim.“

Verkalýðsfélag Akraness:

# Fyrirtæki hvött til að greiða út

**VINNUMARKAÐUR Verkalýðsfélag Akraness skorar á öll fyrirtæki sem hafa fjárhagslega burði og treysta sér til að standa við þær launahækkanir sem áttu að taka gildi 1. mars.**

**Samtök atvinnulífsins og ASÍ höfðu samið um að fresta launahækkunum, sem áttu að taka gildi þá, til 1. júlí.**

**En síðan hafa nokkur fyrirtæki tilkynnt, þar af sjö opinberlega, að þau muni standa við 13.500 króna launahækkun á launataxta og 3,5 prósenta hækkun til þeirra sem ekki starfa eftir töxtum. Þekktast þessara fyrirtækja er HB Grandi. - kóp**



KJAFTFOR Í KATAR Gaddafí með orðið. NORDICPHOTOS/AFP/QNA

Fundur Arababandalagsins:

# Gaddafí fór af fundi í fússi

**KATAR, AP Múammar Gaddafí, leiðtogi Líbýu, fór í fússi af fundi Arababandalagsins í Katar. Gaddafí truflaði opnunarathöfn ársfundar bandalagsins á mánudag með því að taka óbeðinn til máls og ausa skömmum yfir konung Sádi-Arabíu; hann væri „bresk afurð og kjölturakki Bandaríkjamanna“. Þegar emírinn af Katar reyndi að þagga niður í Gaddafí hækkaði hann róminn og sagði að sem forseti bandalagsins hefði hann fulla heimild til að tala. „Ég er alþjóðlegur leiðtogi, heiðursforseti arabískra höfðingja, konungur Afríkukonunga og imam múslima,“ sagði hann og strunsaði út. - aa**

Íþróttabandalag Akraness:

# Fyrrum gjaldkeri ákærður

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi gjaldkeri ÍA, Íþróttabandalags Akraness, hefur verið ákærður fyrir fjárdrátt, grunaður um að hafa dregið sér og notað í eigin þágu 6,5 milljónir króna. Hann er talinn hafa millifært fé á eigin reikninga á árabilinu 2002 til 2007. Einnig hafi hann látið félagið greiða reikninga sína.

Á fréttavef Skessuhorns kemur fram að maðurinn sé einnig ákærður fyrir bókhaldsbrot, enda hafi hann ekki varðveitt fylgiskjöl og önnur gögn. Málið verður þingfest í Héraðsdómi Vesturlands á föstudaginn. - kóp

Sænskur prestur:

# Grunaður um kynferðisbrot

**SVÍÞJÓÐ Prestur í Stokkhólmi er grunaður um að hafa þvingað unga konu til kynlífs í mörg ár. Í fyrsta skiptið sem þetta gerðist var hún bara sextán ára, að sögn Aftonbladet. Hún er nú 22 ára. Presturinn er grunaður um að hafa reynt að misnota aðrar ungar konur í sókninni.**

**Presturinn hitti stúlkuna fyrst þegar hún átti að fermast. Hann viðurkennir að hann hafi síðar haft samfarir við hana en hafnar því að hafa misnotað hana. „Þetta var vináttusamband og tilheyrir því einkalífinu sem í alla staði er byggt á gagnkvæmni og frjálsum vilja fullþroska einstaklinga,“ segir hann. - ghs**




## „ORÐRÉTT“

### *Rétti andinn*

**„Ef tækifæri gefst til að vinna þá reynum við það að sjálfsögðu.“**

PÉTUR PÉTURSSON AÐSTOÐAR-LANDSLIÐSÞJÁLFARI UM LANDS-LEIKINN GEGN SKOTUM Í DAG
Fréttablaðið, 31. mars

### *Esjan út af borðinu*

**„Það hefur verið bent á að Esja er fjall Reykvíkinga en Kaupþing er banki sem starfar um land allt.“**

FINNUR SVEINBJÖRNSSON BANKA-STJÓRI KAUPÞINGS UM FYRIRHUG-AÐA NAFNBREYTINGU BANKANS.
Morgunblaðið, 31. mars.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HALLA GUNNARSDÓTTIR, AÐSTOÐARMAÐUR RÁÐHERRA

## *Hugar að sumrinu framundan*



„Í þessum töluðu orðum er ég að lesa grein eftir Styrmi Gunnarsson, minn gamla ritstjóra á Mogganum, um Evrópusambandið. Stundum er ég sammála honum og stundum elska ég að vera ósammála, en það er alltaf gaman að lesa hans skrif. Svo hef ég verið að dunda mér við að horfa á hina áhugaverðu ræðu Davíðs Oddssonar á landsfundinum á Netinu og fleira skemmtilegt,“ segir Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra.

Að sögn Höllu er nóg um að vera á vinnustaðnum í heilbrigðisráðuneytinu. „Við erum til dæmis að undibúa vinnudag fyrir starfsmenn, þar sem málin verða rædd í málstofum og fleira. Heilbrigðisþjónustan stendur á miklum tímamótum og við viljum að þau verði nýtt til góðs. Það er nauðsynlegt að tala um hlutina og þær breytingar sem þarf að gera. Þetta er auðvitað tímafrekt en skilar sér vonandi í betri ákvarðanatökum.“

Halla er farin að horfa til sumarsins fram undan. „Það fer að koma tími til að setja Fótboltafélag Íslands af stað að nýju, en það er hópur sem hittist einu sinni í viku yfir sumarið og æfir fótbolta. Ég er þjálfarinn, og við fáum til okkar alls konar fólk sem hefur jafnvel aldrei leikið knattspyrnu áður. Félagið leikur ekki í neinni deild, en við viljum samt meina að við séum Íslandsmeistarar í blönduðum fótbolta. Knattspyrna á að vera fyrir alla,“ segir Halla Gunnarsdóttir.

## PUCK MAN



■ Pac-Man er einn vinsælasti tölvuleikur allra tíma. Upphafleg útgáfa leiksins kom út í Japan árið 1980 en hann náði fljótlega miklum vinsældum í Bandaríkjunum og víðast hvar annars staðar í heiminum. Leikjahönnuðurinn Toru Iwatani kallaði Pac-Man upphaflega Puck Man og var leikurinn gefinn út undir því nafni í Japan. Nafninu var hins vegar breytt á Bandaríkjamarkaði vegna ótta um að óprúttnir aðilar myndu freistast til að breyta P-inu í upphafi nafnsins í F, og mynda þannig vinsælt blótsyrði á merkingum spilakassa.

## SJÓNARHÓLL
GREIÐSLUAÐLÖGUN



**BJÖRN GUNNLAUGSSON** Gítarleikari hljómsveitarinnar Blóð.

„Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera eitthvað, þó sjálfur sé ég sem betur fer svo heppinn að ég þarf ekki á svona aðgerðum að halda. Maður hefur samt áhyggjur af því hvort þetta nýtist þeim sem mest þurfa á því að halda. En það er meiri von um það með þessu en 20 prósent vitleysunni,“ segir Björn Gunnlaugsson kennari um nýsamþykkt lög um greiðsluaðlögun.

Björn segir að einhverjir muni missa húsnæði sitt, sem sé skelfilegt. „Menn steyptu sér samt á mismunandi forsendum út í skuldir. Þeir sem létu plata sig til að taka lán í erlendri mynt eru í vondum málum, en það er spurning hvort þeir hefðu átt að vita betur. Þetta er skref í rétta átt og við munum komast upp úr kreppunni. Kapítalíska kerfið gengur í sveiflum og það má ekki halda að niðursveiflan vari að eilífu, ekki frekar en uppsveiflan.“

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# Heppin að hitta fólk sem sér möguleika í stað hindrana

**Elsa G. Björnsdóttir útskrifaðist sem stúdent af tungumálabraut um síðustu jól, fyrst heyrnarlausra á Íslandi. Hún stundar nú nám í Kvikmyndaskóla Íslands og er meðeigandi Draumasmiðjunnar, sem býður upp á leikhús fyrir heyrnarlausa.**



**ÁNÆGÐ** Elsa er hæstánægð með námið við Kvikmyndaskóla Íslands. Hún vill berjast fyrir leikhúsmenningu meðal heyrnarlausra á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta var púsluspil og dálítið strembið en ég var ákveðin í að klára þetta nám, því nú er ekki hægt að segja að heyrnarlausir geti ekki lært tungumál. Við getum allt sem við viljum,“ segir Elsa G. Björnsdóttir, nemandi í Kvikmyndaskóla Íslands og meðeigandi Draumasmiðjunnar, sem sérhæfir sig í leikhúsi fyrir heyrnarlausa auk hefðbundinnar leikhússtarfsemi. Elsa útskrifaðist af tungumáladeild Borgarholtsskóla um síðustu jól.

Elsa segir það afrek út af fyrir sig að hafa útskrifast af málabraut. „Það var fullt af hlutum sem hefðu getað komið í veg fyrir að þetta tækist, aðallega vegna þess að þeir sem ráða halda að við sem erum heyrnarlaus getum þetta ekki. Það er í raun forræðishyggja sem hefur valdið því að ég er sú eina með þessa gráðu á Íslandi í dag,“ segir Elsa.

Elsa hefur alla tíð haft mikinn áhuga á tungumálum og sóttist meðal annars eftir því að læra tungumál í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og Menntaskólanum við Hamrahlíð eftir grunnskólann. „Mér var sagt að heyrnalausir gætu ekki verið á málabraut því það væri of erfitt, en ég skil ekki þá stefnu að útiloka tungumálanám þótt maður sé heyrnarlaus og heyri ekki hvernig málið er talað.

Ég hætti því námi í þó nokkur ár þar til vinkona mín, sem er enskukennari við Borgarholtsskóla, mælti með skólanum. Ég ákvað því að athuga hvort ég fengi að fara á málabraut þar og var sagt að ekkert væri sjálfsagðara. “ segir Elsa og bætir við að áhugi sé aðalatriðið þegar kemur að námi og það gildi jafnt um heyrnarlausa og aðra.

Elsa lauk náminu með aðstoð táknmálstúlka og miklu sjálfsnámi. Eftir útskrift skráði hún sig í Kvikmyndaskóla Íslands, þar sem hún hefur kvikmyndaleik að sérgrein. „Ég hafði sótt um í leiklistarskóla áður, en það truflaði inntökunefndirnar mikið að ég var heyrnarlaus. Hjá Kvikmyndaskólanum er þessu alveg öfugt farið. Viðhorfið þar er að allir græði á að hafa mig í skólanum og læri mikið af mér. Ég elska þetta nám og finnst ég svo heppin að hitta loks fólk sem sér möguleika í stað hindrana.“

Elsa vinnur nú að sinni fyrstu stuttmynd sem hún frumsýnir í Kvikmyndaskólanum í maí næstkomandi. Um er að ræða spennudrama með óvæntum endi. „Ég skrifa handritið og leik í myndinni, en svo skaffar skólinn leikstjóra, aðra leikara, hljóðmann, tökumann og klippara. Þetta er mjög spennandi verkefni, og það er ekki hægt að segja að það sé lítið að gera í þessum skóla,“ segir Elsa.

Elsa er fimm barna móðir og hefur starfað í Draumasmiðjunni frá árinu 1999. Hún telur það skyldu sína að berjast fyrir leikhúsmenningu meðal heyrnarlausra á Íslandi. „Aðgengi heyrnarlausra að leikhúsi er mun meira annars staðar í heiminum en hér. Ég vil berjast fyrir því að það breytist, enda á það að vera sjálfsagður hlutur,“ segir Elsa G. Björnsdóttir.

kjartan@frettabladid.is




130 / HAMRABORG

María Björg á kött sem heitir Seðill. Hún og 28 aðrir taka vel á móti þér í Hamraborg.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu í Hamraborg 8
eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn

410 4000 | landsbankinn.is

ENNEMM / SÍA / NM37465



T690 5 MISMUNANDI ÚTLIT
TONA®
LIVE CONCEPT
til afgreiðslu af lager
Bath Life
T-1000 2 MISMUNANDI ÚTLIT
T-580 5 MISMUNANDI ÚTLIT
T-1000 2 MISMUNANDI ÚTLIT
ALLAR TONA
INNRÉTTINGAR
AFHENTAR SAMSETTAR
T-920 2 MISMUNANDI ÚTLIT
kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is
T-730
5 MISMUNANDI ÚTLIT
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**FRÉTTASKÝRING:** Obama til Evrópu

# Erfið Evrópuferð stjórnmálastjörnunnar

**Barack Obama lagði í gær upp í fyrstu Evrópuferð sína eftir að hann tók við embætti fyrir tveimur mánuðum. Sú ferð verður ekki eintómir fagnaðarfundir.**

Evrópubúar fögnuðu innilega kjöri Baracks Obama til forseta Bandaríkjanna í nóvember síðastliðnum. Nú kemur hann í fyrstu heimsóknina eftir embættistökuna til „gömlu álfunnar“, en fagnaðarstemningin er liðin hjá. Dagleg samskipti bandamannanna beggja vegna Atlantsála eru vandkvæðum bundin, ekki sízt vegna þess að enn eru margar lykilstöður í ráðuneytum í Washington, sem eiga að sinna samskiptunum við Evrópu, ómannaðar.

### Hveitibrauðsdögum lokið?

Stjórnmálaskýrendum þykir sennilegt að hinn nýi Bandaríkjaforseti, sem svo miklar vonir eru bundnar við eftir átta ára lægð í samskiptunum yfir Atlantshafið vegna Bush-stjórnarinnar, eigi í Evrópuförinni eftir að upplifa að hveitibrauðsdögunum sé lokið og alvara hversdagsstjórnmálanna á krepputímum taki við.

Þó er næsta víst að honum verði mætt af velvilja, einkum og sér í lagi af þeim þjóðum og ráðamönnum Evrópu sem var hvað mest uppsigað við Bush-stjórnina. Á þeim tveimur mánuðum sem hann hefur haldið um stjórntaumana vestra hefur hann gert ýmislegt sem fellur vel í kramið - lokað Guantanamo-fangabúðunum á Kúbu, bannað yfirheyrsluaðferðir hjá CIA sem margir flokka sem pyntingar, og nálgast sjónarmið Evrópumanna í ýmsum af heitustu deilumálum alþjóðastjórnmálanna, svo sem varðandi samskiptin við Íran og Mið-Austurlönd, og í loftslagsmálum.

### Segjast vilja hlusta

Háttsettir fulltrúar Bandaríkjastjórnar hafa líka í aðdraganda ferðarinnar reynt að skapa gott andrúmsloft fyrir viðræður leiðtoganna með yfirlýsingum á borð við „við viljum endurreisa virðingu fyrir Bandaríkjunum, einkum og sér í lagi í Evrópu.“ Þessir fulltrúar hinna nýju valdhafa vestra segjast vilja „leggja vel við hlustir“.

Það vantar heldur ekki að Obama ætlar sér að eiga ítarleg skoðanaskipti við leiðtoga Evrópu:

- Á G20-fundinum í Lundúnum hittir hann brezka forsætisráðherrann Gordon Brown, stjórnarandstöðuleiðtogann David Cameron og Elísabetu II drottningu.

- Hann mun eiga fund með Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta í tengslum við leiðtogafund NATO í Strassburg og Kehl.

- Með Angelu Merkel, kanzlara Þýzkalands, fundar hann í Baden-Baden, þar sem NATO-leiðtogarnir, þar á meðal Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, munu snæða saman kvöldverð.

- Hann mun auk þess eiga sinn fyrsta tvíhliða fund með Dmítrí Medvedev Rússlandsforseta í tengslum við G20-fundinn í Lundúnum. Þar mun hann einnig hitta Hu Jintao Kínaforseta, og vera má að utan Evrópu þyki þessir fundir hans áhugaverðari en þeir sem hann á með leiðtogum Evrópusambandsríkjanna.



**LAGT Í 'ANN** Obama-hjónin veifa viðstöddum á Andrews-herflugvellinum við Washington er þau gengu um borð í forsetavélina sem flutti þau til Lundúna, fyrsta áfangastaðar Evrópuferðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Deilumálum frestað?

Það er enda svo, að nokkrum þungvægustu deilumálunum virðist hafa verið skotið á frest:

- Á G20-fundinum virðist ekki eiga að þvinga neinn til að setja meira opinbert fé í kreppuvarnaaðgerðir. Bandaríkjastjórn vill að sérstaklega Þjóðverjar setji meira fé í slíkar aðgerðir, en vestra vilji menn heldur ekki knýja fram atkvæðagreiðslu um málið á fundinum - það kvað bandaríski fjármálaráðherrann hafa fullvissað þýzka efnahagsmálaráðherrann um.

- Í bili mun Obama heldur ekki beita evrópska kollega sína meiri þrýstingi um að senda fleiri hermenn til Afganistans. Hvert bandalagsríki verði að leggja það af mörkum sem það telji réttast – þetta kvað vera hin nýja stefna í Hvíta húsinu. Þessa stefnu er þó hægt að túlka sem vantraustsyfirlýsingu í garð Evrópumanna – Bandaríkin vilji frekar leysa málin upp á eigin spýtur.

### Lykilstöður enn ómannaðar

Annað vandamál, sem gerir bættu samstarfi yfir Atlantshafið erfitt fyrir, er hve margar lykilstöður í ráðuneytunum í Washington eru enn ómannaðar vegna hins langa og stranga ferlis sem þeir eru látnir ganga í gegn um sem veljast í þær stöður. Til að mynda hefur Phil Gordon, maðurinn sem á að stýra þeirri deild bandaríska utanríkisráðuneytisins sem sinnir samskiptum við Evrópu, ekki enn verið formlega staðfestur í embætti af öldungadeild Bandaríkjaþings.

„Það er ótrúlegt hve fáir eru til viðræðu af hálfu Bandaríkjastjórnar,“ hefur fréttavefur Der Spiegel eftir háttsettum þýzkum embættismanni, sem átti í viðræðum við bandaríska fjármálaráðuneytið í sambandi við mál þýzku Opel-bílaverksmiðjanna, sem eru hluti af GM-samsteypunni sem hefur hlotið gríðarhá lán úr bandaríska ríkissjóðnum til að afstýra gjaldþroti. Bretar eru líka sagðir mjög ósáttir við það hve illa þeirra mönnum gengur að fá svör frá bandarískum starfssystkinum.

### Hlakkar í gagnrýnisröddum

Fréttir af óánægju af þessu tagi valda því, að það hlakkar í þeim Bandaríkjamönnum, einkum fulltrúum Bush-stjórnarinnar fyrrverandi, sem fannst alltaf að hrifning Evrópumanna af Obama væri yfirdrifin og hún gæti ekki endað í neinu öðru en vonbrigðum. „Hér með sést að það var ekki innistæða fyrir því að gefa sér að Evrópa myndi fylkja sér að baki þessari Bandaríkjastjórn,“ hefur Washington Post eftir Nile Gardiner, Evrópumálasérfræðingi við Heritage-stofnunina í Washington, sem hefur náin tengsl við Repúblikanaflokkinn. Það er reyndar svo, að evrópskir ráðamenn hafa lýst verulegum efasemdum um stefnu Obama-stjórnarinnar í málefnum Afganistans, og um tillögur Bandaríkjamanna um leiðir út úr alþjóðlegu fjármála- og efnahagskreppunni.

En slíkar efasemdir hafa ekki náð til almennings í Evrópulöndunum. Í hans augum er ljóminn af stjórnmálastjörnunni Obama enn óskaddaður og því er við því að búast að hann fái hlýjar móttökur þar sem evrópskur almenningur fær á annað borð tækifæri til að berja stjórnuna augum. „Obama getur eftir sem áður leitað stuðnings í Evrópu við stefnumið Bandaríkjanna og skapað hrifningu fyrir samstilltum aðgerðum,“ segir Karen Dornfried frá Þýzka Marshall-sjóðnum (German Marshall Fund) í Washington, „sem George W. Bush gat ekki.“



FRÉTTASKÝRING
**AUÐUNN ARNÓRSSON**
audunn@frettabladid.is

### Fyrsta Evrópuför Obama forseta

Ætlunarverk Baracks Obama Bandaríkjaforseta í fyrstu ferð sinni til Evrópu frá því hann tók við embætti er að festa í sessi tengslin milli bandamanna beggja vegna Atlantshafs, eiga samráð um aðgerðir gegn heimskreppunni og um stefnuna í Afganistan.

1 **31. marz-2. apríl, London:** G20-fundur

2 **3.-4. Apríl, Strassborg í Frakklandi og Kehl í Þýzkalandi:** 60 ára afmælisleiðtogafundur NATO. Obama á þar tvíhliða fundi við Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta og Angelu Merkel, kanzlara Þýzkalands

3 **5. apríl, Prag í Tékklandi:** Hittir leiðtoga aðildarríkja Evrópusambandsins

4 **6. apríl, Ankara í Tyrklandi:** Ávarpar Tyrklandsþing

5 **7. Apríl, Istanbúl í Tyrklandi:** Sækir fund SÞ um Bandalag menningarsvæða – gæti notað þennan vettvang til að ávarpa heim múslima




© GRAPHIC NEWS




137 / VESTURBÆJARÚTIBÚ

Guðrún byrjaði að vinna í bankanum 14 ára gömul. Hún og 13 aðrir taka vel á móti þér í Vesturbænum.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í Vesturbæjarútibúi við Hagatorg eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM37430


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára
BÓNUS
1kg
Gleðilega páska
1 kg
1798 kr.
BÓNUS
PÁSKAEGG
BETRA VERÐ Í BÓNUS
NR.3 170g 398 kr.
NR.4 315g 698 kr.
NR.5 420g 898 kr.
NR.6 520g 1098 kr.
KJÖRFUGL
Kostar minna!
1498
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR 1498 kr./kg.
ÓKRYDDAÐUR
498
KJÖRFUGL FERSKUR
HEILL KJÚKLINGUR 498 kr./kg.
1078
K.S LAMBALÆRI
FROSIÐ
1078 kr./kg.
+20%
Gillette
Fusion
HYDRA GEL
TILBOÐ KJARNAFÆÐI
KJÖTFARS
399
K.F NÝTT KJÖTFARS
399 kr./kg.
Gillette
Fusion
2598
GILLETTE FUSION RAKBLÖÐ
8 stk. 2598 kr.
GÓÐUR RAKSTUR Í 6 MÁN.
598
GILLETTE FUSION
RAKSTURSGEL
240 ml 598 kr.
Gillette
Fusion
POWER
2998
GILLETTE FUSION POWER
RAKBLÖÐ
8 stk. 2998 kr.
GÓÐUR RAKSTUR Í 6 MÁN.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGA FRÁ 12.00 TIL18.30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Brýnari verkefni en hækkanir bíða stjórnvalda:

## Óvild á sköttum

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Flest bendir til þess að lausatök í skattheimtu undanfarin ár hafi reynst þjóðarbúinu stórkostlega dýrkeypt. Í Fréttablaðinu í gær kom fram að tekjutap ríkisins og sveitarfélaga hafi verið 44 til 60 milljarðar króna aðeins í fyrra. Þessar tölur eru byggðar á skýrslu nefndar um skattsvik frá 2005, en hún mat tekjutap hins opinbera vegna skattsvika hafa verið 8,5 til 11,5 prósent af heildarskatttekjum árið á undan. Frá því að skýrslan kom út má þá gera ráð fyrir að skattsvikin nemi nálægt 200 milljörðum króna.

Þetta er skuggaleg tala. Til að setja hana í samhengi er gert ráð fyrir að hallinn á fjárlögum fyrir þetta ár verði 153 milljarðar króna. Sem þýðir aftur að ef einungis þrír fjórðu af undanskotunum hefðu skilað sér í hús værum við í töluvert grynnri flór en við erum nú. Að vísu segir reynslan okkur að þeim stjórnmálamönnum, sem fóru með stjórn landsins á þessum árum og reyndar árin þar á undan líka, hefði örugglega tekist að koma megninu af þessum aurum í lóg. Það ber að halda því til haga að ríkisútgjöld jukust jafnt og þétt í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins í fjármálaráðuneytinu og báknið blés fyrir vikið út.

En það er önnur saga. Sú sem er verið að segja hér snýst um tjón samfélagsins af skattsvikum og af henni má draga að minnsta kosti þríþættan lærdóm.

Í fyrsta lagi bendir aðgerðaleysið við tillögum nefndarinnar um skattsvikin, frá 2005, til þess að það getur verið vafasamt fyrir þjóðfélagið að fela yfirlýstum óvildarmönnum skatta að hafa yfirumsjón með skattheimtunni. Í því hlutverki voru mörg undanfarin ár fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, sem sátu óslitið í fjármálaráðuneytinu frá 1991 allar götur þar til Steingrímur J. Sigfússon tók þar við á dögunum. Eins og flestir þekkja hefur lengi verið eitt helst hjartans mál margra af háværustu þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að tala af fyrirlitningu um skatta. Nýjustu dæmin eru frá landsfundi flokksins um helgina.

Sjálfstæðisflokkurinn fylgdi þeirri ágætu hugmyndafræði að lækka skatta. Reyndar mun meira hjá fyrirtækjum og af fjármagnstekjum en tekjuskatt einstaklinga, sem var ekki alveg jafn jákvætt. Í einfaldaðri mynd má segja að hugmyndafræðin að baki þessum miklu skattalækkunum á aðra en launþega, hafi meðal annars gengið út á að með því að hafa skattana nógu lága hyrfi hvatinn til að svíkjast um að borga þá. Í því ljósi hafi menn ef til vill talið óhætt að hafa tillögur skattsvikanefndarinnar að engu. Því miður benda tölur byggðar á skýrslu nefndarinnar til þess að þar hafi menn verið of bláeygir. Of margir vilja augsýnilega frekar greiða enga skatta en litla. Lærdómur númer tvö er því að það þarf líka að fylgjast vel með að fólk borgi skatta þótt prósentan sé ekki há.

Lærdómur númer þrjú er þó kannski sá sem á helst erindi inn í þá skattahækkanaumræðu sem núverandi ríkisstjórn heldur fram. Sá góði bloggari Vilhjálmur Þorsteinsson eðlisfræðingur hefur bent á að ef lagður er á 5 prósent hátekjuskattur til viðbótar á allar tekjur yfir 500.000 krónur á mánuði, yrði tekjuauki af því fyrir ríkissjóð í mesta lagi 4,3 milljarðar. Það eru smáaurar miðað við möguleg skattsvik upp á 44 til 60 milljarða í fyrra.

Spurningin er því hvort ekki sé hægt að hlífa landsmönnum við að ríkið seilist dýpra í vasa þeirra, með því að byrja á því að sjá til þess að allir borgi sitt?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Anno Davíð

Guðlaugur Þór Þórðarson rýnir í gengi krónunnar á bloggsíðu sinni og hvernig það hefur hrapað eftir að Davíð Oddsson hætti sem seðlabankastjóri (eða „anno Davíð" eins og það verður eflaust kallað eftir landsfund Sjálfstæðisflokksins). Guðlaugur furðar sig líka á því að enginn fjölmiðill hafi fjallað um gagnrýni Davíðs á eftirmann sinn og fjármálaeftirlitið hvað varðar Straum, SPRON og Sparisjóðabankann. Ætli áhugaleysið helgist ekki af því að sú gagnrýni var sett fram í sama mund og Davíð fullyrti að seðlabankastjórinn nýi væri annað hvort lygari eða með Alzheimer.



### Give Lost a Change

Friðarsinnar á Íslandi geta hér með ráðstafað mánudagskvöldum eins og þeim sýnist næstu vikurnar, að minnsta kosti mega þeir ekki búast við að verða stefnt á friðarsamkomu á þeim dögum ef marka má blogg Stefáns Pálssonar, formanns Samtaka hernaðarandstæðinga. Formaðurinn er nefnilega dyggur aðdáandi sjónvarpsþáttanna Lífsháska, sem eru einmitt á dagskrá á mánudagskvöldum, og vill ógjarnan missa af þeim. Stefán er þannig mögulega fyrsti friðarsinni heims sem tekur Lífsháska fram yfir frið.



### Af krossaáhengingum

Eiríkur Jónsson rifjar á síðu sinni upp að forseti Íslands hafi sæmt Sigurð Einarsson í Kaupþingi riddarakrossinum fyrir forystu í íslensku útrásinni. Eiríkur spyr hvort ekki þurfi að taka krossana af forsetanum.

Það leiðir hugann að orðum Magnúsar Kjartanssonar heitins, ritstjóra Þjóðviljans og þingmanns. Magnús skrifaði eitt sinn um páska, en þá hafði forseti veitt Vilhjálmi Þór riddarakross: „Eitt sinni hengdu menn glæpamenn á krossa um páska, en nú hengja þeir krossa á glæpamenn."

bergsteinn@frettabladid.is

# Mærin Zohra



**EINAR MÁR JÓNSSON**

**Í DAG** | Barneignir stjórnmálamanna

Skömmu eftir áramót sögðu franskir fjölmiðlar frá því að dómsmálaráðherrann, hin glæsilega Rachida Dati, hefði eignast dóttur, sem nefnd hefði verið Zohra (það þýðir „blóm" á arabísku), og hefði hún verið tekin með keisaraskurði, en móðirin var 43 ára. Þessi tíðindi komu ekki á óvart, dómsmálaráðherrann hafði skýrt frá því áður að hún væri barni aukin en myndi ekki skýra frá faðerni afkvæmisins; hún bætti því við að einkalíf hennar væri „flókið".

Rachida Dati hafði þá lengi verið ofarlega í fréttum, hún hafði einstakt lag á að reita til reiði þá sem hún var sett yfir, sem sé alla dómara landsins. Þetta stafaði ekki síst af því hvernig hún átti til að boða með brauki og bramli óvinsælar breytingar á kerfinu og reyna svo að keyra þær í gegn án þess að skeyta hið minnsta um mótmæli sem gátu orðið hávær. Í rauninni var hún þó ekki að gera annað en framkvæma stefnu sem ákveðin hafði verið í forsetahöllinni og verður að skrifast á reikning Sarkozys, en stíllinn var hennar eigin, hún var orðhákur og yfirlýsingaglöð. Um nokkurt skeið hafði hún þó verið kvittur á kreiki að forsetanum fyndist hún ganga of langt og því væri ráðherrastóllinn orðinn valtur. Hún var þó orðin slík fjölmiðlastjarna á sinn hátt, og tákn þar að auki, hún er kona af norðurafrískum uppruna, að erfitt var að hrófla við henni. En blaðamenn fylgdust með henni að staðaldri.

Þegar tilkynnt var um væntanlega barneign hennar létu fréttamenn hana þó í friði, þeir tóku það sem hún sagði gott og gilt og birtu án frekari skýringa; enginn fór að velta því fyrir sér hver kynni að eiga barnungann. Þannig fylgdu þeir þeirri ófrávíkjanlegu reglu franskra blaðamanna að einkalíf stjórnmálamanna komi engum við nema þeim einum, þeir eigi að hafa það í friði hvort sem það er flókið eða einfalt.

En einungis fimm dögum eftir keisaraskurðinn var Rachida Dati mætt glaðbeitt á ríkisstjórnarfundi, og þá var fjandinn laus: hvers vegna er hún komin á ról svo snemma? spurðu landsmenn og blaðamenn urðu að taka undir það, er þetta ekki vont fyrir hana og barnið? Sumir undruðust þennan fítonskraft en álitu samt að of langt væri gengið.

Ýmsir urðu til að verja Rachidu Dati, ekki síst konur sem staðið hafa framarlega í stjórnmálum. Þær álitu að kona í slíkri stöðu ætti að vera frjáls til að hegða sér eins og hana lysti við slíkar kringumstæður, hún ætti að ganga að stjórnmálum alveg eins og karlmenn og fá að láta þau sitja í fyrirúmi fyrir sviptingum einkalífsins ef henni sýndist svo. Það að hún skyldi mæta á ríkisstjórnarfundi svo fljótt eftir barnsburðinn væri einungis merki um kvenfrelsi og jafnrétti, merki um að konur væru ekki lengur feimnar við að gangast við því að þær gætu sóst eftir völdum En aðrir spurðu lævíslegrar spurningar: var dómsmálaráðherrann í rauninni svo „frjáls"? Nú síðast tilkynnti Sarkozy einmitt með brauki og bramli mjög róttækar breytingar á frönsku réttarkerfi, og þá hefði sæti Rachidu Dati verið autt, ef hún ekki mætt ófórvarandis til starfa. Hefði forsetinn nú ekki gripið tækifærið í fjarveru Rachidu Dati vegna barnsburðar, spurðu þeir svo, og reynt að losa sig við hana með lagni? Hún varð að mæta snarlega til vinnu ef hún vildi ekki missa af jobbinu fyrir fullt og allt, og af öllu var ljóst að það vildi hún ekki.

Í þessum anda fór nú mjög að hvína í nösum framákvenna um allt land, og í kjölfar þess birtust heilar fimm síður um málið í dagblaðinu „Libération". Þessar raddir söguðu að með framkomu sinni væri Rachida Dati að gera konum mikið ógagn. Það hefði kostað harða baráttu að fá rétt á barnsburðarleyfi fyrir konur, í blóra við vinnuveitendur. Því var spurt hvort þetta fordæmi yrði ekki notað til að vega að þessum réttindum, kannske gera reglurnar sveigjanlegri í nafni „frelsisins" og fara svo að beita konur þrýstingi og vafalaust hótunum. Ein framákona úr samtökunum „Varðtíkurnar", sem fylgjast grannt með réttindamálum, spurði jafnvel: „Vilja menn hverfa aftur til þriðja áratugarins, þegar tuttugu af hundraði verkakvenna ólu börn sín í verksmiðjunum?"

En þessi dugnaður dómsmálaráðherrans reyndist þó skammgóður vermir. Sarkozy fann fljótt annað ráð til að bola henni burt; hann setti hana á framboðslista í kosningunum til Evrópuþings næsta vor, en þá verður hún að fara úr stjórninni. Þannig verður hún væntanlega í útlegð næstu árin, í stofnun sem enginn tekur alvarlega en er notuð sem n.k. forgyllt ruslakompa fyrir stjórnmálamenn sem einhverjir vilja losa sig við.

# Burt með verðtrygginguna

**UMRÆÐAN**

Verðtrygging



**SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR**

Á landsfundi Samfylkingar var samþykkt tillaga mín, þess efnis að „leitað verði sanngjarnra leiða til að skipta ófyrirséðu tjóni milli lántakenda og lánveitenda vegna efnahagshrunsins og hækkunar verðtryggðra lána því samfara".

Óumdeilt er að efnahagshrunið var ófyrirsjáanlegt fyrir allan almenning. Með samþykkt tillögunnar er viðurkennt að heimilin hafa réttmætta kröfu á lánveitendur um þátttöku í ófyrirsjáanlegri hækkun verðtryggðra lána sem rekja má til efnahagshrunsins. Verðbólguskotið sem efnahagshruninu fylgdi hafði ekkert með þenslu og aukinn kaupmátt í samfélaginu að gera. Um er að ræða ófyrirséð tjón vegna hruns á íslensku krónunni, sem eðlilegt er að skipta á milli lántakenda og lánveitanda.

Fyrst er að skilgreina tjónið, síðan finna bestu leiðina til að skipta því. Einn möguleikinn er að leiðrétta eða endurstilla vísitöluna. Einnig er hugsanlegt að afskrifa hluta tjónsins af höfuðstóli lána yfir nokkurra ára tímabil til að milda höggið fyrir lánastofnanir. Margar fleiri hugmyndir hafa komið fram um hvernig hægt er að útfæra slíka leiðréttingu. Mikilvægt er að sátt geti náðst um þá leið sem valin er og án yfirboða.

Hins vegar er rétt að hafa í huga að þrátt fyrir að leið verði fundin til að minnka þennan skaða verður að finna varanlega leið út úr verðtryggingunni. Mikilvægt er að horfast í augu við það að á meðan gjaldmiðill landsins er óútreiknanleg örmynt verða lánaviðskipti ekki eðlileg. Okkur er þá nauðugur einn kosturinn að halda verðtryggingunni, ellegar búa við mjög hátt vaxtastig eða takmarkað framboð á lánsfjármagni.

Samfylkingin er eini flokkurinn sem hefur raunhæf framtíðaráform um hvernig hægt er að losna við verðtrygginguna, með því að stefna að aðild að myntbandalagi Evrópu. Þannig hyggst Samfylkingin ekki aðeins leita sanngjarnra leiða til að skipta því tjóni sem nú blasir við heimilum landsins, heldur losa þau fyrir fullt og fast við verðtrygginguna með aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




# 20%
afsláttur
til sunnudags

Dömudeild | GERRY WEBER
PART TWO

Herradeild | PETERWERTH







DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



*Ástkær sambýlismaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og vinur,*

**Sigurbjörn Ófeigur Hallgrímsson**

húsasmíðameistari, Hólagötu 9, Vestmannaeyjum,

lést föstudaginn 27. mars síðastliðinn á gjörgæsludeild Landspítalans. Útför hans fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum þann 7. apríl nk. klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeir sem vilja leggja fjölskyldunni lið er bent á Framtíðarsjóð fjölskyldunnar 582 14 400877, kt. 620201 2430.

**Hafdís Óskarsdóttir**
**Hallgrímur Óskarsson** **Sólrún Sigurbjörnsdóttir**
**Eiður Aron Sigurbjörnsson**
**Theodór Sigurbjörnsson**
**Marteinn Sigurbjörnsson**
**Sunna Sigurjónsdóttir** **Ólafur Kristján Guðmundsson**
**Sandra Sigurjónsdóttir** **Ágúst Grétar Ágústsson**
**Bjarki Sigurjónsson** **Ásthildur Hannesdóttir**
**Kristinn Skæringur Sigurjónsson**
**Þórir Sigurjónsson**
**Gunnar Ingi Gíslason** **Auður Ásgeirsdóttir**



*Ástkær eiginmaður, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Valdimar Þórðarson,**

húsasmíðameistari, Heiðarvegi 4, Selfossi,

lést þriðjudaginn 17. mars. Útförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 4. apríl kl. 13.30.

**Helga Jóhannesdóttir**
**Jónína Valdimarsdóttir** **Guðmundur Baldursson**
**Björgvin Þ. Valdimarsson** **Sigríður Magnea Njálsdóttir**
**Guðrún Valdimarsdóttir** **Sigurður Bragason**
**Magnea Kristín Valdimarsdóttir** **Sigurður Rúnar Sigurðsson**
**Björk Valdimarsdóttir**
**Oddný Magnúsdóttir** **Emil Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Harry Sönderskov**

járnsmiður,

lést á Sólvangi Hafnarfirði föstudaginn 27. mars. Útför hans fer fram frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 3. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartaheill.

**Gunnar Harrysson** **Ósk G. Hilmarsdóttir**
**Helgi S. Harrysson** **Guðbjörg Hákonardóttir**
**Bjarki Már Gunnarsson** **Ólöf Karen Sveinsdóttir**
**Sigríður Linda Kristjánsdóttir** **Sveinn Snorri Sighvatsson**
**Ástþór Helgason** **Hildur Erlingsdóttir**
**Guðbjörg Helgadóttir** **Viðar Ottó Brink**
**Árný Helgadóttir** **Stefán Jarl Martin**
**Díana Alma Helgadóttir**
**Vera Helgadóttir**
**og langafabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jónína Guðjónsdóttir**

Nausti, Þórshöfn,

lést laugardaginn 28. mars. Útförin fer fram frá Þórshafnarkirkju fimmtudaginn 2. apríl kl. 14.00. Þeir sem vilja minnast hennar láti Dvalarheimilið Naust njóta þess.

**Guðjón Davíðsson** **Anna Eymundsdóttir**
**Þórdís Davíðsdóttir** **Hafsteinn Steinsson**
**Oddný Suarez** **William Suarez**
**Jón Davíðsson** **Sigríður Bjarnadóttir**
**Sigurjón G. Davíðsson** **Erla Jóhannesdóttir**
**Steinunn B. Björnsdóttir** **Halldór K. Jakobsson**
**Jónína M. Davíðsdóttir** **Einar Ólafsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fjóla Bjarnadóttir**

Kirkjuvegi 5, Keflavík,

verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 3. apríl kl. 14.00.

**Stefán Haraldsson** **Svanhildur Kjær**
**Guðrún Haraldsdóttir** **John Bridger**
**Kristín Hrund Davíðsdóttir**
**Fjóla Íris Stefánsdóttir**
**Sunna Bridger**
**Inga Bryndís Stefánsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Áslaug Jóna Ólsen Jóhannsdóttir**

Kópavogsbraut 1a (áður Hlégerði 11), Kópavogi,

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 3. apríl klukkan 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sunnuhlíð.

**Gréta Björk Jóhannesdóttir** **Þórhallur Frímannsson**
**Edda Ösp Jóhannesdóttir**
**Guðjón Reynir Jóhannesson** **Gyða Halldórsdóttir**
**Kristján Jóhannesson** **Eyrún Jónsdóttir**
**Helga Jóhannesdóttir** **Örn Jónasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Árni Lárusson**

Lindarsíðu 4, Akureyri, áður Hvammi, Dalvík,

lést á Kjarnalundi Akureyri fimmtudaginn 26. mars. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 3. apríl og hefst athöfnin kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en bent á líknarstofnanir.

**Jóhann Páll Árnason** **María Jansdóttir**
**Guðmundur Árnason** **Snjólaug Gestsdóttir**
**Óskar Þór Árnason** **Elísabet Hallgrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður, faðir, afi og langafi,*

**Sveinn Þórðarson**

frá Skógum Mjóafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu í Neskaupstað laugardaginn 28. mars. Jarðsett verður frá Norðfjarðarkirkju mánudaginn 6. apríl kl. 14.00.

**Ólöf Ólafsdóttir**
**Björgvin Sveinsson** **Rósa Benediktsdóttir**
**Þórður Sveinsson** **Karen Kjartansdóttir**
**Heiðar Sveinsson**
**Auður Sveinsdóttir** **Þorgils Arason**
**Sigurður Sveinsson** **Brynhildur Sigurðardóttir**
**Sjöfn Magnúsdóttir** **Magnús Herjólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín og móðir,*

**Sigríður Kristjánsdóttir,**

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 24. mars, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 2. apríl kl. 13.00.

**Guðmundur Bergsson**
**Páll Sveinn Guðmundsson**
**og fjölskylda.**

**HELENA RUBINSTEIN LÉST ÞENNAN DAG 1965.**

*„Karlmenn eru alveg jafn hégómlegir og konur, og stundum jafnvel hégómlegri.“*

***Helena Rubinstein var pólsk-amerísk að uppruna. Hún setti á fót fyrirtæki í eigin nafni sem framleiddi snyrtivörur en snyrtivöruiðnaðurinn gerði hana að einni ríkustu konu heims. Hún lést 94 ára að aldri.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS: HEFUR GE

# Saga íslenskra

Tímaritið Húsfreyjan hefur komið út í sextíu ár. Kvenfélagasamband Íslands hefur staðið að útgáfunni frá fyrsta degi og hafa efnistök blaðsins snúist um konur, fyrir konur frá upphafi. Haldið var upp á tímamótin síðastliðinn fimmtudag.

„Við komum saman á Hallveigarstöðum konur sem hafa starfað við Húsfreyjuna og ýmsir velunnarar hennar gegnum árin,“ segir Kristín Linda Jónsdóttir, bóndakona og ritstjóri Húsfreyjunnar til síðustu fimm ára. Hún segir efnistök Húsfreyjunnar hafa haldist tiltölulega óbreytt í áranna rás. Í hverju blaði eru viðtöl og föst umfjöllun um handverk, mat og almennar ráðleggingar um heimilishald. Húsfreyjan endurspeglar því tíðaranda síðustu sex áratuga hvað varðar sögu íslenskra kvenna, matarvenjur þjóðarinnar og tísku.

„Húsfreyjan hefur alltaf tekið viðtöl við konur í samtímanum um það sem brennur á þeim og hvað þær eru að fást við. Við tölum við konur alls staðar af landinu og úr öllum stéttum. Þetta eru ekki endilega viðtöl við frægar eða þjóðþekktar konur og því má segja að þetta sé breiðari þverskurður en sést í mörgum tímaritum,“ segir Kristín Linda. „Í nýjasta tölublaðinu er talað við konu sem vinnur við safn á Kópaskeri og við kúabónda í Húnavatnssýslu og kennara á Selfossi. Þetta eru hversdagshetjur en Húsfreyjan leggur áherslu á að viðmælandinn hafi frá einhverju jákvæðu að segja sem við hinar getum speglað okkur í og nýtt í okkar eigin lífi. Viðmælendur mínir segja gjarnan að þær hafi frá engu merkilegu að segja en ég segi að líf þeirra sé forsíðufrétt. Því þegar við förum að spjalla þá hafa þessar konur allar upplifað eitthvað sérstakt til að segja frá.“

Kristín Linda ritstýrir blaðinu og er jafnframt eini fastráðni blaðamaðurinn. Auk hennar sjá Ásdís Birgisdóttir textílhönnuður og Áslaug Traustadóttir heimilisfræðikennari um fasta þætti og Leiðbeiningastöð heimilanna gefur ráðleggingar um heimilishald og segir fréttir af starfi Kvenfélagasambandsins. Kristín Linda



*Elsku hjartans móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðný Guðmundsdóttir**

frá Svanhól, Vestmannaeyjum, síðast til heimilis að Ljósheimum Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sunnudaginn 22. mars. **Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 3. apríl 2009 klukkan 13.30.** Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Hjartavernd.

**Þórdís Bjarney Jóhannsdóttir** **Helgi Hermansson**
**Hrafnhildur Jóhannsdóttir** **Ólafur Bachmann**
**Sigurður Hilmir Jóhannsson** **Guðbjörg Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Útför okkar einstaka og ástkæra bróður, föður, tengdaföður, barnsföður og frænda,*

**Sigurðar Jóhannssonar,**

verður gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 3. apríl nk. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á SOS-barnaþorp.

**Wincie Jóhannsdóttir**
**Jóhann Tómas Sigurðsson** **Jóhanna Jakobsdóttir**
**Ingibjörg Birta Sigurðardóttir**
**Björg Bjarnadóttir**
**Kristófer Dignus Pétursson** **María Heba Þorkelsdóttir**
**börn og barnabörn.**





# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Græna prentsmiðjan
Guðjón Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 1. apríl 2009 – 13. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 Vísir

**Orð í belg**
Um afnám verðtryggingar og hafta 6





**Hryðjuverkin trufluðu**
Einkavæðingin fór út af sporinu 2

**Vikuleg vefráð**
Er vefsíðan leitarvélarvæn? 6



## Áfram fundað um IceSave

Hreinskiptnar og uppbyggilegar viðræður um óleyst úrlausnarefni og tvíhliða samskipti Íslands og Bretlands áttu sér stað á fundi Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra og Davids Miliband, utanríkisráðherra Breta, í London í gær, að því er segir í tilkynningu.

„Ráðherrarnir sammæltust um að ljúka viðræðum vegna IceSave, með öðrum hlutaðeigandi aðilum, á ásættanlegan hátt fyrir báðar þjóðir, eins fljótt og kostur er. Viðræðunefndir undir forystu fjármálaráðuneyta þjóðanna munu fylgja fundi utanríkisráðherranna eftir,“ segir þar jafnframt. - óká

## Unnið úr tillögum Jännäris

Stofnaður verður starfshópur til að vinna úr tillögum Kaarlos Jännäris, finska bankasérfræðingsins sem á mánudag kynnti skýrslu um reglur og eftirlit með bankastarfsemi hér.

Fjallað var um skýrsluna á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun. Tillögur til úrbóta í skýrslunni eru í átta liðum. „Ríkisstjórnin fagnar vinnu Jännäris og hefur ákveðið að skipa starfshóp til að vinna úr ábendingum hans svo hrinda megi skynsamlegum tillögum í framkvæmd sem fyrst. Hópurinn verður skipaður fulltrúum þriggja ráðuneyta og á að skila ríkisstjórn tillögum eigi síðar en 15. apríl,“ segir í tilkynningu forsætisráðuneytisins. - óká

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Djúpt á bjartsýni |** Talnafræðingar hafa vart merkt meiri svartsýni í væntingum neytenda til efnahagslífsins en í nýjustu gögnum bandaríska viðskiptaráðsins, sem birtar voru í gær. Væntingavísitalan vestanhafs stendur nú í 26 stigum og hefur ekki verið lægri frá 1967.



**Frakkar hóta |** Christine Lagarde, fjármálaráðherra Frakklands, hótaði því í gær að skrifa ekki undir ályktun af fundi tuttugu stærstu iðnríkja heims um næstu helgi verði reglur ekki hertar um starfsemi fjármálafyrirtækja. Frakkar vilja harðari reglur en Bretar og Bandaríkjamenn.

**Líkur á þroti |** Líkurnar á því að bandaríski bílarisinn General Motors aki fram af gjaldþrotabarminum eru nú meiri en áður, að mati Rick Wagoners. Wagoner hefur um árabil verið forstjóri bílaframleiðandans en var látinn taka poka sinn í vikubyrjun.

**Ódýr skýjakljúfur |** Tvö bandarísk fyrirtæki tryggðu sér hæsta skýjakljúf Boston-borgar í Bandaríkjunum á uppboði í gær. Byggingin heitir The John Hancock Tower og verða hæðirnar 60. Kaupverðið nemur 660 milljónum dala, jafnvirði 7,3 milljarða íslenskra króna.

# Útvaldir fengu 75 milljarða króna

Bankaráðsmenn LÍ og félög þeim tengdum fengu 40 milljarða á fyrri hluta síðasta árs. Unnið er að innheimtu krafna.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Bankaráðsmenn Kaupþings og Landsbankans og félög þeim tengdum fengu 42 milljarða króna að láni frá bönkunum á fyrri helmingi síðasta árs. Eigið fé bankans á sama tíma nam 200 milljörðum króna.

Bankaráðsmenn Landsbankans og félög tengd þeim fengu hæstu lánin, fjörutíu milljarða króna, á þessu sex mánaða tímabili. Kaupþing veitti sínum mönnum og félögum sem þeir tengdust 2,4 milljarða á sama tíma. Öðru máli gegnir um kollega þeirra hjá Glitni en þar höfðu menn og félög tengd þeim greitt til baka 5,2 milljarða frá áramótum.

Heildarkrafan á hendur bankaráðsmönnum gömlu bankanna og félaga þeim tengdum, að undanskildum 207 milljón evrunum, hljóðar upp á 117 milljarða króna.

Í niðurstöðum skýrslu sem finnski bankasérfræðingurinn Kaarlo Jännäri vann um reglur og framkvæmd á eftirliti með fjármálafyrirtækjum (hjá Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu) er fjallað um þessa þætti; stórar áhættuskuldbindingar, viðskipti við tengda aðila, krosseignarhald og hæfi eigenda og stjórnenda fjármálafyrirtækja.

Bent er á að erfitt hafi verið fyrir Fjármálaeftirlitið að hafa eftirlit með viðskiptum banka við tengda aðila vegna flókins eignarhalds.

Kröfur á hendur bankaráðsmönnum gömlu bankanna og félaga þeim tengdum eru enn lifandi þrátt fyrir bankahrunið í haust. Þær skiptast á bæði gömlu og nýju bankana. Lán til félaga sem eru tengd bankaráðsmönnum en skráð erlendis liggja í búi gömlu bankanna en kröfur á innlend félög sitja í þeim nýju. Unnið er að innheimtu krafna og verður leitað allra leiða til að hámarka heimtur, að sögn Árna Tómassonar, formanns skilanefndar Glitnis. Sjá síður 4-5.

## Bakkavör tapar þriggja ára hagnaði

Bakkavör Group tapaði 154,2 milljónum punda, jafnvirði 27 milljarða króna á núvirði, á síðasta ári samanborið við 47,4 milljóna punda hagnað í hittiðfyrra. Þetta jafngildir því að fyrirtækið sjái á eftir hagnaði síðustu þriggja ára á undan.

Stærstur hluti tapsins, 98,5 milljónir punda, féll til á fjórða ársfjórðungi í fyrra. Í hittiðfyrra nam hagnaðurinn á sama fjórðungi 10,4 milljónum punda.

Mestu munar um einskiptikostnaði upp á 177 milljónir króna í seinni hluta árs, svo sem vegna taps tapi á fjárfestingum í írska samlokuframleiðandanum Greencore auk kostnaðar við hagræðingu.

Velta félaga Bakkavarar nam 1,6 milljarði punda á síðasta ári, sem er tíu prósenta aukning frá í hittiðfyrra. Á fjórða ársfjórðungi einum nam velta 412 milljónum punda, sem jafngildir ellefu prósenta aukningu.

Í uppgjöri Bakkavarar í gær kom fram að fjármögnun rekstrarfélaga sé að fullu tryggð til 2012. Handbært fé frá rekstri fyrir skatta og vexti nam 45,7 milljónum punda. - jab








Eitt uppgjör – betri yfirsýn

Nýttu kosti þess að hafa allt á einum stað.
**Hafðu samband við okkur í síma 560 1600**
eða tilbod@borgun.is og við gerum þér tilboð
í færsluhirðingu fyrir öll greiðslukortaviðskipti.

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

MasterCard Maestro VISA VISA ELECTRON JCB Diners Club International

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | 0,0% | -21,4% |
| Bakkavör | -3,6% | -45,8% |
| Eimskipafélagið | 0,0% | -20,0% |
| Föroya Bank | 2,5% | 0,0% |
| Icelandair | 0,0% | -47,4% |
| Marel | -0,4% | -42,2% |
| Össur | -7,4% | -10,0% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn
Úrvalsvísitalan OMXI15 217
Úrvalsvísitalan OMXI6 639*

# Vildu láta sölu SPRON bíða

Skilanefnd SPRON ber að fullu ábyrgð á þeirri óvissu sem nú ríkir hjá viðskiptavinum SPRON, að mati Nýja Kaupþings. Í tilkynningu bankans kemur fram að allt frá því beiðni kom frá stjórnvöldum um að hann tæki við innlánum viðskiptavina SPRON og Nb.is hafi honum verið umhugað um að viðskiptavinir SPRON yrðu fyrir sem minnstum óþægindum.

„Innistæðurnar sem færðust yfir í Nýja Kaupþing að beiðni stjórnvalda eru í raun skuld bankans við viðskiptavini SPRON. Þar sem innistæður eru forgangskröfur eru allar eignir SPRON að veði fyrir þeirri skuldbindingu sem Nýja Kaupþing tók yfir. Nýja Kaupþing hefur því talið nauðsynlegt að búið væri að ganga formlega frá skuldabréfi vegna innistæðna áður en farið væri að huga að sölu eigna SPRON. Skilanefnd SPRON hefur ekki virt þessi tilmæli frá bankanum,“ segir í tilkynningunni, en MP banki hefur keypt netbanka og útibúanet SPRON á 800 milljónir króna.



**EFTIR LOKUN** Starfsfólk SPRON við Skólavörðustíg á fundi skömmu eftir að isjóðurinn var tekinn yfir. MARKAÐURINN/GVA

Í tilkynningu Nýja Kaupþings kemur jafnframt fram að bankinn hafi ráðið til sín á annan tug starfsmanna SPRON til þess að sinna þeim verkefnum sem bankinn hafi verið beðinn um að sinna. - óká

# Vatnið á Skotaleiknum

„Allt sem við gerum tengist Íslandi á einn eða annan hátt,“ segir Jón Ólafsson, stjórnarformaður átöppunarfyrirtækisins Icelandic Water Holdings. Fyrirtækið hefur keypt auglýsingu á leik Skota og Íslendinga í undankeppni fyrir HM 2010 sem fram fer á Hamden Park í Glasgow í Skotlandi í dag.

Fyrirtækið framleiðir vatn á flöskum undir merkjum Icelandic Glacial. Í auglýsingunum verður lögð áhersla á að vatnið sé það fyrsta sem hlotið hafi viðurkenningu The CarbonNeutral Company fyrir algera kolefnisjöfnun. - jab

# Sprotarnir kynna sig

„Við erum ekki endilega að leita að fjármagni en erum opin fyrir því,“ segir Ásta Kristjánsdóttir, einn eigenda tískuvörumerkisins E-label.

Fyrirtækið, sem hefur verið í örum vexti, mun ásamt níu öðrum sprotafyrirtækjum kynna vörur sínar og viðskiptaáætlanir fyrir fjárfestum á sprotaþingi Seed Forum á föstudag. Hin fyrirtækin níu eru með einum eða öðrum hætti tengd afþreyingaiðnaðinum.

Tuttugu fjárfestar höfðu skráð sig á sprotaþingið í gær og hafa þeir aldrei verið fleiri, að sögn Eyþórs Ívar Jónssonar, framkvæmdastjóra Seeed Forum á Íslandi.

E-label var stofnað síðla árs 2007 og hóf sölu á sérhönnuðum fatnaði á netinu. Ásta segir söluna hafa gengið mjög vel í rúmt ár. Fyrirtækið hefur leitað fyrir sér í Bretlandi og Ásta, sem nú er stödd Lundúnum, ræddi í vikubyrjun við forsvarsmenn verslanakeðjunnar Topshop um sölu á fötum þar. Mörg hundruð nýir hönnuðir víða um heim sækja um að koma fatnaði sínum í verslanir Topshop í viku hverri en aðeins brot þeirra nær árangri. „Við erum að fara á fund, það er frábært að komast að,“ segir Ásta. - jab



**ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR**

# Verklagsreglum ýtt til hliðar eftir hryðjuverk

## Áhugaleysi erlendra banka á Íslandi eftir hryðjuverkaárásir í Bandaríkjunum haustið 2001 varð til þess að verklagi einkavæðingar var breytt. Erlendum bönkum ekki hafnað.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Áhugaleysi virtra erlendra fjármálafyrirtækja á fjárfestingum á Íslandi í einkavæðingarferli bankanna kemur ekki á óvart að mati Kaarlos Jännäris, finnska bankasérfræðingsins sem í byrjun vikunnar kynnti skýrslu um íslenskt fjármálaeftirlit.

Í kafla um bakgrunn bankakrísunnar fjallar Jännäri um einkavæðingu bankanna. Hann segir bagalegt fordæmi hafa verið búið til þegar Samson, fjárfestingarfélagi Björgólfsfeðga, hafi verið heimilað að kaupa 45 prósenta hlut í Landsbankanum og þar með horfið frá fyrirætlunum um dreifða eignaraðild. „Ákvörðunin var mestanpart pólitísk. Sem dæmi var Fjármálaeftirlitið ósátt við niðurstöðuna og veitti ekki samþykki sitt, snemma árs 2003, fyrr en eftir langa yfirlegu. Sama átti við um kaup „S-hópsins“ á Búnaðarbankanum,“ segir í skýrslu Jännäris.

Í skýrslunni segir Jännäri smæð landsins, sveiflukennt og lokað hagkerfi með krónuna sem gjaldmiðil hafa fælt erlenda banka frá. „Engu að síður virðist sem að minnsta kosti einn virtur banki hafi sýnt íslenska markaðinum áhuga, en verið hafnað, líklega vegna verndarsjónarmiða,“ segir í skýrslunni.

Hreinn Loftsson, sem var formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu 1992 til 2002 kannast ekki við að erlendum banka hafi verið hafnað í einkavæðingarferlinu. „Vera má að þarna sé blandað saman atburðum sem áttu sér stað 1998 þegar Enskilda bankinn sænski vildi fá að kaupa Landsbankann,“ segir hann. Þegar viðræðum við Enskilda og Íslandsbanka um kaup á Landsbankanum var slitið í ágústlok 1998 sagði Finnur Ingólfsson, þá viðskiptaráðherra, að „ekki væri rétti tíminn til að selja“ og kynnti nýja stefnumótun um sölu bankanna.

Hreinn Loftsson segir að eftir að nefndinni hafi verið falin umsjón með sölu bankanna hafi HSBC verið falið að veita henni ráðgjöf um framkvæmdina. Síðsumars 2001 hófst síðan hinn eiginlegi söluferill, en árásirnar á tvíburaturnana í New York í Bandaríkjunum 11. september það ár hafi sett strik í reikninginn. „Við það dó allur áhugi erlendis, en HSBC hafði unnið að því að finna samstarfsaðila sem hefði reynslu, kunnáttu og getu til þess að stýra stærstu bönkum landsins. Eftir því sem leið fram á haustið og fram í desember urðu menn úrkula vonar um að flötur væri á því að fá hér inn erlenda aðila,“ segir Hreinn. Viðræður hafi átt sér stað við að minnsta kosti tvo banka, en þegar á hólminn var komið reyndist ekki áhugi fyrir hendi. Rétta leiðin segir hann að hefði verið að fresta fyrirætlunum um sölu um eitt til þrjú ár þar til markaðir næðu sér á strik aftur. Í staðinn hafi verið tekin pólitísk ákvörðun um að ganga til viðræðna við Samson um kaup á ráðandi hlut í Landsbankanum.

„Áhugi sænska bankans 1998 tel ég hins vegar að hafi orðið til þess að farið var í formlegt ferli þar sem leitað var að aðilum sem áhuga hefðu og þeim gefinn kostur á að senda inn tilboð, en þó ekki í allan bankann því gefa átti almenningi færi á að eiga hlut. Menn vildu vanda sig við þetta og gæta þess að fá ekki á sig ákúrur um að hafa afhent einhverri sænskri auðfjölskyldu einn helsta banka landsins á silfurfati.“

Hreinn segir sama eiga við um Samson og S-hópinn að hvorugur hafi í raun uppfyllt þau skilyrði sem gera hafi átt til kjölfestufjárfestis í íslensku bönkunum. „S-hópurinn með fyrrverandi viðskiptaráðherra og seðlabankastjóra frá því skömmu áður innanborðs uppfyllti vitanlega ekki skilyrði sem gerð eru til kaupenda banka og það gerði Samson ekki heldur, sem var ekki með nokkra reynslu af bankarekstri. En þarna fór allt ævintýrið af stað, eftir að horfið var frá ákvörðun framkvæmdanefndarinnar um að fresta sölu bankanna.“

# Græða þrátt fyrir samdrátt í sölu

Bílaframleiðandinn Porche hefur tilkynnt um stórkostlega hagnaðaraukningu á mánuðunum sex fram til janúarloka. Aukningin er til komin vegna eignarhlutar fyrirtækisins í Volkswagen Group.

Í frétt Ríkisútvarpsins breska (BBC) kemur fram að hagnaður félagsins á tímabilinu nemi 5,5 milljörðum evra, eða sem nemur 896 milljörðum íslenskra króna. Er það fjórum sinnum meira en á sama tíma ári fyrr.

Hagnaðaraukningin er til komin vegna mikillar hækkunar á verði hlutabréfa Volkswagen, en Porche á 50 prósenta hlut í félaginu. Tölurnar breiða þar með yfir fjórðungssamdrátt í bílasölu Porche, en félagið hefur bent á þá staðreynd að falli verð bréfa Volkswagen þá falli sömuleiðis hagnaðartölur Porche. Félagið tryggði sér fyrir um viku 10 milljarða evra lán til að auka við hlut sinn í Volkswagen. - óká





# Verðmat á áætlun

Verðmat endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte Touche á efnahagsreikningi nýju bankanna er á áætlun, samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu.

Stefnt var að því að skila verðmatinu inn í síðasta lagi í gær. Við tekur skoðun breska fjármálafyrirtækisins Olivers Wyman á verðmatinu og mun það birta endanlegt verðmat á efnahagsreikningi nýju bankanna um miðjan mánuðinn.

Þegar verðmati lýkur munu bankarnir gefa út skuldabréf til gömlu bankanna í skiptum fyrir eignir. - jab

# Nýtt félag stofnað um víðtæka ráðgjöf

## Nýstofnað félag, Capacent Glacier, veitir ráðgjöf á sviði fjármála, sjávarútvegs og jarðvarma.

Capacent Glacier heitir nýtt ráðgjafarfyrirtæki með átján starfsmenn sem einbeitir sér að fjármálaráðgjöf hér innanlands og ráðgjöf á sviði sjávarútvegs og jarðvarma á erlendri grundu.

Tilkynnt var um stofnun félagsins í gær, en í því er sögð koma saman margra ára reynsla starfsmanna Capacent á sviði fjármálaráðgjafar og þekking og tengsl fyrrum starfsmanna Glitnis í ráðgjöf til alþjóðlegra fyrirtækja í sjávarútvegi og jarðvarma. Félagið á svo samstarf við ráðgjafarfyrirtækin Glacier Partners í Bandaríkjunum og Pritchard Capital, sérhæft verðbréfafyrirtæki á orkusviði.

Capacent Glacier er með tólf starfsmenn á Íslandi og Glacier Partners með sex starfsmenn í Bandaríkjunum. Félagið er sagt að helmingi í eigu Capacent og að helmingi í eigu stjórnenda, en fyrir því fer framkvæmdastjórinn Magnús Bjarnason, sem áður bar ábyrgð á starfsemi Glitnis á sviði endurnýjanlegrar orku og sjávarútvegs. Sigurður Harðarson, sem veitt hefur fjármálaráðgjöf Capacent forstöðu, er framkvæmdastjóri rekstrar Capacent Glacier. Jón Garðar Guðmundsson ber ábyrgð á sjávarútvegsmálum og Sigurður Valgeir Guðjónsson leiðir fyrirtækjaráðgjöf félagsins.



**STARFSFÓLK CAPACENT GLACIER** Framkvæmdastjórarnir Magnús Bjarnason og Sigurður Harðarson eru vinstra megin í fremstu röð. Magnús segir mikil verðmæti felast í þekkingu og tengslum starfsmanna Capacent Glacier á sviði jarðvarma og sjávarútvegs.

Hjá Glacier Partners í Bandaríkjunum starfa meðal annars „Timothy Spanos, sem hefur 20 ára reynslu frá Bank of America, Sigurður Jón Björnsson, sem tók þátt í uppbyggingu Framtaks fjárfestingabanka og Ignacio Kleiman, sem stafað hefur fyrir Rabo Bank, Deutche Bank og JP Morgan“.

Haft er eftir Þór Elliðasyni að með samstarfi Capacent Glacier og ráðgjafareininga Capacent á Íslandi og á Norðurlöndunum verði til grundvöllur fyrir nýja þjónustu við viðskiptavini, svokallaða „one stop shop“ þjónustu. Hingað til segir hann ekkert fyrirtæki hafa getað boðið í einu upp á á þjónustu á sviði fjárhagslegar endurskipulagningar, fjármögnunar, ráðninga, markaðsrannsókna, stefnumótunar og stjórnunarráðgjafar. - óká

# YFIR 50 UPPSELDAR SÝNINGAR




# DUBBELDUSCH

eftir Björn Hlyn Haraldsson

*Dubbeldusch er tvímælalaust með bestu sýningum sem ég hef séð á sviði LA og gott ef ekki sú skemmtilegasta.*
***J.V.J. DV *******

*Sumir stóðu hreinlega á öndinni.*
***E.B. Fréttablaðið. *******

*Heildarbragur sýningarinnar er aðlaðandi og efnistökin heillandi... mjög íslenskt.*
***S.L.G. RÚV***

*Grátbrosleg skemmtun sem á sér líklega stoð í raunveruleikanum.*
***G.Á. leikhus.is *******







SÝNT Í HAFNARFJARÐARLEIKHÚSINU
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA

VesturPort

Miðasala í síma 555 2222 og á **midi.is** **www.vesturport.com**



**STJÓRNARFORMAÐUR KAUPÞINGS** Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, átti eins prósents hlut í eigin nafni í bankanum þegar ríkið tók hann yfir í fyrrahaust. MARKAÐURINN/VALLI

HB GRANDI

Aðalfundur

Aðalfundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 3. apríl 2009 í matsal fyrirtækisins að Norðurgarði, Reykjavík og hefst hann kl. 17:00.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 18. gr. samþykkta félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, viku fyrir aðalfund. Ennfremur er hægt að nálgast gögnin á vefsíðu félagsins *www.hbgrandi.is*.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 16:30.

Óski hluthafar eftir að ákveðin mál verði tekin til meðferðar á aðalfundinum, þarf skrifleg beiðni um það að hafa borist félagsstjórn með nægjanlegum fyrirvara, þannig að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Hluthafar sem ekki geta mætt á fundinn en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

**Stjórn HB Granda hf.**

FABRIKAN



**FYRRVERANDI FORMAÐUR BANKARÁÐS LANDSBANKANS** Björgólfur Guðmundsson er skráður fyrir fjölda félaga. Samson eignarhaldsfélag

# *Milljarðatugir féllu* bankaráðsmanna Lands

Bankaráðsmenn Kaupþings og Landsbankans og félög þeim tengd fengu 42 milljarða lán í bönkunum á fyrri helmingi síðasta árs. Bankaráðsmenn Glitnis voru að greiða sitt til baka þegar ríkið tók bankann yfir. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson rýndi í uppgjör gömlu bankanna og gerði tilraun til að rekja peningaslóðina.

Landsbankinn lánaði bankaráðsmönnum og félögum þeirra tæpa 40 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum síðasta árs. Við bættist skuldbinding upp á 33 milljarða króna að núvirði þremur mánuðum síðar vegna yfirtöku á kröfu í tengslum við gjaldþrot bresku ferðaskrifstofunnar XL Leisure Group. Heildarlánveitingar til bankaráðsins og félaga tengdum því námu því 83 milljörðum króna þegar ríkið tók bankann yfir í október í fyrra. Eigið fé bankans í lok júní nam 198 milljörðum króna og jafngilda lánveitingarnar því að 36 prósent af eigin fé Landsbankans hafi runnið í vasa bankaráðsins og stærsta hluthafa. Fyrir skuldaði bankaráðið 9,9 milljarða króna frá fyrra ári.

Skýringar liggja ekki fyrir því í uppgjörunum til hvaða bankaráðsmanna lánin voru veitt eða hvaða félaga sem þeim tengdust. Þó er skýrt tekið fram í uppgjörum Landsbankans að kjölfestufjárfestinum, Samson eignarhaldsfélagi, hafi ekki verið veitt lánafyrirgreiðsla.

Sömuleiðis er tekið fram í uppgjörum bankanna allra að lánin séu á sömu eða svipuðum kjörum og lán til almennra viðskiptavina bankanna.

Útlán til bankaráðsmanna hinna viðskiptabankanna námu samtals 70 milljörðum króna á sama tíma. Nánast jöfn skipting er á milli síðastnefndu bankanna. Kaupþing lánaði bankaráðsmönnum 2,4 milljarða króna á sama tíma og Landsbankamenn fengu 40 milljarða en heildarútlán til æðstu stjórnenda Kaupþings námu 36,8 milljörðum króna í júnílok. Það jafngildir átta prósentum af eiginfé bankans.

Heildarlánveitingar Glitnis til bankaráðs og æðstu stjórnenda bankans námu 33,7 milljörðum króna í á sama tíma og höfðu lækkað um 5,2 milljarða króna frá áramótum. Heildarfjárhæðin jafngilti sautján prósentum af eigin fé bankans í lok júní.

Viðbótin við lán til bankaráðs Landsbankans upp á 33 milljarða króna er 207 milljóna evra ábyrgð Samsonar eignarhaldsfélags, félags Björgólfs Guðmundssonar, stjórnarformanns Landsbankans, og Björgólfs Thors Björgólfssonar, keypti vegna gjaldþrots bresku ferðaskrifstofunnar XL Leisure Group í september í fyrra. Lánið lá í þrotabúi Samsonar, sem átti 40 prósenta hlut í Landsbankanum fram að ríkisvæðingu. Kröfunni hefur nú verið rift og fellur hún á þrotabú gamla Landsbankans.

### KRAFAN LIFANDI

Bæði nýju og gömlu bankarnir eiga kröfu á bankaráð gömlu bankanna og félög þeim tengd og er unnið að því að lán bankaráðs-



**STJÓRNARFORMAÐUR GLITNIS** Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður Glitnis, hafði setið í skamma hríð í stjórnarformannsstólnum þegar ríkið tók bankann yfir. MARKAÐURINN/PJETUR

manna verði greidd til baka með einum eða öðrum hætti.

Skipting á milli gömlu og nýju bankanna er sú sama og farið var eftir í kjölfar ríkisvæðingar bankanna í fyrrahaust en þá var bönkunum skipt upp eftir því hvort þeir voru með innlenda eða erlenda starfsemi. Þannig munu kröfur á þau eignarhaldsfélög tengd bankaráðsmönnum sem

# eldhúsdagur

EFNI BLAÐSINS

MIÐVIKUDAGUR 1. apríl 2009



**Sóun á þjóðarsameign**
**Þórður Már Jónsson**
Íslendingar nýta auðæfi sjávar ekki skynsamlega undir núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi, að mati Þórðar Más Jónssonar. Kostnaður við togaraveiðar sé of mikill auk þeirra gífurlegrar sóunar sem hlýst af brottkasti. Endurskoða þurfi kvótakerfið frá grunni og setja þjóðhagslega hagsmuni ofar hagsmunum kvótakónga.

**Bernanke og kosningatrix**
**Eygló Harðardóttir**
Fulltrúar aðgerðarleysis í samfélaginu fara mikinn við að berja niður hugmyndir um aðgerðir til aðstoðar skuldsettum heimilum og fyrirtækjum í landinu, segir Eygló Harðardóttir. En á móti megi spyrja hvað það muni kosta ef algjört kerfishrun verður hér á landi?

**Öflugt velferðarkerfi skiptir sköpum**
**Halla Gunnarsdóttir**
Vara verður við því að niðurskurður leiði til stórfelldra uppsagna innan heilbrigðisþjónustunnar og velferðarkerfisins almennt, skrifar Halla Gunnarsdóttir. Ekki nóg um að þær myndu leiða til þess lakari þjónustu heldur gæti það líka orðið mjög kostnaðarsamt fyrir þjóðfélagið til lengri tíma litið ef atvinnuleysi verður viðvarandi vandamál.

**Alheimsstríð lánardrottna**
**Dr. Michael Hudson**
Stríð geysar í heiminum, byggt á skuldafjötrum, skrifar Michael Hudson, sérfræðingur í alþjóða fjármálum. Fjárhagslegur hernaður er mun minna áberandi en hefðbundinn hernaður, því fórnarlambið gerir sér ekki einu sinni grein fyrir að verið er að ráðast á það. Afleiðingarnar eru hinsvegar þær sömu. Meðalaldur styttist, fæðingum fækkar, vinnuafl flýr land, sjálfsmorðstíðni hækkar, sjúkdómar, áfengissýki og fíkniefnaneysla aukast.



Eldhúsdagur er nýtt vikulegt fylgirit Fréttablaðsins sem leggur áherslu á umræðu og skoðanaskipti um stjórnmál og þjóðmál. Leitast verður við að birta vandaðar og upplýsandi greinar um ýmis álitamál. Leitað verður eftir sjónarmiðum valinkunnra einstaklinga auk þess sem senda má gagnorðar greinar á netfangið **greinar@frettabladid.is**


Efnahagsmál

# *Umskipti í átt að sjálfbærni*




**JEFFREY SACHS**
Nóvelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Columbia-háskóla.


Alþjóðlega fjármálakreppan mun fylgja okkur heila kynslóð – ekki bara eitt eða tvö ár – því hún felur í sér umskipti í átt að sjálfbærni. Skortur á nauðsynjavörum og áföll af völdum loftslagsbreytinga á undanförnum árum áttu þátt í að veikja stoðirnar undir hagkerfi heimsins, sem leiddi til núverandi erfiðleika.

Snarhækkandi matvæla- og eldsneytisverð, ásamt risavöxnum náttúruhamförum, grófu undan fjármálamörkuðum, kaupgetu á húsnæði og jafnvel pólitískum stöðugleika.

Með þetta í huga er nauðsynlegt fyrir bæði þróuð og þróunarlönd að marka stefnu sem miðar að því að byggja samfélagsinnviði sem hæfa 21. öldinni. Það felur meðal annars í sér skilvirkar rafveitur sem ganga fyrir endurnýjanlegri orku; þráðlaus fjarskiptakerfi; vatnsáveitur, sorphreinsun og skolpræsi sem nota og endurnýta ferskvatn á skilvirkan hátt; almenningssamgöngukerfi í og milli borga; öruggari þjóðvegi; og fjölda þjóðgarða til að tryggja líffræðilega fjölbreytni og vernda dýr í útrýmingarhættu.

Fjárfestingar af þessum toga eru nauðsynlegar til skemmri tíma til að bregðast við þeirri alþjóðlegu neyslurýrnun sem liggur að baki kreppunni. Þær eru enn fremur nauðsynlegar til lengri tíma litið, því heimur sem hýsir 6,8 milljarða manns (sem fer fjölgandi) getur ekki haldið uppi hagvexti án þess að tileinka sér sjálfbæra tækni sem nýtir takmarkaðar náttúruauðlindir á sem hagkvæmastan hátt.

### Öfugþróun

Kreppan hefur hins vegar haft þau áhrif að minna fé er sett í sjálfbærar fjárfestingar í þróunarlöndum. Þar sem aðgengi að alþjóðlegu lánsfé og fjárfestingum að utan hefur glatast eru æ fleiri verkefni sem lúta að uppbyggingu innviða sett á hakann, sem ógnar pólitískum og efnahagslegum stöðugleika í tugum þróunarlanda.

Reyndar er mikið verk óunnið í þessum efnum um allan heim. Það er kominn tími til að ráðast í samstillt, alþjóðlegt átak til að blása lífi í slík verkefni. Það er hægara sagt en gert. Flest fjárfestingaverkefni sem lúta að innviðum þarfnast milligöngu stjórnvalda til að komast að samkomulagi við einkageirann. Alla jafna þarf hið opinbera að komast að samkomulagi við einkafyrirtæki, ekki aðeins til að sjá um uppbygginguna heldur einnig til að annast reksturinn, annaðhvort sem stýrðu einokunarfyrirtæki eða með útdeilingu sérleyfa. Ríkisstjórnir skortir yfirleitt tæknilegar bjargir til að skipuleggja slík verkefni, sem opnar fyrir möguleikann á fyrirgreiðslum og spillingu, þegar stórum verktakafyrirtækjum er hyglt. Stjórnvöld þurfa líklega að sitja undir slíkum ásökunum jafnvel þótt þær séu ekki sannar, en alltof oft eru þær það.



**FRÁ HELLISHEIÐI** Greinarhöfundur segir það orðið tímabært fyrir ríki heims að ráðast í samstillt, alþjóðlegt átak til að blása lífi í verkefni sem stuðla að sjálfbærum orkugjöfum.

### Efling ráðuneyta sem snúa að innviðum

En þar sem alltof fáum verkefnum af þessum toga hefur verið komið á koppinn er allt á tjá og tundri í alþjóðlega hagkerfinu. Stórborgir heims eru stífluðar af bílaumferð og mengun. Andrúmsloftið fyllist af gróðurhúsaloftegundum vegna mikillar notkunar á jarðefnaeldsneyti. Vatnsskortur ógnar stærstu hagkerfum heims, frá Norður-Ameríku til Evrópu, Afríku, Indlands og Kína.

Ríkisstjórnir heimsins ættu því að efla þau ráðuneyti sem lúta að innviðum (þar á meðal orku, samgöngum, vatni og sorphreinsun og upplýsinga- og fjarskiptatækni) sem og þróunarbanka sína, svo hægt sé að setja á laggirnar almennileg langtímaverkefni sem snúa að uppbyggingu samfélagsinnviða. Hvernig til tekst að sporna við kreppunni með aukinni samvinnu hins opinbera og einkageirans, mun ráða miklu um afdrif viðkomandi landa eða landssvæða. Svo merkilega vill til að Bandaríkin eru í þann mund að stofna sinn fyrsta þróunarbanka.

Engu að síður eru bandarískir og evrópskir fjármálaráðgjafar almennt á þeirri skoðun að stutt og afmörkuð efnahagsaðgerðaáætlun nægi til að koma fjármálkerfinu aftur á fæturna. Þetta er rangt. Það dugar ekki minna til en allsherjar yfirhalning á hagkerfi heimsins í átt til sjálfbærni.

### Þróunarlönd mega ekki sitja á hakanum

Verra er að ráðamenn í ríkum löndum telja að þeir getið haldið áfram að vanrækja þróunarlönd eða skilja þau eftir upp á náð og miskunn alþjóðamarkaðarins komin. Þetta er uppskrift að glundroða og jafnvel djúpstæðum átökum. Þróuð ríki verða að gera mun meira til að hjálpa þróunarríkjum í átt til sjálfbærni. Flestar efnahagslegar björgunaraðgerðir hafa verið til skemmri tíma og bundnar við landsteinana. Aukin fjárframlög í þágu sjálfbærra innviða í fátækum löndum myndu skila sér aftur í hagkerfi ríkari landa.

Ríkari lönd ættu að taka höndum saman og láta talsverða fjármuni renna til þróunarlanda til að fjármagna uppbyggingu á sjálfbærum innviðum. Þetta er hægt að gera beint á tvíhliða grunni, til dæmis með langtímalánum, eða fjölhliða, með því að auka fjárfestingar í innviðum frá Alþjóðabankanum og þróunarbanka viðkomandi svæðis. Helst ætti að fara báðar þessar leiðir.

### Vonarglæta í Lundúnum

Ríkari löndin virðast heldur ekki skilja að nema til komi auknar fjárfestingar í sjálfbærum innviðum í þróunarlöndum – sérstaklega á sviði orkubúskapar – er útilokað að alþjóðasamfélagið geti komist að samkomulagi um aðgerðir vegna loftslagsbreytinga í náinni framtíð. Hinir vel stæðu ætlast til að fátæku ríkin takmarki notkun á jarðefnaeldsneyti en láta sitt eftir liggja við fjármögnun á nýjum og umhverfisvænum orkulindum. Í langflestum tillögum ríku landanna um markmið, takmarkanir, skuldbindingar og leyfi til notkunar gróðurhúsaloftegunda er vikið að því hvernig megi aðstoða fátækari ríki við að skipta yfir í vistvænni tækni.

Fundur stærstu iðnríkja heims í Lundúnum 2. apríl gefur eilitla von um viðleitni til að bregðast við alþjóðlegu hagkerfi á fallanda fæti. Þetta er staðurinn og stundin til að blása til alþjóðlegrar sóknar á sviði sjálfbærni. Ef við tökumst ekki á við þá áskorun verður heimskreppan okkur fjötur um fót í mörg ár til viðbótar.




Sjávarútvegsmál

# Sóun á sameign þjóðarinnar



ÞÓRÐUR MÁR JÓNSSON
viðskiptalögfræðingur og skipar 4. sæti á lista Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi

Undanfarin ár hafa fjölmargir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi staðið á bak við áróður um að best sé fyrir þjóðarhag að viðhaldið sé óbreyttu fiskveiðistjórnunarkerfi, sem þeir halda fram að sé það besta í heiminum. Til þess að vernda þessa hagsmuni hefur LÍÚ komið sér þægilega fyrir innan Sjálfstæðisflokksins og augljóst er af úrslitum prófkjörs þeirra í NV-kjördæmi að á því er engin breyting. Það er nauðsynlegt fyrir hagsmunaaðilana að hafa dugmikla menn inni á Alþingi til þess að verja þessa miklu hagsmuni. Í lögum um stjórn fiskveiða stendur þó að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Það er vert að spyrja sig að því hvernig kvótakóngarnir fara svo með þessa „sameign“ okkar sem þeir þó hafa haft fullt forræði yfir.

### Óhagkvæmar veiðar

Við getum tekið dæmi. Ef þorskkvótinn er nú rúm 130.000 tonn má velta því fyrir sér hver afrakstur þess er fyrir okkur sem þjóð. Svarið við því er einfalt: Við, sem þjóð, erum ekki að nýta þessa auðlind skynsamlega þrátt fyrir að kvótakóngarnir séu augljóslega að reyna að ná sem mestum afrakstri úr auðlindinni. Tökum einfalt dæmi. Ef þessi 130.000 tonn eru tekin og seld á 200 krónur kílóið þá þýðir það tekjur upp á 26 milljarða. Auðlindin, þ.e. þorskurinn, væri því 26 milljarða virði á ári upp úr sjó. Spurningin er hvernig við hyggjumst ráðstafa þessum 26 milljörðum?

Ef allri auðlindinni er ráðstafað til togaraútgerða lítur dæmið nokkurn veginn svona út: Stór togari fer með u.þ.b. 20% af aflaverðmæti (að lágmarki) í olíukostnað. Það þýðir að fara þarf út í gjaldeyriskaup til að greiða fyrir þá olíu. Þetta myndi þýða að 5,2 milljarðar af auðlindinni færi í að dekka þann kostnað. Verðmæti auðlindarinnar væri því skyndilega ekki lengur 26 milljarðar, heldur 20,8 milljarðar. Þarna er þó ótalinn sá mikli kostnaður sem fer í rándýran skipakost og viðhald sem og sligandi vaxtakostnað margra útgerðanna. Má ætla að virði auðlindarinnar fyrir þjóðarbúið minnki verulega þegar búið er að taka það inn í reikninginn.

### Nýting með minni tilkostnaði

Þá þarf aftur á móti að meta það hvort það sé mögulegt að nýta auðlindina með minni tilkostnaði. Sem dæmi um það getum við tekið handfæraveiðar smábáta. Smábátur á handfæraveiðum fer með u.þ.b. 2% af aflaverðmæti í olíukostnað. Til að setja þetta í samhengi þurfum við að gera ráð fyrir því að allur 130.000 tonna kvótinn yrði veiddur af krókabátum og að 200 krónur fengjust fyrir kílóið. Á þann hátt færu 520 milljónir í olíukaup.

> Nýtingin á þorskinum er innan við helmingur af heildarþyngd á frystitogurum en hinu er hent í sjóinn þannig að einungis verðmætasta er nýtt…

Með þessum hætti væri heildarvirði auðlindarinnar (þorsksins) því 25,5 milljarðar, eða 4,7 milljörðum hærra en það væri ef allur kvótinn yrði veiddur af stórum togurum. Ekki má gleyma því að annar kostnaður við slíkar veiðar er miklu minni og brottkast yrði lítið sem ekkert væru handfæraveiðar t.d. gefnar frjálsar ákveðinn tíma á ári. Í 7. gr. sáttagjörðar um fiskveiðistefnu Samfylkingarinnar sem samþykkt var á landsfundi nú um helgina er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að handfæraveiðar verði gefnar frjálsar.

Þá eru ótalin þau gríðarlegu verðmæti sem kastað er fyrir borð á togurum. Nýtingin á þorskinum er innan við helmingur af heildarþyngd á frystitogurum en hinu er hent í sjóinn þannig að einungis það verðmætasta er nýtt, hrikaleg spjöll á lífríki hafsins sem risavaxin trollin valda þegar þau eru dregin með gríðarþungum lengjum og hlerum á fullri ferð eftir hafsbotninum, auk mengunarinnar sem af þessu hlýst.

### Fyrirtæki tekin fram yfir þjóðarhag

Þarna er augljóst að rekstrarleg hagkvæmni örfárra fyrirtækja er látin fara ofar þjóðhagslegri hagkvæmni. Vissulega ættum við að leggja á það ofuráherslu að veitt sé eins mikið á þjóðhagslega hagkvæman (og vistvænan) hátt og mögulegt er. Það var lítið mál fyrir kvótakóngana að villa mönnum sýn fyrir fáeinum árum síðan þegar uppgangurinn var mikill á Íslandi og flestir gátu talist hafa það nokkuð gott. En nú er öldin svo sannarlega önnur og erfiðara ætti að vera að villa um fyrir og blekkja fólk. Nú þarf að leggja áherslu á hagsmuni heildarinnar, ekki hagsmuni fáeinna útvaldra. Ljóst er að það er ekki mikið mál að breyta þessu, það eina sem þarf til er pólitískur vilji. Í athugasemdum við frumvarp til laga um stjórn fiskveiða stendur m.a.:

*Fiskistofnarnir við Ísland eru helsta auðlind íslensku þjóðarinnar. Lífskjör þjóðarinnar ráðast að miklu leyti af því, hvernig til tekst um nýtingu þeirra. Með frumvarpi þessu er að því stefnt að setja almennar leikreglur um fyrirkomulag fiskveiða, er stuðli að sem mestum afrakstri úr þessari takmörkuðu auðlind.*

Ljóst er að ekki hefur tekist vel til varðandi nýtingu þessara takmörkuðu auðlinda. Fyrir því færa ekki margir rök nema vera sjálfir hagsmunaaðilar sem verja áframhaldandi tangarhald sitt á auðlindunum með kjafti og klóm. Það fyrirkomulag sem nú er við lýði stuðlar því miður engan veginn að því að náð sé sem mestum afrakstri úr auðlindinni inn í íslenska efnahagskerfið. Sóunin er of gengdarlaus til þess að hægt sé að færa fyrir því haldbær rök. Þá stendur jafnframt í athugasemdum við 1. gr. laga um stjórn fiskveiða:

*Jafnframt felst í þessu sú sjálfsagða stefnumörkun, að markmiðið með stjórn fiskveiða er að nýta fiskistofnana til hagsbóta fyrir þjóðarheildina. Það verður að vera ákvörðunarefni löggjafans á hverjum tíma, hvaða skipulag teljist best henta til að nýta þessa sameign þjóðarinnar með hagsmuni þjóðarheildarinnar að leiðarljósi. Með því einu að tryggja hámarksafrakstur nytjastofnanna til langs tíma með lágmarkstilkostnaði, er unnt að skapa traustar forsendur fyrir atvinnu og byggð í landinu.*

Í 3. málsl. laga um stjórn fiskveiða stendur svo að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildunum. Af þessu er ljóst að fullar forsendur eru til þess að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt til samræmis við þjóðarhag, enda getur það ekki verið forsvaranlegt að ráðstafa þessari takmörkuðu auðlind með þeim hætti og að auki mikla tilkostnaði sem gert er í dag. Því er ljóst að leggja verður ofuráherslu á það við slíka breytingu að þjóðhagslega arðbærum veiðum sé gert hátt undir höfði. Leggja verður áherslu á það að sem allra mest sé veitt á þann hátt að verðmætin verði eftir inni í þjóðarbúinu, en séu ekki send beint úr landi áður en fiskurinn hefur verið veiddur. Eins og staðan er í dag er stórum hluta auðlindarinnar sóað. Við það verður ekki búið lengur. Þessi sjónarmið voru höfð í huga við stefnumörkun Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum á landsfundi flokksins um helgina.



**TRILLUR VIÐ BRYGGJU** Væri allur þorskkvótinn veiddur með handfærum fengjust 25,5 milljarðar, eða 4,7 milljörðum hærra en ef allur kvótinn yrði veiddur af stórum togurum, segir í greininni.

### Komið til móts við vilja þjóðarinnar

Ákall mitt til þjóðarinnar er að hún setji þjóðhagslega hagkvæmni og þar með sína hagsmuni ofar hagsmunum kvótakónganna. Ég skora á fólk að kynna sér stefnu Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum sem samþykkt var með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða á landsfundinum síðustu helgi. Stefnan miðar að því að koma að fullu til móts við vilja þjóðarinnar í þessum málaflokki, enda tími til kominn. Stefnuna má m.a. sjá á bloggsíðu minni. Ég tel að nú sé komið að ögurstund, það er nú eða aldrei ef við ætlum að koma á breytingum í samræmi við vilja yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar. Sýnum þann vilja í verki í kosningunum í vor. Setjum þjóðarhagsmuni, þ.e. okkar hagsmuni, ofar eiginhagsmunum kvótagreifa.




Niðurskurður

# Við rífum okkur ekki upp á hárinu



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR
borgarfulltrúi

Í opnu bréfi til mín fyrir rúmri viku síðan í Fréttablaðinu furðar Gerður Aagot Árnadóttir sig á því að ég hafi tjáð mig um að Jóhanna Sigurðardóttir hafi neitað að skera niður í félags- og tryggingamálaráðuneyti í fyrri ríkisstjórn. Ég minntist á þessa staðreynd og nokkrar aðrar til að vekja athygli á því að þeir sem standa að núverandi vinstristjórn hafa aldrei staðið sig vel í því að skera niður útgjöld. Þetta þekki ég úr borgarstjórn þar sem R-listinn sálugi safnaði skuldum langt umfram það sem eðlilegt mátti teljast.

Við Gerður erum sammála í því að það er algert forgangsmál að verja hag þeirra sem minnst mega sín í samfélaginu. Í borgarstjórn tókum við þá ákvörðun með samstöðu allra flokka að skera niður kostnað en forgangsraða hlutum á þann hátt að lækkun útgjalda hefði ekki áhrif á Velferðarsvið, myndi ekki leiða af sér hækkun gjaldskráa, myndi ekki skerða grunnþjónustu og myndi ekki leiða til uppsagna. Allar ályktanir af Landsfundi Sjálfstæðisflokksins nú um helgina hafa einnig sambærilega forgangsröðun.

Vandamálið sem íslensk stjórnvöld standa frammi fyrir er að hætta er á að skuldir ríkissjóðs verði honum ofviða. Ef við komum ekki í veg fyrir það munu allir í íslensku samfélagi verða fyrir gríðarlegri kjaraskerðingu, alveg óháð stöðu þeirra í þjóðfélaginu. Eða eins og Steingrímur J. orðar þetta í grein í Morgunblaðinu sl. mánudag þá myndi slíkt leiða til þess að „vaxtakostnaður kyrki hið opinbera“.

Fjárlagahalli ríkisins er áætlaður 150 milljarðar á þessu ári. Augljóst er að þennan halla verður að minnka verulega ef ekki á að fara illa. Sá sem stýrir félags- og tryggingamálaráðuneyti stýrir 113 milljörðum af 550 milljarða útgjöldum ríkisins. Þetta er það stórt hlutfall af útgjöldum ríkisins (21%) að sá hinn sami getur ekki neitað að ræða útgjaldalækkun. Eins sárt og þetta er verður ekki undan því vikist og það væri óheiðarlegt að halda öðru fram. Það verður mjög erfitt að lækka 550 milljarða útgjöld um 150 milljarða, en það verður fullkomlega vonlaust að lækka 440 milljarða útgjöld um þessa sömu 150 milljarða, en þannig liti dæmið út ef félags- og tryggingamálaráðuneyti væri alveg látið í friði. Dæmið verður enn þrengra þegar heilbrigðismál og menntamál eru einnig látin í friði.

> Augljóst er að þennan halla verður að minnka verulega ef ekki á að fara illa.

Ég er ekki í framboði til Alþings og útlista því ekki hér hvernig ég færi að því að loka eða minnka halla ríkissjóðs. Ég bendi einfaldlega á að verðandi þingmenn allra flokka verða að koma fram með raunhæfar tillögur um aðgerðir sem miða að þessu. Þar verður að hafa í huga að hækkun skatta má ekki vera aðalatriðið í slíkum aðgerðum því það er ekki hægt að skattleggja sig út úr kreppum. Hækkun skatta til að sleppa út úr kreppu jafngildir því að rífa sig upp á hárinu og það virkar ekki.

Filippseyska

# SALAMAT

Maraming salamat sa pagpunta ninyo dito sa Iceland at sa pagbigay ng inyong bahagi sa pagtayo sa mabuti at matatag na panlipunan. Maraming salamat din sa pagdala ng inyong sariwang kalinangan na lalong maipayaman sa mga tao at sa kultura ng bansa. Maraming salamat sa pagbigay lalo na sa ibat-ibang kakayahan sa larangan ng negosyo, pagluto, desinyo, musika, sayaw at teknikong kakayahan, pero ito lang ay isa sa mga halimbawa na kinuha!
Umaasa kami na mabuti ang inyong pagtira dito sa Iceland – at umaasa din kami makakuha kayo sa katiwasayan at kapantayan na lahat nating gustong maitaguyod sa lipunanan ng Iceland.

Maraming salamat!

Takk fyrir að setjast að á Íslandi og leggja þitt af mörkum til að byggja hér betra og öflugra samfélag. Takk fyrir að flytja með þér ferska menningarstrauma sem auðga mannlíf og menningu landsins. Takk fyrir að auka við fjölbreytni og færni á sviði viðskipta, matargerðar, hönnunar, tónlistar, dans og verkmenningar svo aðeins nokkur dæmi séu tekin! Vonandi líður þér vel hér á Íslandi – og vonandi nýtur þú þess öryggis og jafnréttis sem við öll viljum að íslenskt samfélag standi fyrir.

Kærar þakkir!

AUGA
Auglýsingar afl til góðra verka

Þessi herferð er gefin af **AUGA.**
**AUGA** er stuðningssjóður stofnaður af samtökum og fyrirtækjum í auglýsingaiðnaðinum, með það hlutverk að styðja gerð og birtingar auglýsingaherferða fyrir góð málefni.
Nánari upplýsingar á www.sia.is/auga

**Mannréttindaskrifstofa Íslands** er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu. Réttindi innflytjenda eru ört stækkandi málaflokkur – og þar berum við öll samfélagslega ábyrgð. Tökum vel á móti nýjum Íslendingum.
Nánari upplýsingar á www.humanrights.is

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Tilboðsdagar
fram að páskum
20 - 70 % afsl.
Sturtuklefar - Baðinnréttingar
Hreinlætistæki - Blöndunartæki
Baðker ofl.
BAÐHEIMAR
Baðdeild Álfaborgar
Skútuvogi 4 - sími: 525 0800


Niðurfelling skulda

# Bernanke og kosningatrix



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR
alþingismaður

Fulltrúar aðgerðarleysis í samfélaginu fara mikinn við að berja niður hugmyndir um aðgerðir til aðstoðar skuldsettum heimilum og fyrirtækjum í landinu. Síðasta útspilið var hreint og klárt skítkast um hagfræðing sem dirfðist að tala fyrir hugmynd um fimmtungs lækkun á höfuðstól skulda heimila og fyrirtækja í landinu.

Orð eins og arfavitlaus, atkvæðaveiðar, og kosningatrix eru notuð í gríð og erg í þeirri von að fólk skoði ekki hugmyndina betur.

**20 prósenta leiðrétting skulda**

Hugmyndin sjálf er tiltölulega einföld. Jón og Gunna skulduðu Gamlabanka 100 kr. Gamli banki afskrifar allar húsnæðisskuldir um t.d. 50 prósent (mat á lánasöfnun er í gangi þessa dagana á vegum skilanefndar og FME, og á að ljúka á næstu vikum). Skuld Jóns og Gunnu er því metin á 50 kr. og hún er færð yfir í Nýjabanka á því mati. Athugið að það eru kröfuhafar gömlu bankanna sem tapa 50 kr. í þessu dæmi, en þeir hafa þegar afskrifað stóranhluta sinna krafna. Nýibanki selur Íbúðalánasjóði (ÍLS) skuldina á 50 kr. og losnar við hana úr bókum sínum. Í stað þess að rukka Jón og Gunnu um 100. kr. færir Íbúðalánasjóður höfuðstólinn niður í 80 kr. og rukkar Jón og Gunnu um þá upphæð (og vexti af henni). ÍLS tapar aðeins peningum á þessu ef, og að því marki sem, allir Jónar og Gunnur eru að meðaltali borgunarfólk fyrir minna en 50 kr. af þessum 80 kr. Ástæðan fyrir því að niðurfellingin er ekki hærri, er til að einnig sé hægt að lækka höfuðstól lána Íbúðalánasjóðs, annarra fjármálastofnana og lífeyrissjóða.

> Og á móti má spyrja hvað það muni kosta ef algjört kerfishrun verður hér á landi? Hvað mun kosta að skoða mál hverrar og einnar fjölskyldu og hversu margar þeirra verða gjaldþrota á meðan mál þeirra eru í skoðun?

Til einföldunar hafa margir bent á að lækkunin samsvari í raun verðbótum síðustu 18-24 mánuði eða leiðréttingu skulda vegna hrunsins.

Rannsóknir sem vitnað var í á fréttaveitunni Bloomberg sýna að fimmtungs lækkun eða meira á höfuðstóli leiðir til að fleiri standa í skilum en ef lengt er í lánum, greiðslum frestað eða gripið til annars konar greiðslujöfnunar. Við greiðslujöfnun standa 55 prósent lántakenda ekki í skilum, á meðan um 28 prósent lántakenda standa ekki í skilum ef höfuðstóll er lækkaður innan sex mánuða.

**Kostar þetta ekki einhver ósköp?**

Skuldir Íslendinga liggja þegar að stórum hluta afskrifaðar í nýju bönkunum. Þar eru þær bókfærðar á allt öðru og mun lægra verði en snýr að hinum venjulega Íslendingi. Oliver Wyman vinnur núna að því að ljúka verðmati og skv. upplýsingum þaðan þykir lánasafnið sem ætlunin er að flytja yfir í nýju bankana mjög lélegt. Nýju bankarnir geta því ekki tapað einhverju sem er þegar afskrifað. Ef rukkað er um 80 prósent í stað 100 prósenta, munu fleiri geta staðið í skilum og færri verða gjaldþrota. Meðalgreiðsla hvers og eins lækkar en fleiri geta borgað.

Og á móti má spyrja hvað það muni kosta ef algjört kerfishrun verður hér á landi? Hvað mun kosta að skoða mál hverrar og einnar fjölskyldu og hversu margar þeirra verða gjaldþrota á meðan mál þeirra eru í skoðun?

**Orð Bernankes og Roubini**

Í Bandaríkjunum hafa menn miklar áhyggjur af skuldastöðu heimila og fyrirtækja. Þar eru um 20 prósent heimila með neikvætt eigið fé í húsnæði sínu, þ.e. þau skulda meira en virði húsnæðisins er. Til samanburðar eru 40 prósent íslenskra heimila í sömu stöðu. Húsnæðisverð hefur hrunið og gjaldþrotum fjölgar stöðugt. Þegar í byrjun árs 2008 hvatti seðlabankastjóri Bandaríkjanna, Ben Bernanke, lánveitendur til að lækka höfuðstól fasteignalána og dr. Nouriel Roubini, einn þekktasti hagfræðingur Bandaríkjanna, hefur lagt til að öllum fasteignalánasamningum í Bandaríkjunum verði rift svo hægt sé að lækka skuldabyrði heimilanna.

Mikill er máttur Framsóknar ef þessir menn eru farnir að tala fyrir lækkun höfuðstóls fasteignalána til þess eins að styðja kosningabaráttu Framsóknarflokksins.






Heilbrigðismál

# Öflug heilbrigðisþjónusta skiptir sköpum



HALLA GUNNARSDÓTTIR
aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, hélt fróðlegt erindi á morgunverðarfundi heilbrigðisráðuneytisins 19. mars sl. þar sem fram kom að starfsfólk heilbrigðisgeirans er líklegra til að glíma við streitu á vinnustað en aðrar starfsstéttir. Skýringarnar eru m.a. þær að umönnunarstörf geta tekið mjög á líkama og sál en einnig þær að álag er mikið og deildir oft undirmannaðar. Það er einkum þetta síðasta sem veldur áhyggjum nú þegar Íslendingar ganga í gegnum mikla samdráttartíma.

Góðærið virðist nefnilega ekki hafa náð til stofnana heilbrigðisþjónustunnar. Þvert á móti hafa þessar grunnstofnanir þurft að draga saman ár frá ári til langs tíma. Sparnaðarkröfur eru því ekki nýr veruleiki. Nú þarf að velta við hverjum steini og finna allar leiðir til að hagræða í rekstri. Á það við um heilbrigðisþjónustuna sem annað. Hins vegar verður að vara við því að niðurskurður leiði til stórfelldra uppsagna innan heilbrigðisþjónustunnar og velferðarkerfisins almennt. Ekki nóg með að þær myndu leiða til þess að öll þjónusta við fólk yrði lakari heldur getur það orðið mjög kostnaðarsamt fyrir þjóðfélagið til lengri tíma litið ef atvinnuleysi verður viðvarandi vandamál. Þess vegna skyti skökku við ef stjórnvöld myndu á einum stað skera niður þannig að til fjöldauppsagna kæmi en á öðrum stað leggjast í stór og viðamikil atvinnusköpunarverkefni.

> Þess vegna skyti skökku við ef stjórnvöld myndu á einum stað skera niður þannig að til fjöldauppsagna kæmi en á öðrum stað leggjast í stór og viðamikil atvinnusköpunarverkefni.

Eitt stærsta atvinnumálið er því að standa vörð um störf á vegum hins opinbera. Konur eru í miklum meirihluta starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar og eins og Guðbjörg Linda benti á í áðurnefndum fyrirlestri er það eingöngu læknastéttin sem er að meirihluta skipuð körlum. Uppsagnir í heilbrigðisþjónustunni myndu því koma illa niður á stórum kvennastéttum. Sé litið til reynslu annarra landa má sjá að tilhneigingin er sú á krepputímum að senda konur heim af vinnumarkaðinum og á sama tíma búa til störf fyrir karla, t.d. í þungaiðnaði og mannaflsfrekum framkvæmdum. Ekki þarf að fjölyrða um að þau störf krefjast oft kostnaðarsamra tækja og tóla og um mengandi starfsemi getur verið að ræða. Stærsta vinnutólið innan velferðarkerfisins er hins vegar oftast manneskjan sjálf. Þannig mætti t.d. skapa atvinnu með því að fjölga stöðugildum í heimaþjónustu og heimahjúkrun, sem aftur myndi minnka álag á velferðarkerfið á erfiðum tímum.

Staðan sem íslenskt þjóðfélag er í kallar á nýjar lausnir og ný viðhorf. Reynsla annarra landa sýnir að öflugt velferðarkerfi skiptir sköpum á tímum sem þessum. Stöndum vörð um velferðarkerfið. Það borgar sig margfalt til lengri tíma litið.


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




**ITALIUFERDIR.COM** er heimasíða þar sem finna má skemmtilegar hjóla- og gönguferðir um Ítalíu. Átta daga útivistar- og ævintýraferð er meðal þess sem er í boði í sumar.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447















Áslaug lítur til með særðum eftir sjálfsmorðssprengjuárás í norðvesturhluta Pakistan. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Sinnti hjálparstarfi í Pakistan í skugga átaka

**Áslaug Arnoldsdóttir hefur starfað fyrir Rauða krossinn um margra ára skeið og er hjálparstarf órjúfanlegur hluti af lífi hennar. Síðastliðið haust lá leið hennar til Pakistan þar sem hún aðstoðaði flóttamenn.**

Áslaug Arnoldsdóttir hjúkrunarfræðingur er einn reyndasti sendifulltrúi Rauða krossins á Íslandi og hefur starfað með hléum á átakasvæðum frá árinu 1996. Síðastliðið haust var hún kölluð til Pakistans þar sem hún dvaldi í tvo mánuði.

„Í lok ágúst voru gerðar árásir á ættflokkahéruð í Pakistan, rétt við landamæri Suður-Afganistans, en þar hafa talibanar hreiðrað um sig. Við það urðu 250 þúsund manns skyndilega flóttamenn og við því þurfti að bregðast,“ segir Áslaug. „Rauði krossinn setti í kjölfarið á fót neyðarteymi þar sem mér var falið að sjá um heilbrigðisþáttinn. Okkar hlutverk var að meta fjölda flóttamanna, aðstæður þeirra og hvernig ætti að bregðast við. Fljótlega var ljóst að við þyrftum að finna varanlegar búðir þar sem fólkið var ekki á leiðinni heim í bráð enda hefur ástandið á svæðinu versnað til muna síðan í haust.“

Áslaug var eina konan í teyminu. Hún þurfti að vera í hefðbundnum fatnaði, var ekki heilsað með handabandi og var ýtt til hliðar í samræðum. Ég var alveg gapandi yfir þessari framkomu en svo áttaði ég mig á því að konur voru hvergi á ferli og karlmenn þeir einu sem sáust,“ lýsir Áslaug en tekur það fram að svona sé þessu ekki háttað alls staðar í landinu enda fjölmargar konur þar sem ganga menntaveginn og fá að blómstra.

Viðmótið í garð Áslaugar breyttist eitthvað þegar á leið enda gerði hún mönnum ljóst að hún væri eini starfsmaður Rauða krossins sem hægt væri að ræða við um það sem sneri að heilbrigðismálum. „Þegar verkefni mínu lauk þurfti ég hins vegar að fara til minna yfirmanna og tjá þeim að það yrði að vera karlmaður sem myndi leysa mig af. Þetta þótti mér mjög þungbært en ég komst að raun um að ég komst ekki nema ákveðið langt í samningaviðræðum þar sem ég var kona.“

Áslaug starfaði í mikilli nálægð við átakasvæði og var mikið um sjálfsmorðssprengjuárásir. „Yfirmaður heilbrigðismála í héraðinu, sem ég starfaði mikið með, sagði mér að hafa ekki áhyggjur af þeim af því að það væri svo ríkt í íslam að hlífa konum við slíku. Meira að segja sjálfsmorðssprengjuárásarmennirnir myndu virða það,“ segir Áslaug sem er ávallt í startholunum fyrir Rauða krossinn.

*vera@frettabladid.is*




efni á e-mail

**KROSS** er skartgripur sem margir bera á fermingardaginn. Gaman getur verið að láta sama krossinn ganga á milli kynslóða svo fermingarbarnið sé með kross mömmu eða pabba og jafnvel afa eða ömmu.


## Flottir skór á fínu verði



Vandaðir herraskór úr leðri, skinn-fóðraðir og með vatnsþolnum sólum.
Stærðir: 41 - 47
Litur: kastaníu brúnn
Verð: 7.875.-



Sérlega mjúkir og þægilegir herrasandalar úr leðri með hælbandi.
Litur: svart
Stærðir: 40 - 47
Verð: 8.985.-

**Misty skór**
*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is





teg. Darcey - glæsilegur í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.850,-

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



visir.is
"...ég sá það á vísi"




Fallegt getur verið að strá rósablöðum á borðið.



Ef fermingin fer fram um páskana er tilvalið að lífga upp á borðið með litríkum eggjum.



Lifandi blómum er fallegt að koma fyrir í marglitum skálum með vatni á veisluborðinu.

# Lifandi blóm og litagleði

**Skreytingar á fermingarborðið mega alveg vera svolítið líflegar og um að gera að leyfa litagleðinni að njóta sín. Þegar vor er í lofti eiga lifandi blóm sérstaklega vel við.**

Þegar skreytt er fyrir fermingarveisluna er um að gera að hafa skreytingarnar svolítið líflegar. Þar sem manneskjan sem allt snýst um er enn ung að árum er viðeigandi að bjartir og glaðlegir litir séu ráðandi og því fleiri, því betra.

Lifandi blóm má nota á marga vegu til að lífga upp á veisluborðið en þau minna okkur líka á að vorið er á næsta leiti. Blómin má setja í skálar og vasa eða bara beint á borðið ef því er að skipta.

Þar sem margar fermingar fara fram nú um páskana er líka tilvalið að tengja skreytingarnar þeim. Litrík egg og litlar kanínur lífga svo sannarlega upp á umhverfið og gleðja sérstaklega augu yngstu gestanna.

*emilia@frettabladid.is*



Sniðugt er að leggja eitt blóm á hvern disk ef lagt er á borð og um að gera að hafa þau í mismunandi litum.



Villtum blómum í litlum glösum má koma fyrir hingað og þangað á veisluborðunum.


25% afsláttur



**Áttu dýrmæt tæki ?**
**Explorer töskur eru fullkomin vörn.**

**Þær eru vatnsheldar, höggþéttar og til í ýmsum stærðum.**

FOTO VAL
Myndavéla-viðgerðir
Skipholti 50B
Sími 553 9200

www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is



# TIL FERMINGAGJAFA

FERÐATÖSKUR
ÍÞRÓTTATÖSKUR
BEAUTYBOX
BAKPOKAR
SEÐLAVESKI
TÖLVUTÖSKUR



Töskur og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is





kr. 8.200,-
kr. 6.200,-
kr. 9.600,-
kr. 4950,-
kr. 10.200,-



**Ný sending**

**Frábært úrval af AÐHALDSUNDIRFÖTUM**

Selena
**Síðumúla 3** • Reykjavík • Sími 553 7355
**Opið virka daga 11-18, laugard. 11-15**

kr. 13.700,-



Skemmtilegar fermingarmyndir sem eru lýsandi fyrir fermingarbarnið eldast vel. MYND/GETTY IMAGES

# Fermingarmyndin

**Fermingardaginn er gaman að muna enda stór dagur í lífi unglingsins.**

Fermingarmyndatakan hefur tilheyrt þessum viðburði þótt fermingarmyndirnar séu misvinsælar hjá fermingarbörnunum þegar fram líða stundir.

Sniðugt gæti því verið að myndatakan færi fram áður en stóri dagurinn rennur upp svo hún einkennist ekki af stressi bæði foreldra og fermingarbarns. Einnig gæti verið gott fyrir fermingarbarnið að hafa með sér í myndatökuna einhvern uppáhaldshlut til dæmis tengdan áhugamálinu svo sem hjólabretti, körfubolta eða bók. Eins ef fermingarbarnið er mikið fyrir útivist er tilvalið að myndatakan fari fram utandyra, og láta ekki veðrið aftra sér. *- rat*



Ef skíðaíþróttin á hug fermingarbarnsins er tilvalið að mynda það úti í snjónum. MYND/GETTY IMAGES



Ferming í Grafarvogskirkju. Séra Vigfús Þór Árnason og fermingarbörn.

# *Kirkjustarf eftir fermingu*

**Regluleg kirkjusókn og ýmiss konar safnaðarstarf verður hluti af lífi sumra unglinga eftir fermingu.**

Fjölbreytt kirkjustarf stendur ungmennum til boða að lokinni fermingu. Þau geta sótt um að verða starfsmenn í barnastarfi, tekið þátt í hjálparstarfshóp kirkjunnar, gengið í einhvern af kirkjukórunum eða starfað með messuhóp, sem tekur á móti fólki og útdeilir sálmabókum á sunnudögum svo dæmi séu tekin.

Margir unglingar eru virkir þátttakendur í kirkjustarfi og hefur það reynst vel á mótunarárum. Í kirkjuna sækja þeir góðan félagsskap og andlega næringu undir kærleiksríkri leiðsögn. *- ve*

Ferming þýðir staðfesting. Í fermingunni staðfestir barnið skuldbindingu foreldra og guðfeðgina í skírnarathöfninni. Það fer með trúarjátninguna, vinnur fermingarheit og þiggur fyrirbæn og blessun.



kirkjan.is


Saltvík
Hestamiðstöð / Horse Center / Húsavík

TILVALIN FERMINGARGJÖF
WWW.SALTVIK.IS

3 DAGA UNGLINGAFERÐ Á HESTUM
SALTVÍK HESTAMIÐSTÖÐ STAÐSETT 4 KM FRÁ HÚSAVÍK







12. - 14. júní

Laxá, Mýrarkvísl, Geldingardalur, Reykjaheiði, Stóravítishraun og Þeistareykir eru staðir sem verða á vegi okkar í þessari frábæru ferð.

Ferðin er stóðrekstur þannig að um helmingur knapa mun ríða á undan stóðinu og um helmingur á eftir.

Gist er fyrri nóttina í Saltvík Hestamiðstöð þar sem ljúfir heitir pottar eru til staðar og seinni nóttina í fjallaskálanum á Þeistareykjum þar sem varðeldur verður kveiktur og haldin hressileg kvöldvaka.

Kennari og menntaður leiðsögumaður munu leiða ferðina og leiðbeina knöpum.

Allar nánari upplýsingar
gefur Sævar Freyr í síma 659 6666 og á www.saltvik.is



Vorið í Búdapest
30. apríl



Ótrúleg sértilboð!
Þriggja nátta helgarferð á einstökum tíma!

Örfá herbergi í boði – fyrstur kemur fyrstur fær!

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð á allra síðustu sætunum í helgarferð til Búdapest 30. apríl. Búdapest er ein fegursta borg Evrópu og á vorin skartar hún sínu fegursta og þá er einstakur tími til að heimsækja borgina. Búdapest býður einstakt mannlíf, menningu og skemmtun að ógleymdri getrisni Ungverja auk frábærra veitinga- og skemmtistaða. Bjóðum örfá herbergi á völdum gististöðum á frábærum sértilboðum. Fararstjórar Heimsferða gjörþekkja borgina og kynna þér sögu hennar og heillandi menningu.

– helgarferð
Verð kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í 3 nætur á Hotel Platanus *** með morgunmat. Aukagjald fyrir einbýli kr. 10.000. Sértilboð 30. apríl.

Gisting á Hotel Tulip Inn ***
kr. 4.000 aukalega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 10.000. Sértilboð 30. apríl.

Gisting á Hotel Promenade ****
kr. 10.000 aukalega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 13.000. Sértilboð 30. apríl.

Gisting á Hotel Mercure Metropol ****
kr. 14.000 aukalega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 13.000. Sértilboð 30. apríl.







Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa
Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Veldu traustan ferðafélaga í sumar!
Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is



**LÍFRÆNT RUSL** er gott að flokka. Góð leið til að geyma ruslið er að opna tóma mjólkurfernu upp á gátt og nota hana undir lífræna ruslið. Mjólkurfernur halda vel raka, auðvelt er að skola þær og nota aftur.


Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is



GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is
Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




# GÓÐ RÁÐ
fyrir þig og umhverfið

## Skrifstofan
## Þarftu raunverulega nýja tölvu?

Þegar gamla tölvan er orðin hæg og þreytt er oft nóg að auka RAM eða vinnsluminni tölvunnar (RAM = Random Access Memory). Einnig er hægt að skipta um skjákort með litlum tilkostnaði. Örgjörvinn getur einnig verið orðinn hægur og er hægt að skipta um örgjörva og viftu án mikilla erfiðleika á mörgum borðtölvum. Ef harði diskurinn er orðinn fullur, þá er hægt að hafa tvo harða diska á sömu tölvunni, skipta um þann sem fyrir er og fá sér stærri eða nota lausan flakkara.

Stundum er líka hægt að fækka viðbótum, slökkva á sjónrænu sjónarpili (MS Vista), hreinsa til á harða diskinum og endurraða gögnum á hann (Defragment). Eins má setja gamlan póst í geymslu (Archive) og koma eldri gögnum í varðveislu á lausum diskum eða brenna á geisladiska. Rétt er að hafa í huga að allir harðir diskar gefa sig einhvern tíma og þá er gott að eiga afrit af mikilvægum gögnum.

Ef ákveðið er að kaupa nýja tölvu, þá er margt sem þú getur gert til þess að draga úr umhverfisáhrifunum. Þú getur notað gömlu músina og gömlu hátalarana og gamla skjáinn áfram þótt þú kaupir nýja tölvu. Forðastu að kaupa pakka þar sem allt er innifalið. Það er líka dýrara. Kannski getur þú keypt notaða tölvu. Gættu þó að því að hún sé ekki þýfi eða léleg eftirlíking. Leitastu við að kaupa tölvu sem er umhverfismerkt eða merkt með TCO 03. TCO merking nær eins og Svansmerking yfir vinnufræðilega þætti og vinnuumhverfi (Ergonomi).

*Meira um tölvur á: http://www.natturan.is/husid/1391/*



**Náttúran.is - vefur með umhverfisvitund**



Ótrúlegustu byggingar er hægt að móta úr hlaupi.

# Veisluhlaup

**Listrænir skúlptúrar úr litríku hlaupi eru sannarlega augnakonfekt í veislum og öðrum slíkum uppákomum.**

Breska fyrirtækið Bompas & Parr býður upp á allsérstæða þjónustu. Það sérhæfir sig í því að útbúa hlaup í hinu ótrúlegasta formi fyrir ýmsar uppákomur, veislur og mannfögnuði. Hlaupið getur verið í laginu eins og byggingar, dýr eða hvað sem er og óhætt að segja að slíkir ætir skúlptúrar lífgi upp á veisluborðið.

Þeir sem vilja kynna sér nánar hlaupdýrðina geta heimsótt vefsíðuna www.jellymongers.co.uk.

*- sg*



Veisluborð og krásir mótaðar úr hlaupi.


Ekki gera ekkert
við stafrænu myndirnar!
Láttu framkalla myndirnar þínar.
200 myndir á 5.400kr.
myndval
Þönglabakka 4 (Mjódd) sími 557 4070
myndval@myndval.is
www.myndval.is





Öðruvísi fermingargjafir
Opið: má-fö. 12-18, lau.11-16
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is
Nóra



ALLT
512 5473
AUGLÝSINGASÍMI



Auglýsingasími
512 5447
ALLT



Art2b
Listsmiðja
Vantar þig pláss til að vinna að listinni og sýningaraðstöðu?
Listsmiðja Art2b leitar að hressum listamönnum/konum til að vinna listina sína og selja í sýningarsal okkar í Korputorgi.
Okkur langar til að gefa listamönnum tækifæri á að koma sér á framfæri og lífga aðeins upp á listamenninguna á Íslandi.
Hér myndir þú fá pláss til að vinna að listinni þinni ásamt því að geta auglýst og selt verkin þín í glæsilegum 1000 m² sýningarsal okkar.

Umsóknir sendast á johann@art2b.is

Landbúnaður

# Íslenskur landbúnaður og matvælaöryggi



ÞÓRUNN RÖGNVALDSDÓTTIR,
Stjórnarmaður í UVG

Fyrir um það bil ári hélt forystumaður í íslenskum stjórnmálaflokki því blákalt fram að einhver mesta kjarabót fyrir heimilin í landinu væri að fella niður eða lækka verulega tolla á innfluttum landbúnaðarvörum og opna þar með fyrir stórfelldan innflutning þeirra. Þetta var sagt þó svo að vitað væri að aðeins 6-7 prósent af útgjöldum heimilanna færu í kaup á innlendum matvælum. Svona málflutningur er í besta falli lýðskrum, en þó meir í ætt við áróður gegn bændastéttinni og matvælaframleiðslu í landinu.

**Stefnum mataröryggi ekki í voða**

Kreppa undangenginna vikna hefur vonandi dæmt þessi sjónarmið dauð og ómerk. Hún hefur sýnt okkur fram á hversu mikils virði það er að innlend matvælaframleiðsla standi sterkum fótum, svo að ekki þurfi að eyða dýrmætum gjaldeyri í kaup á matvælum sem vel er hægt að framleiða hér.

Á sama tíma og rætt er um nauðsyn þess að rýmka fyrir auknum innflutningi matvæla hingað til lands hafa þjóðir, meira að segja innan ESB, gripið til þess ráðs að banna útflutning á korni til að tryggja nægt framboð innanlands. Ef íslenskum bændum eru tryggð eðlileg starfskilyrði er auðvelt að framleiða hér á landi allar þær mjólkurvörur og allt það kjöt sem þjóðin þarfnast. Auk þess hefur kornrækt verið að stóraukast og bændur eru alltaf að ná betri og betri tökum í þeirri ræktun.

Ekki einungis gefur það fyrirheit um að í framtíðinni verði hægt að rækta hér megnið af því fóðurkorni sem landbúnaðurinn þarfnast, heldur hefur brautryðjandastarf fjölskyldunnar á Þorvaldseyri sýnt fram á að vel er hægt að framleiða hér bæði bygg og hveiti í stórum stíl til manneldis. Ekki má heldur gleyma margsönnuðum möguleikum til bleikjueldis í sveitum landsins. Með allt þetta í huga verður að krefjast þess að stjórnvöld geri ekkert sem stefnt geti þessari framleiðslu og þar með matvælaöryggi þjóðarinnar í hættu.

**Hreinleiki íslenskrar framleiðslu**

Ekki aðeins eru bændur landsins færir um að sjá þjóðinni fyrir öllum þeim matvælum sem að framan eru talin, heldur er hreinleiki framleiðslu þeirra líka einstakur. Við búum við bæði hreint vatn og loft og íslenskir búfjárstofnar hafa lengi verið að miklu leyti einangraðir og eru því að mestu lausir við marga smitsjúkdóma sem herja á nágrannalönd okkar. Eins hefur íslenskum svína- og kjúklingabændum tekist mjög vel til í baráttu sinni við salmónellu og kamfýlóbakter og eru þar í algjörum sérflokki miðað við nágrannalönd okkar.

Það getur ekki verið að stjórnvöld séu tilbúin til að gera nokkuð sem geti stefnt þessari gæðaframleiðslu íslenskra bænda og þar með matvælaöryggi þjóðarinnar í hættu. Því verður að gera þá kröfu að lokað verði fyrir þann möguleika sem opnað er á í matvælafrumvarpinu sem liggur nú fyrir á Alþingi, að hægt sé að flytja hingað til lands hrátt kjöt jafnvel þótt heilbrigðisvottorð fylgi. Það er auðvelt að eyðileggja hreinleika og góða ímynd búvara með skammsýnum aðgerðum, en erfiðara er að ná þeim til baka.

Það hefur alltaf verið nauðsyn að standa vörð um íslenskan landbúnað en aldrei sem nú á óvissum og erfiðum tímum. Við vitum hvað við höfum, en ekki hvað við hljótum. Stöndum því vörð um landbúnaðinn og veljum íslenskt!

> Því verður að gera þá kröfu að lokað verði fyrir þann möguleika sem opnað er á í matvælafrumvarpinu sem liggur nú fyrir á Alþingi, að hægt sé að flytja hingað til lands hrátt kjöt jafnvel þótt heilbrigðisvottorð fylgi.


# Hreinlega langar ekki í sætindi og er hætt öllu narti



TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR
1-8 APRÍL




**Eftir að ég byrjaði að taka inn TURBO GREENS duftið langar mig hreinlega ekki í sætindi og er hætt öllu narti, sem er ótrúlegt!**

Erna Sigurbjörnsdóttir 57 ára, afgreiðslumaður í sjoppunni í Fjarðarkaupum í Hafnarfirði, var efins um að hún gæti haldið út í starfi sínu í sjoppunni þar sem nammifreistingarnar eru svo yfirþyrmandi. "Ég gat ekki staðist freistinguna og var í tíma og ótíma farin að kaupa mér allskonar nammi til að taka með mér heim og var oft búin að klára það áður en heim var komið. Aukakílóin hlóðust utan á mig og verst var að ég var orðin mjög orku- og framtakslaus og var hætt að gera neitt heima nema það nauðsynlegasta. Þurfti að sofa mikið og var sífellt þreytt. Las í tímariti um eitthvað undraefni sem gæti hjálpað mér að losna út úr þessum vítahring og ákvað í byrjun ágúst 2008 að prófa þetta efni sem heitir TURBO GREENS.

Síðan þá (5 mánuðir) hef ég tekið inn 1 ½ tsk. af TURBO GREENS dufti á hverjum morgni á fastandi maga og hafa orðið ótrúleg umskipti á heilsu minni, orku og líkams-þyngd. Ég er full af orku, labba alltaf í vinnuna sem ég hafði varla ekki orku til áður. Ég nenni öllu núna og kem hress heim eftir vinnudaginn. Ég hef tapað 8 kg. sem er frábær bónus og fyrst og fremst er ég svo miklu glaðari og ánægðari með tilveruna. Eftir að ég byrjaði að taka inn TURBO GREENS langar mig alls ekki í sætindi og er hætt öllu narti sem er ótrúlegt, segir Erna að lokum, kímin."

**Turbo Greens frá Gillian McKeith er fáanlegt í öllum helstu apótekum, heilsubúðum, Hagkaup, Fjarðarkaup, Nóatúni og Krónunni.**

**Turbo Greens er kröftug blanda af lífrænt ræktaðri ofurfæðu: SPÍRULÍNU, BYGGGRASI, HVEITIGRASI, AÐALBLÁBERJUM, EPLAPETÍNI OG SÍTRÓNUBERKI. Sannkölluð orku- og næringarsprengja, auðmeltanleg, glútínlaus, prótein-, steinefna- og vítamínauðug. Þessi blanda er mjög svo blóðsykursjafnandi og er æskilegt að taka inn 1-2 tsk. á morgnana til þess að ná sömu áhrifum og Erna. Í 2 tsk skammti er nægjanleg dagleg þörf að vítamínum og steinefnum. Hrærið duftinu í vatn eða eplasafa, einnig gott að blanda í próteinhristinga.**

www.smidjan.is


Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Fjármálakreppan

# Alheimsstríð lánardrottna



DR. MICHAEL HUDSON
hagfræðingur

Stríð geisar í heiminum, byggt á skuldafjötrum. Saklaus fórnarlömb, einstaklingar jafnt sem heilu hagkerfin, eru leidd inn í skuldahringekju sem þau sleppa ekki úr. Lánardrottnar bjóða sífellt meiri lán og hrúga á skuldirnar samsettum vöxtum, vitandi sem er að lánin verða aldrei greidd aftur, nema með sölu eigna. Engin venjuleg framleiðsla getur haldið í við stigvaxandi samsetta vexti. Allar eignir eru hreinsaðar upp til að greiða endalausa vexti. Markmiðið er að greiðslurnar sjúgi eins mikið af tekjuafgangi og mögulegt er, svo í reynd er hagkerfið að greiða skatt til hinnar nýju stéttar fjármagnseigenda; bankamanna og stjórnenda fjárfestingarsjóða, lífeyrissjóða og vogunarsjóða. Helsta vopnið í þessu stríði er hugmyndir almennings um skuldir. Sannfæra verður skuldara um að greiða af sjálfsdáðum, taka hagsmuni lánardrottna fram yfir hagsmuni hagkerfisins í heild og jafnvel láta erlendar kröfur ganga fyrir þjóðarhagsmunum.

### Kristnin og hreint borð

Þessi hefur ekki alltaf verið raunin. Allt aftur til 2400 fyrir Krist var venja hjá leiðtogum Súmera og Babýlóníumanna eftir fyrsta árið á valdastóli, að fella niður persónulegar skuldir þegnanna, sem og skuldir vegna landbúnaðar. Auk skuldaniðurfellingar voru þrælar leystir úr skuldaánauð og bændum afhent lönd sem þeir höfðu misst í hendur lánardrottna. Þá er skuldaniðurfelling kjarni laga Mósebóka biblíunnar þar sem kveðið er á um að skuldir skuli felldar niður með reglulegu millibili og þrælar leystir úr skuldaánauð.

Á tímum Jesú höfðu leiðtogar Gyðinga þegar hafið baráttu gegn Fagnaðarárínu og studdu í stað þess *prosbul*, lagaklausu sem heimilaði lánardrottnum að þvinga skuldunauta sína til að afsala sér rétti til skuldaniðurfellingar á Fagnaðarárinu. Í fyrstu ræðu sinni reyndi Jesú að verja Fagnaðarárið með því að lesa upp úr bók Jesaja og kunngjöra náðarár Drottins. Leiðtogar Gyðinga kröfðust þess að yfirvöld í Róm krossfestu hann. En kristindómur óx og með auknum pólitískum völdum náði hann fram merkustu efnahagslegu umbótum sínum sem voru að útrýma skuldaánauð úr Vestrænni menningu.

Kristnir menn bönnuðu vexti með öllu og gömul tungumál gerðu engan greinarmun á „vöxtum“ og „okurvöxtum“. Kirkja 13. aldar skilgreindi okurlán sem þjófnað og þar með brot á áttunda boðorðinu. Frá fornöld og fram á miðaldir Evrópu var þjófnaður yfirleitt í formi okurlána, þar sem veð voru innkölluð af mikilli hörku hjá þeim sem neyðst höfðu til að taka lán. Tómas Aquinas og Marteinn Lúter vöruðu við því árið 1516 að þessi starfsemi leggði borgríki í rúst á sama hátt og ormar skemma epli innan frá. Þessi aldagömlu viðmið eru nú í uppnámi.

Í Bandaríkjunum hafa greiðslukortafyrirtæki lagt háar upphæðir í kosningasjóði stjórnmálamanna sem reiðubúnir eru til að endurskoða gjaldþrotalög svo lán með veði í íbúðarhúsnæði verði varanleg og dómarar geti ekki fært þau niður sem hluta af greiðsluaðlögun. Sama gildi ekki um aðrar fasteignir á borð við sumarhús. Þetta gengur gegn fornum lögum sem tryggðu þegnum land til sjálfsþurftar, en ekki munað umfram það.

### Evrópusambandið

Til að sjá samhengið verðum við að skoða hvað er að gerast í „Stór-Evrópu“ nútímans. Eins og komið hefur fram í viðskiptafréttum hafa fyrrum Austantjaldsríkin lent í gríðarlegum erfiðleikum á leið sinni inn í Evrópusambandið á síðustu árum. Sú skoðun fer vaxandi í þessum ríkjum að Evrópa og Lissabonsáttmáli hennar hafi, í stað þess að hjálpa ríkjunum að byggja upp og hagræða í efnahagskerfi sínu, sleppt bönkum sínum lausum á þau. Bankarnir líti einungis á þessi ríki sem nýja lántakendur sem hægt er að skuldsetja – ekki til uppbyggingar í iðnaði eða innviðum samfélagsins, heldur með veði í fasteignum og auðlindum sem þegar voru til staðar. Það er eftir allt saman fljótlegasta leiðin til að græða og fjármálageirinn hefur ávallt lifað á skammtímahagnaði.

Þetta vandamál var óumflýjanlegt í ljósi blindrar trúar Evrópu á að allt sem auki „virði“, jafnvel með því að blása upp verð fasteigna eða annarra eigna, feli í sér sömu framleiðni og aukin raunveruleg framleiðsla eða þjónusta. Afleiðingin var röð bóluhagkerfa sem byggðu á skuldsettri virðisaukningu fasteigna og hlutabréfa. Slíkar bólur springa alltaf á endanum. Seint og um síðir eru þjóðir að átta sig á því að eina leiðin til að greiða fyrir innflutning til langs tíma er að framleiða vörur til útflutnings. Þjóðir geta ekki, frekar en einstaklingar, lifað af greiðslukortum einum saman.

### „Óþægilegur sannleikur“

Það er einfaldlega engin leið fyrir ofurskuldsettar þjóðir nútímans að „vinna sig út úr skuldum“ með því að prenta peninga. Með því hrynur gengið og svo mikið fjármagn og fasteignir renna úr höndum þegnanna til lánardrottna að til verður nýtt, póstkapitalískt hagkerfi, án framleiðslu/neyslu, með minnkandi sjálfstæði, jafnrétti og sjálfbærni.

Tekjur eru fleyttar ofan af með því að hneppa einstaklinga og þjóðfélög í skuldafjötra samsettra vaxta. Lánardrottnar vita sem er að skuldin fæst aldrei greidd, nema með sölu eigna. Þannig eru eignir hreinsaðar upp í vaxtagreiðslur sem engan enda taka. Markmiðið er að hreinsa upp allan mögulegan tekjuafgang.

Vara þeirra er skuldir. Þeir byggja upp eigin auð með því að steypa öðrum í skuldir og neyða þá svo til að selja eignir sínar öðrum, sem aftur taka lán til að kaupa þær í þeirri von að geta hagnast á sölu þeirra síðar. Þetta er hin nýja auðmyndun þeirra sem græða á daginn og grilla á kvöldin, sem nú fellir hvert hagkerfið á fætur öðru um allan heim.

### Hlutverk Bandaríkjanna

Það hljómar eðlilega að fólk greiði þær skuldir sem það hefur gengist undir á heiðarlegan hátt. Eðlilegar væntingar eru að fólk taki lán – og bankar láni — til arðbærra fjárfestinga, sem skapi tekjur svo lántakendur geti greitt lánið til baka með vöxtum.



FRÁ WALL STREET „Enginn gerði sér í hugarlund heim þar sem bankamenn lánuðu ábyrgðarlaust til hvers sem hafa vildi, sem leiddi aftur af sér þann gríðarlega fjölda greiðsluþrota sem við verðum nú vitni að,“ segir í greininni. FRÉTTABLAÐIÐ/ AP

Þannig var það að minnsta kosti. Enginn gerði sér í hugarlund heim þar sem bankamenn lánuðu ábyrgðarlaust til hvers sem hafa vildi, sem leiddi aftur af sér þann gríðarlega fjölda greiðsluþrota sem við verðum nú vitni að. Sem dæmi má nefna að í Bandaríkjunum eru um þriðjungur þeirra sem skulda af heimili sínu með neikvætt eigið fé. Það þýðir að áhvílandi lán eru hærri en virði eignanna sjálfra. Skuldir ríkisins hafa þrefaldast á síðasta ári, úr 5 billjónum dollara í 15 billjónir, í kjölfar björgunaraðgerða ríkisins. Þar á meðal má nefna yfirtöku á 5,2 billjóna dollara húsnæðislánarisunum Fannie Mae og Freddie Mac. Eitt einasta tryggingafélag, A.I.G. mun fá fjórðung úr billjón og einn banki, Citybank hefur fengið yfir 70 milljarða dollara og sér ekki fyrir endann á vandræðum hans. Hlutabréf í þessum fyrrum fjármálarisum hafa hrunið í verði og þingið deilir nú um hvort þjóðnýta skuli þá og þurrka þannig út eignir hluthafanna.

Bandaríkin eru skuldugasta þjóð heims og mun aldrei greiða erlendar skuldir sínar. Ríkissjóður mun halda áfram að gefa út skuldabréf í skiptum fyrir vörur, þjónustu og raunveruleg verðmæti frá Kína, Japan og öðrum lánardrottnum, þar til þær þjóðir sem sitja uppi með pappírana átta sig á hvers kona svikamyllu þau eru flækt í. Eins og Adam Smith sagði í riti sínu *Auðlegð þjóðanna*: „Engin þjóð hefur nokkru sinni greitt upp skuldir sínar.“ Mögulegt er að þvinga litlar þjóðir á borð við Ísland til að borga, þar til engar eignir eru eftir. En stórlaxarnir eru stikkfrí. Þeir stjórna alþjóðastofnunum, skrifa söguna, stjórna fjölmiðlaumfjöllun og laga til námsefni háskólanna, allt í eigin þágu.

Hin nýjungin er að í stað þess að hagnast á nýjum fjárfestingum er fljótlegasta leiðin til að græða, að taka eignir upp í skuldir á miklum afföllum og snúa sér svo við og selja þær með hagnaði á alþjóðamarkaði. Þó svo kenningin sé að ekkert sé ókeypis, er það svo að svik, innherjaviðskipti og einkavinavæðing sem ná hámarki í ríkisaðstoð, þar sem áhættan er ríkisvædd, en hagnaðurinn einkavæddur, færir einmitt fjármagnseigendum fjármuni almennings á silfurfati.

### Fjármálastríð

Þjóðir vita hvenær þær verða fyrir árás óvinaherja. Þær verjast til að koma í veg fyrir að óvinirnir hernemi lönd þeirra og heimti af þeim skatta. Slíkur hernaður virðist við fyrstu sýn fjarri fjármálaheiminum. Allir vita að óvinaherjum er ekki boðið í heimsókn. Þeir eru ekki boðnir velkomnir þó þeir lofi að hjálpa til við uppbyggingu efnahagsins með því að leggja vegi eða byggja brýr (til að auðvelda skriðdrekum þeirra að komast um), virkja fallvötn til að flytja út orku (og halda eftir hagnaðinum), hótel og heilsulindir fyrir sig og aðra útlendinga (og stinga leigu og öðrum verðmætum í eigin vasa) eða setja upp flóknar tölfræðigreiningar til að stjórna hagkerfinu í eigin þágu.

Þetta herbragð fjármálaheimsins er nú orðið fjölþætt. Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn (AGS) er nokkurs konar handrukkari alþjóðlegra lánardrottna og innheimtir tekjur af fasteignum og iðnaði fyrir þá. Það ótrúlega er að þjóðir um allan heim eru að glata efnahagslegu og peningalegu sjálfstæði sínu án mótspyrnu. Þá hafa lífeyrissjóðir orðið vopn í höndum fjármálakerfisins. Þeir hafa verið notaðir miskunnarlaust til að fjármagna bólur á fasteigna- og hlutabréfamarkaði og hafa þannig unnið beint gegn hagsmunum þeirra sem í þá borga. Þannig er fjárhagslegur hernaður mun minna áberandi en hefðbundinn hernaður, því fórnarlambið gerir sér ekki einu sinni grein fyrir að verið er að ráðast á það. Afleiðingarnar eru hins vegar þær sömu. Meðalaldur styttist, fæðingum fækkar, vinnuafl flýr land, sjálfsmorðstíðni hækkar, sjúkdómar, áfengissýki og fíkniefnaneysla aukast. Líkt og hefðbundið stríð þurrkar út karla á aldrinum 25-40 ára, hrekur fjármálastríðið þá úr landi í atvinnuleit. Því hefur hinn bandaríski fjárfestirinn Warren Buffett kallað lánavöndla og álíka skuldaviðskipti „efnahagsleg gereyðingarvopn“.

Bandaríkin, Bretland og AGS kalla kröfur sínar og skilyrði kapítalisma. Í raun er verið að koma á fjármálakerfi sem endar í skuldaánauð, ekki lýðræðislegum kapítalisma. Samsettir vextir þeirra eru að leggja heilu þjóðirnar í rúst. Sem dæmi um fáránlegan þankagang þeirra má taka dæmi af íbúð. Hvort myndir þú heldur vilja eiga 20 milljóna króna íbúð skuldlaust, eða 60 prósent af sömu íbúð með uppblásið markaðsvirði upp á 50 milljónir? Í síðara tilfellinu ættir þú 60 prósent af 50 milljónum, eða 30 milljónir, en aðeins 20 í því fyrra. Um allan heim hefur tekist að sannfæra fólk um að síðari kosturinn sé dæmi um „myndun auðs“. Það sem gleymist er að af skuldsettu íbúðinni þarf að greiða vexti. Sú upphæð er 1,2 milljónir miðað við 6 prósent vexti. Íbúðin er meira virði, en ber mun meiri kostnað, sem er jú tekjur fyrir fjármálafyrirtækin.

Á síðustu árum hafa fjármálamenn sannfært margar ríkisstjórnir um að selja ríkisfyrirtæki á borð við vatnsveitur og orkuver, einkum til að afla fjár til að greiða niður skuldir eða lækka skatta á þá tekjuhæstu. Þessi sala skammsýnna stjórnvalda á þjóðarauðlindum, sem studd hefur verið af nytsömum sakleysingjum sem veitt hafa efnahagsráðgjöf, breytir skuldsettum þjóðum í skattlendur, þar sem grunnþjónusta verður leið til að fleyta ofan af sífellt stærri hluta þjóðarteknanna til hagsbóta fyrir fáa útvalda. Galdurinn er að plata skuldara til að trúa því að frjáls markaður þýði að borga skuldir. Þetta er í raun andstætt hinum frjálsa markaði, eins og klassískir hagfræðingar skilja hugtakið.

> Besta leiðin fyrir þjóðir út úr vandanum er verja eigin hagvöxt umfram hag lánardrottna og hafna því að eini kosturinn sé að þjóðin greiði þær skuldir sem fáeinir einstaklingar hafa steypt sér í.

### Leiðin út úr vandanum

Besta leiðin fyrir þjóðir út úr vandanum er verja eigin hagvöxt umfram hag lánardrottna og hafna því að eini kosturinn sé að þjóðin greiði þær skuldir sem fáeinir einstaklingar hafa steypt sér í. Hagur hagkerfisins í heildina er grundvallaratriði. Markmið lánardrottnanna er að auka völd sín, með því að setja greiðslu skulda í forgang. Því verr sem hagkerfi standa, því sterkari verða lánardrottnar. Þetta er leiðin að efnahagslegu sjálfsmorði sem endar í skuldaánauð þegar kreppan harðnar. Lánardrottnar um allan heim færa nú niður skuldir í samræmi við lækkandi fasteignaverð. Aldrei hefur verið betra tækifæri til að taka afstöðu til þess um hvað standa á vörð - óyfirstíganlegar skuldir eða framtíð íslensks samfélags? Munu stjórnvöld verja þegna sína fyrir efnahagslegum afræningjum, eða munu þau færa þeim íslenska hagkerfið á silfurfati?

Það er stóra spurningin.

*Höfundur er sérfræðingur í alþjóðafjármálum, hefur verið ráðgjafi Hvíta hússins, bandaríska innanríkisráðuneytisins og varnarmálaráðuneytisins og vinnur að tillögu að nýrri skattalöggjöf fyrir Bandaríkin. Þetta er fyrri greinin af tveimur eftir Hudson sem birtast í Fréttablaðinu. Í þeirri síðari, sem birtist innan fárra daga, beinir hann sjónum sínum að Íslandi.*

Menntamál

# Neyðarkall stúdenta



HILDUR BJÖRNSDÓTTIR,
formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Nú standa yfir sérstakir tímar í íslensku þjóðfélagi – tímar sem síðar verða skráðir í sögubækurnar. Hvert sem litið er leitar fólk leiða til að mæta aðkallandi vandamálum í íslensku samfélagi. Á tímum sem þessum verða allir að bregðast við með ábyrgum hætti, leita leiða úr kviksyndinu og hugsa í lausnum.

Það er mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr að reist verði skjaldborg um íslenskar menntastofnanir. Menntun er auðlind sem aldrei glatar gildi sínu – fjárfesting til framtíðar sem mun stuðla að uppbyggingu þjóðarinnar á átakatímum. Það er því mikilvægt að Háskóli Íslands, fremsta menntastofnun landsins, taki mið af sérstökum aðstæðum í þjóðfélaginu, grípi til nauðsynlegra aðgerða og sé brautryðjandi í uppbyggjandi aðgerðum í landinu.

Stúdentaráð Háskóla Íslands sendi á dögunum skoðanakönnun á stúdenta við alla háskóla landsins. Niðurstöður könnunarinnar sýndu að rúmlega 12.000 stúdentar eru enn án atvinnu og 10.000 þeirra telja litlar líkur á sumarvinnu. Tölurnar eru sláandi og ástandið skelfilegt. Stúdentar kalla því á viðbrögð stjórnvalda og við frábiðjum okkur vettlingatök. Sérstakar aðstæður kalla á sérstakar aðgerðir. Stúdentaráð Háskóla Íslands krefst þess að sumarpróf verði endurvakin við Háskóla Íslands í ljósi þjóðfélagsaðstæðna og námsmönnum verði gefinn kostur á að stunda fjarnám yfir sumartímann. Með sumarönnum við Háskóla Íslands væri atvinnulausum stúdentum gefinn kostur á að stunda sumarnám og taka um leið sumarlán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Stúdentaráð Háskóla Íslands minnir háskólayfirvöld og menntamálaráðuneytið á þá ábyrgð sem hvílir í þeirra höndum. Háskóli Íslands, flaggskip íslenskra menntastofnana, á að vera brautryðjandi í þeirri uppbyggingu sem framundan er í íslensku samfélagi - samfélagi sem nú stendur frammi fyrir efnahagshruni, áföllum og atvinnuleysi. Þegar þúsundir stúdenta fyllast örvæntingu og vonleysi ber stjórnvöldum að bregðast við. Þetta er neyðarkall stúdenta og við krefjumst þess að því verði svarað!

Sjávarútvegsmál

# Bónus og kvótagreifar



HELGA ÞÓRÐARDÓTTIR
kennari og frambjóðandi Frjálslynda flokksins

Það er auðvelt fyrir borgarbarn að skilja óréttlæti kvótakerfisins ef maður gefur sér bara smá tíma. Núna er það lífsspursmál fyrir okkur á mölinni því bankarnir sem áttu að framleiða ómælt úr engu eru farnir. Því verðum við að fara aftur í slorið. Áður fyrr gaf sjávarútvegurinn vel af sér, gull hafsins, menn mokuðu inn gjaldeyri fyrir íslenska þjóð. Núna er öldin önnur. Menn fiska reyndar enn vel. Fyrirtækin eru bara á hausnum, sjávarútvegurinn á Íslandi skuldar morð fjár. Sérkennileg staða hjá iðnaði sem aflar vel og selur sínar afurðir, dæmið ætti að ganga upp, ekki satt?

Við þessar aðstæður ganga ekki að reka fyrirtæki. Þau safna bara skuldum vegna kvótakaupa. Útgerðarmaðurinn þarf ekki eingöngu að kaupa bát, net, olíu og slíka hluti heldur þarf hann að greiða kvótagreifanum fyrir að fá að veiða fiskinn sem við öll eigum. Dæmi eru um að menn hafi greitt allt að fimmtán ára ársveltu, þ.e. að fyrstu fimmtán ár útgerðarinnar fóru í að greiða fyrir kvótann. Eftir situr sjávarútvegurinn með skuldirnar en kvótagreifinn hefur allt sitt á þurru, ástæðan er sú að hann hefur engan kostnað af því að eiga óveiddan fisk.

> Aðal mjólkurkýrin okkar, sjávarútvegurinn, sem hefði getað bjargað okkur er stórskuldug. Hvernig á atvinnugrein í slíkri stöðu að skila hagnaði til þjóðarbúsins?

Inn í þessa aldagömlu jöfnu viðskipta, framleiða og selja, var sett smá hjáleið. Kvótakerfið og framsal þess. Svipað og að ég væri kvótagreifi og ætti alla væntanlega viðskiptavini í Bónus. Jóhannes í Bónus yrði að borga mér 5.000 kall fyrir hvern viðskiptavin sem versladi hjá honum. Því yrði Jóhannes að kaupa af mér kvóta af viðskiptavinum. Ef 25 þúsund manns versluðu í Bónus á dag þá þyrfti Jóhannes að borga mér 125 milljónir á dag fyrir kvótann.

Í kreppunni kristallast heimska kvótakerfisins. Núna þarf íslensk þjóð tekjur. Aðal mjólkurkýrin okkar, sjávarútvegurinn sem hefði getað bjargað okkur, er stórskuldugur. Hvernig á atvinnugrein í slíkri stöðu að skila hagnaði til þjóðarbúsins? Frjálslyndi flokkurinn hefur ætíð varað við þessari vitleysu og vill breyta þessu kerfi. Kvótinn á að færast aftur til þjóðarinnar sem getur síðan leigt hann á hógværu verði án möguleika á braski. Það gerir nýliðun mögulega sem er ekki í dag. Ein mesta breytingin er að hjáleiðin, kvótagreifar, myndu ekki fá ómælda fjármuni í eigin vasa bara fyrir að hafa umráðarétt yfir óveiddum fiski. Þá er von til þess að sjávarútvegurinn verði aftur sá bjargvættur sem hann áður var.







Skíði og Tyrolastemming um páskana

Bjóðum gistingu með morgunmat, akstur í hina frábæru austfirsku alpa í Oddskarði þar sem verða tónlistarmenn frá Tyrol og margt fleira.
Verð aðeins 5500 kr. Á mann pr nótt
Kaffihúsið er Veitingastaður og gistiheimili í hjarta Eskifjarðar. Aðeins 7 mín akstur á skíðasvæðið. Um páskana verður fjölbreytt dagskrá í Fjarðabyggð,

Nánar á Oddsskard.is
og Fjardabyggd.is
Pantanir í síma
8921203 & 4771064

Kaffihúsið guesthouse

Flokkakerfið

# Flokkakerfi að fótum fram



MARGRÉT RÓSA SIGURÐARDÓTTIR
vefstjóri Borgarahreyfingarinnar

Góð kjör á lánum til VBS og Saga Capital eru forsenda þess að skuldin fáist endurgreidd. Með góðum kjörum er verið að gera fyrirtækjunum kleift að ráða við afborganir af lánunum. Þetta segir fjármálaráðherra.

Því gildir ekki hið sama um skuldsettar íslenskar fjölskyldur? Er það vegna þess að kosningar eru fram undan og minnihlutastjórnin telur sig ekki hafa umboð þjóðarinnar til að gera þær breytingar á kerfinu sem nauðsynlegt er?

**Er félagshyggjuflokkunum treystandi?**

Er hægt að treysta þessum flokkum eftir kosningar ef þeir segja ekki frá hugmyndum sínum núna?

Ætla félagshyggjuflokkarnir að leysa vanda tugþúsunda íslenskra fjölskyldna sem hafa eingöngu bankana sem ráðgjafa? Sem ráðleggja fjölskyldum að bíða á meðan útbúnir eru pappírar um að bankinn eignist heimilið. Af hverju heyrum við ekkert um hvað eigi að gera við allar tómu íbúðirnar? Jú, ný lög eru sett svo lífeyrissjóðirnir megi eignast fasteignir!

Afnumið er ábyrgðarmannakerfi lána en það gildir bara fyrir framtíðina, ekki fortíðina og gagnast því ekki fjölskyldunum sem eru að missa allt jafnvel vegna ábyrgða fyrir aðra.

**Mega Íslendingar ekki byrja upp á nýtt?**

Breytingar á gjaldþrotalögunum breyta engu fyrir of skuldsettar fjölskyldur. Þær hafa ekki þann valkost að fara í gjaldþrot og byrja upp á nýtt. Á Íslandi leyfist fyrirtækjum að byrja upp á nýtt en ekki einstaklingum. Skulduga Íslendinga má hundelta alla ævi með því að vekja upp kröfur. Í nágrannalöndum okkar er skuldsett fólk verndað af neytendalögum svo ekki sé hægt að binda það í þrældóm ævina út eins og hér er.

Ekkert er gert til bjargar illa stöddum fjölskyldum. Í ríkisstjórnarflokkunum er sama fólkið, að nota sömu verkfærin, og setti þjóðina í þennan vanda og þorir hvorki né getur hugsað á nýjum nótum.

**Nýrra hugmynda er þörf**

Niðurfelling skulda og greiðsluaðlögun ætti ekki einungis að vera fyrir valin fyrirtæki, líka fyrir fjölskyldurnar í landinu.

Borgarahreyfingin vill raunverulegar úrbætur.

Af netinu



BJÖRN BJARNASON

## Gleyminn forseti

Tveir nýir flokksformenn voru kjörnir um helgina, Bjarni Benediktsson í Sjálfstæðisflokki og Jóhanna Sigurðardóttir í Samfylkingu. Athygli vakti, að Guðbjartur Hannesson, forseti Alþingis, sem talar jafnan um sig sem hæstvirtan forseta, þegar hann flytur mál af forsetastóli, sá ekki ástæðu til að óska þingmönnunum til hamingju með hið nýja og mikla traust, sem þeim hefur verið sýnt. Sturla Böðvarsson, þáverandi forseti Alþingis, óskaði Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni heilla hinn 20. janúar, þótt Sigmundur Davíð sæti ekki á þingi.

bjorn.is



ÁRNI SNÆVARR

## Í okkar nafni?

Breska blaðið the Guardian birtir í dag á forsíðu áhugaverða og hrollvekjandi grein þar sem greint er frá því að Hamid Karzai, forseti Afganistans hafi undirritað lög þar sem réttindi kvenna eru skert verulega.[...] NATO á í stríði í Afganistan. Ísland er í NATO. Fulltrúi Íslands situr í hermálanefnd Atlantshafsbandalagsins.

Er það stefna ríkisstjórnar Íslands að styðja stríð sem hefur að markmiði að lappa upp á ríkisstjórn sem brýtur svo gróflega og grímulaust mannréttindi á helmingi íbúa sinna, konum landsins? Á meðan við erum í stríði í Afganistan erum við að skrifa upp á kúgun af þessu tagi.

Viljum við slíkt í okkar nafni?

arni.eyjan.is



ÞRÁINN BERTELSSON

## Í fjötrum fjórflokksins

Það hefur lengi verið samráð meðal fjórflokksins um að halda lýðræðismarkaðnum í fjórþættum fjötrum fjórflokksins og innbyrðis skilningur milli flokkanna á því að leyfa svonefndu lausafylgi, kannski um 20% af heildarfjölda kjósenda, að rása milli flokka í kosningum.

thrainn.eyjan.is



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



var kjölfestufjárfestir bankans. MARKAÐURINN/HARI

# í skaut bankans

skráð voru erlendis liggja í gömlu bönkunum en kröfur á félög sem skráð voru hérlendis liggja í nýju bönkunum.

Samson eignarhaldsfélag, kjölfestufjárfestir Landsbankans, var skráð hér en fjöldi félaga sem tengd eru Björgólfsfeðgum voru skráð víða erlendis. Þá eru Exista BV og Ega Invest BV, sem fóru með 34,58 prósenta hlut í Kaupþingi, bæði skráð í Hollandi. Tvö félög í nafni FL Group, sem fóru með samanlagðan 23 prósenta hlut í Glitni voru sömuleiðis skráð þar.

**BANKALEYND**

Hvorki fengust upplýsingar hjá skilanefndum gömlu bankanna né þeim nýju um nánari skiptingu lánveitinga til bankaráðsmanna gömlu bankanna né félaga þeim tengdum. Sömuleiðis fengust ekki upplýsingar um það hvaða félög tengd bankaráðsmönnum fengu lánveitingar né hvaða upphæð var um að ræða. Vísað var til laga um bankaleynd í öllum tilvikum. Af þeim ástæðum er ekki hægt að fullyrða hvort stjórnarmenn Kaupþings og Glitnis sem sátu í krafti stærstu hluthafa hafi talist til lántakenda.

Þá vill Fjármálaeftirlitið ekki segja til um hvort lánveitingarnar hafi verið eða séu til skoðunar. Í einhverjum tilvikum geti reynt á reglur um stórar áhættur ef lán fari yfir 10 prósent (hámark 25 prósent) af eiginfjárgrunni banka. Við það yrði bankinn að gefa upplýsingar til Fjármálaeftirlitsins um þau lán. Að öðru leyti komi upplýsingar um lán og kjör á lánum til venslaðra aðila fram við reglulega skýrslusöfnun eftirlitsins.

**ÚTISTANDANDI LÁN TIL BANKARÁÐA 2003-2005***

| Landsbankinn | Upphæð í milljónum |
|---|---|
| 2008 | 49.800 |
| 2007 | 9.900 |
| 2006 | 26.300 |
| 2005 | 11.600 |
| **Glitnir** | |
| 2008 | 33.700 |
| 2007 | 38.900 |
| 2006 | 37.200 |
| 2005 | 23.000 |
| **Kaupþing** | |
| 2008 | 36.800 |
| 2007 | 34.400 |
| 2006 | 17.760 |
| 2005 | 7.545 |

* HEIMILD: ÁRSUPPGJÖR BANKANNA.

# Lánin verða innheimt



ÁRNI TÓMASSON

„Það gildir það sama um bankaráðsmennina og aðra. Kröfur þeirra verða innheimtar,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis.

Á meðal hefðbundinna aðferða eru samningar um að skuldunautar greiði lán sín til baka að sem mestum hluta eða bankinn taki þau til sín. Fjölmargar leiðir eru í skoðun, að sögn Árna.

Í einhverjum tilvikum munu félög tengd bankaráðsmönnum ekki hafa burði til að greiða lán sín til baka nema að afar litlu leyti. Í öðrum tilvikum bjóða forsvarsmenn félaganna hluta upp í greiðslu. „Við verðum að meta í hverju tilviki hvað við erum tilbúin til að ganga langt til að fá upp í kröfur,“ segir Árni.

KAUPTHING BANK
Seed Forum
// 3. apríl 2009 //
FJÁRFESTINGAÞING NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKJA
KAUPÞING Borgartúni 19, Reykjavík

DAGSKRÁ
08:30 Skráning
09:00 Opnun
Eyþór Ívar Jónsson, stjórnarformaður SFI
Ávarp
Gylfi Magnússon, viðskiptaráðherra
Logic of Creativity
Margrét Sigurðardóttir, adjúkt Háskóla Íslands
Market update on European private equity
Kimberly Romaine, aðalritstjóri 'unquote'
Kaffihlé
Nýsköpunarfyrirtæki kynna viðskiptahugmyndir:
Amivox
E-label
On The Rocks
Reliant
JvJ
48 DVD
Responsible surfing
12:00 Léttur hádegisverður fyrir frumkvöðla og fjárfesta í boði sendiherra Noregs, Margrit Tveiten

SKRÁNING
Þar sem sæti eru takmörkuð eru þátttakendur beðnir um að skrá sig á http://www.seedforum.is

RÆÐUMENN

Eyþór Ívar Jónsson
Stjórnarformaður SFI

Margrét Sigurðardóttir
Adjúkt Háskóla Íslands

Kimberly Romaine
Aðalritstjóri 'unquote'

Hr. Gylfi Magnússon
Viðskiptaráðherra

Breski sendiherrann, Ian Whitting, býður ráðstefnugestum til móttöku á heimili sínu kl. 17.00.

Léttar veitingar í höfuðstöðvum Nýherja að Urðarhvarfi 6 kl. 19.00.

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR Landsbanki ÁTAK TIL Frumtak NÝHERJI
SI Federation of Icelandic Industries NORSKA SENDIRÁÐIÐ EYRIR INVEST klak NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ

nánari upplýsingar á www.seedforum.is

512 50 50 Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Fjármálaeftirlit hér á landi var á pari við það besta sem annars staðar gerist, þótt rúm væri til úrbóta.

# *Eftir á að hyggja*

**Óli Kristján Ármannsson**

Rasað var um ráð fram í bankakerfinu um leið og stjórnvöld stóðu sig illa í efnahagsstjórn, héldu dauðahaldi í gjaldmiðil sem sjálfur er uppspretta sveiflna og vandræða, um leið og ráðist var í þensluhvetjandi aðgerðir af ýmsum toga og Íbúðalánasjóður notaður til að bæta í fasteignabólu og niðurkeyrslu vaxta sem Seðlabankinn reyndi af vanmætti að sporna gegn. Í þessu umhverfi vildi svo óheppilega til að brast á með alþjóðlegri fjármálakrísu sem enn sér ekki fyrir endann á.

Finnski bankasérfræðingurinn, Kaarlo Jännäri, sem á mánudag kynnti skýrslu sína um aðbúnað og regluverk í fjármálakerfi landsins talaði alveg skýrt um að fall bankanna skrifaðist á stjórnendur þeirra sem farið hefðu sér allt of hratt í þessu umhverfi. Þeir hefðu enda átt að átta sig á þeim kerfislægu veikleikum sem hér var við að etja. Íslenskir bankamenn sáu hins vegar ekki fyrir, frekar en bankamenn annars staðar í heiminum, dýpt alþjóðlegu lausafjárkrísunnar.

Þá var forvitnilegt að heyra það álit Jännäris að hefði ekki komið til alkuls á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í kjölfar falls Lehman Brothers bankans í september þá væri ekki hægt að útiloka að íslensku bankarnir hefðu getað lifað af (svona að því gefnu að þeir hefðu getað orðið sér úti um fjármögnun). Og það þrátt fyrir brotalamir sem í skýrslu hans er getið um í aðbúnaði eftirlitsstofnana og mjög afmörkuðum verkfærum þeirra til að hafa áhrif á framgöngu bankanna.

**Jännäri nefndi reyndar að í einhverjum ríkjum Mið-Evrópu kynnu fjármálaeftirlit að hafa gengið fram með öðrum og harkalegri hætti í samskiptum við bankana og látið þá um að sækja rétt sinn fyrir dómstólum [...] Ólíklegt er að slíkt stílbrot í stjórnun og framgöngu yfirvalds hefði verið látið óátalið hér.**

Í öllu falli verður ekki séð að skýrsla finnska bankasérfræðingsins feli í sér neinn áfellisdóm yfir Fjármálaeftirlitinu (FME) og vandséð annað en þar hafi verið staðið að málum eins vel og kostur var, miðað við fjárreiður og þá lagaumgjörð sem stofnuninni var búin. Jännäri nefndi reyndar að í einhverjum ríkjum Mið-Evrópu kynnu fjármálaeftirlit að hafa gengið fram með öðrum og harkalegri hætti í samskiptum við bankana og látið þá um að sækja rétt sinn fyrir dómstólum, teldu þeir á sér brotið. Ólíklegt er að slíkt stílbrot í stjórnun og framgöngu yfirvalds hefði verið látið óátalið hér á þeim árum þegar uppgangur fjármálakerfisins var hvað mestur og aðhalds ef til vill mestrar þörf. Þá þyrfti slík stofnun að njóta styrks stuðnings í stjórnkerfinu ef forsvarsmenn hennar ætluðu sér að hætta á að vera gerðir afturreka með íþyngjandi ákvarðanir sem jafnvel stæðust ekki laganna bókstaf.

Þá getur tæpast verið vilji fyrir því að hér víkjum við í grundvallaratriðum frá gildum réttarríkisins og þeirri vernd sem bæði fólk og fyrirtæki njóta í lagabókstafnum gegn gerræðislegri ákvarðanatöku opinberra aðila. Andrúmsloft valdboða sem eimir eftir af í gömlum austantjaldslöndum getur tæpast verið það sem við viljum taka upp hér í stað stjórnsýslureglna- og hefða sem fyrirmynd eiga í norrænum velferðarríkjum. Það er auðvelt að segja að hér hefðum við árin 2005 og 2006 átt að láta lönd og leið reglur um valdheimildir FME, andmælarétt fyrirtækja og meðalhófsreglur. Meira að segja eftir á að hyggja er ljóst að erfiðara hefði verið að hrinda slíkum aðgerðum í framkvæmd.

Líkt og fleiri útlendingar sem tekið hafa að sér að fjalla um Ísland telur Jännäri jafnframt að hér fari betur á því að vera með lítil fyrirtæki sem einbeita sér að heimamarkaði. Hvort það fari landanum betur skal ósagt látið, en jafnsatt er hjá honum eftir sem áður að framtíð fyrirtækja hér er betur borgið í þeirri umgjörð og aukningu viðskipta sem ætla má að aðild að ESB-færi okkur og þeim stöðugleika sem fengist með evrunni í stað krónu.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Afnám verðtryggingar og hafta

ORÐ Í BELG



**Gunnar Erlingsson** iðnaðarverkfræðingur.



**Lárus Bollason** viðskiptafræðingur.

Allt útlit er fyrir að með miklum samdrætti í efnahagslífinu dragi hratt úr verðbólgu og að í kjölfarið muni vextir lækka skarpt. Þessar aðstæður skapa einstakt tækifæri til að breyta verðtryggðum skuldum heimila í óverðtryggð lán á viðráðanlegum vaxtakjörum. Á sama tíma væri æskilegt að gefa skuldurum gengistryggðra lána tækifæri til að breyta þeim í óverðtryggð lán í íslenskum krónum, enda kann afnám gjaldeyrishafta að valda skuldurum enn frekari erfiðleikum.

Fjöldinn allur af heimilum og fyrirtækjum kaus að fjármagna sig með erlendu lánsfé frá bönkunum. Bankarnir sjálfir höfðu greiðan aðgang að erlendu lánsfé undanfarin ár og því eðlilegt að þeir byðu almenningi lán í erlendri mynt á hagstæðum kjörum. Fáir reiknuðu þó með hinni gríðarlegu gjaldeyrisáhættu sem stóraukin skuldsetning þjóðarinnar fól í sér.

**LANGTÍMAHÖFT SKAÐA**

Eftir að gjaldeyrishöftum var komið á urðu til tveir markaðir með íslensku krónuna; innanlandsmarkaður sem er markaður bundinn höftunum og utanlandsmarkaður sem stendur utan haftanna og viðskipti innlendra aðila að mestu ef ekki öllu leyti bönnuð. Gengi krónunnar á innanlandsmarkaðnum hefur því bein áhrif á afborgun verðtryggðra skulda og skulda innlendra aðila í erlendri mynt. Afborganir erlendra skulda færa bönkunum engan eiginlegan gjaldeyri, heldur íslenskar krónur í hlutfalli við gengi myntarinnar á innlenda markaðnum. Gjaldeyrir á innlenda markaðnum er af skornum skammti, enda ráða frjáls viðskipti ekki gengi krónunnar. Þar er krónan þó umtalsvert sterkari (vegna hafta), eða um 160 krónur fyrir evruna, samanborið við um 230 krónur fyrir evruna á utanlandsmarkaði (m.v. 27/3/2009).

Gjaldeyrishöft til lengri tíma skaða hagsmuni þjóðarinnar, enda viðskipti ekki frjáls og erlend fjárfesting á Íslandi einkar óaðlaðandi í slíku umhverfi. Því fyrr sem tekið er á málunum, því betra. Verði höftin afnumin, má gera ráð fyrir veikingu krónu. Skuldarar verðtryggðra króna og erlendrar myntar kunna því að líða fyrir það, með tilheyrandi greiðsluerfiðleikum og jafnvel gjaldþrotum.

Því leggjum við til að skuldurum verðtryggðra og erlenda lána verði boðið að breyta skuldum sínum í óverðtryggðar skuldir í íslenskum krónum, til dæmis með endurskoðunarákvæði vaxta á fimm ára fresti að viðbættu verðbólguálagi. Eðlilegt væri að það tæki mið af verðbólgumarkmiði Seðlabanka Íslands (SÍ) og verðbólguálagi á skuldabréfamarkaði, en undanfarnar vikur hefur það verið nálægt 2,5% verðbólgumarkmiði SÍ.

Þegar framangreindri skuldbreytingu er lokið, segjum innan 1-2 mánaða, er hægt að afnema gjaldeyrishöftin. Gleymum því ekki, að höftin þarf að afnema með góðu eða illu hvort sem er – fyrr eða síðar. Afnám haftanna hjálpar heildarkerfinu til lengri tíma litið.



**SKÝRINGARMYND** Hér til hliðar má sjá útleggingu greinarhöfunda á því hvernig afnema má verðtryggingu.

**ÁHRIF Á LÁNVEITENDUR**

Helstu lánveitendur verðtryggðra lána eru Íbúðalánasjóður, bankar, sparisjóðir og lífeyrissjóðir. Við fall bankakerfisins voru útlán heimila flutt yfir í nýju bankana. Auk innlána, sem að stærstum hluta eru óverðtryggð, og eiginfjárframlags frá ríkissjóði verður fjármögnun nýju bankanna skuldabréf sem þeir gefa út til gömlu bankanna sem greiðslu vegna eigna sem fluttar voru til þeirra. Enn hefur ekki verið gengið frá skilmálum skuldabréfanna. Afnám verðtryggingar á útlán í nýju bönkunum skapar því ekki vandamál þar sem skilmálar skuldabréfanna munu taka mið af eignasamsetningu bankanna. Þar sem afborganir erlendra húsnæðislána eru í einfaldaðri mynd íslenskar krónur í hlutfalli við gengi myntarinnar á innlenda markaðnum, ætti breyting þeirra að laga gjaldeyrisjöfnuð bankanna og draga þannig úr áhættu í bankakerfinu.

Verðtryggð útlán lífeyrissjóða eru um 10% af heildareignum þeirra (skv. tölum frá SÍ í janúar sl.) en hlutfall verðtryggðra eigna af heildareignum sjóðanna jókst talsvert við fall bankakerfisins þar sem eignir í hlutabréfum og óverðtryggðum skuldabréfum bankanna töpuðust. Breyting á verðtryggðum lánum sjóðsfélaga myndi lækka þetta hlutfall en ætti að okkar mati ekki að hafa teljandi áhrif á mögulega ávöxtun sjóðanna.

Íbúðalánasjóður (ÍLS) er stærsti lánveitandi verðtryggðra lána. Á móti nær öllum verðtryggðum útlánum sjóðsins hefur hann gefið út og selt verðtryggð skuldabréf (íbúðabréf) sem skráð eru í Kauphöll Íslands og ganga þar kaupum og sölum. Helstu eigendur íbúðabréfa eru lífeyrissjóðir og íslenskir sparifjáreigendur en auk þess er hluti þeirra í erlendri eigu. Útséð er að skilmálum útgefinna skuldabréfa sjóðsins verður ekki breytt eftir á og því ljóst að sjóðurinn getur ekki afnumið verðtryggingu útlána án aðstoðar.

Tillaga okkar felur í sér að ríkissjóður geri vaxtaskiptasamning við ÍLS þar sem ÍLS þiggur verðtryggingu en greiðir ríkissjóði á móti 2,5% fasta vexti (verðbólguálag, fengið frá greiðendum húsnæðislána). Myndin sem greininni fylgir útskýrir þetta greiðsluflæði og hvernig ÍLS og eigendur íbúðabréfa ættu ekki að verða fyrir neinum áhrifum vegna skuldbreytingarinnar. Í framtíðinni þyrfti ÍLS að fjármagna sig með útgáfu óverðtryggðra skuldabréfa.

**RÍKISSJÓÐUR HEFÐI BEINAN HAG AF LÁGRI VERÐBÓLGU**

Verðtrygginguna og gjaldeyrishöftin mætti afnema með ofangreindum hætti og losa lántakendur við þá áhættu sem felst í verðtryggðum og gengistryggðum lánum, án þess að skerða réttindi eigenda verðtryggðra skuldabréfa eða skekkja verðtryggingar- eða gjaldeyrisjöfnuð bankanna.

Ofangreind tillaga felur í sér að ríkissjóður væri orðinn skuldari verðtryggðra króna. Teljum við það gæfuskref því þá væri beinn hvati fyrir ríkisvaldið að halda verðbólgu innan eðlilegra marka. Hingað til hefur ríkissjóður hagnast beint á mikilli verðbólgu; öll ríkisskuldabréfaútgáfa er nú óverðtryggð og aukin verðbólga með tilheyrandi þenslu gefur af sér hærri skatttekjur. Þá er líklegt að miðlun peningastefnu SÍ verði virkari þar sem nafnvextir útlána væru breytilegir og fylgdu stýrivöxtum í meira mæli.

Mikilvægt er að bregðast hratt við nú þegar verðbólga mælist lág milli mánaða, íslenska krónan er bundin höftum og ekki er búið að ganga frá efnahagsreikningum nýju bankanna.



**VIKULEG VEFRÁÐ Í BOÐI ALLRA ÁTTA** Jón Trausti Snorrason framkvæmdastjóri Allra Átta ehf. www.8.is

# Er vefsíðan leitarvélavæn?

Fjölmargir stjórnendur fyrirtækja hafa fjárfest í vefsíðum fyrir hundruð þúsunda króna, jafnvel margar milljónir, án merkjanlegs árangurs. En hvernig getur staðið á því, að sumar vefsíður skila nær engum árangri?

Ýmsar ástæður liggja þar að baki. Algengasta ástæðan er, að síðuna skorti efnisinnihald og eðlilega notkun leitarorða í texta.

Margir gera þau grundvallarmistök, að hugsa aðeins um útlit síðunnar. Sumir leggja aðaláherslu á fallega grafík og alls konar margmiðlunarefni. Þeir skilja síðan ekkert í því, af hverju „flotta heimasíðan" þeirra skilar engum árangri.

Gott útlit vefsíðu er nauðsynlegt, en einnig er mikilvægt að hafa ríkt efnisinnihald, góðan texta og eðlilega notkun leitarorða. Nauðsynlegt er því að hafa hæfilegan texta á forsíðunni og tengla á helstu undirsíður, sem þurfa helst að innihalda kynningu á ákveðnu efnisatriði, þar sem ákveðið leitarorð þarf að koma fram efst á síðu og vera jafnframt fléttað víða inn í textann.

Ríkt efnisinnihald og leitarvélavænn texti er grundvallaratriði þess, að ákveðin vefsíða finnist ofarlega á niðurstöðusíðum leitarvéla, eins og Google.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson, *olikr@markadurinn.is* RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, *jonab@markadurinn.is* AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.



skemmtilegri
Idol
FRÁBÆRT PÁSKATILBOÐ!
EXTRA
BÍÓ
5.990 KR.
VISA
ÚRSLIT Í BEINNI
SKEMMTILEGRI PÁSKAR
LADDI 6-TUGUR
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
24
THE MENTALIST
AUDDI OG SVEPPI
RATATOUILLE
INTO THE WILD
ENCHANTED
DAMAGES
GREY'S ANATOMY
LITTLE BRITAIN USA
THE DEPARTED
SJÁLFSTÆTT FÓLK
AMERICAN IDOL
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

BANKAHÓLFIÐ



## Erfitt val

Þeir fjárfestar sem ekki eiga lengur aur til að fljúga á uppgjörsfundi færeysku félaganna geta brugðið sér á uppgjörsfundi Eimskips og Bakkavarar í dag. Báðir fundir hefjast klukkan hálf níu og verða þeir sem áhuga hafa virkilega að vanda val sitt. Miðað við gengi fyrirtækjanna í fyrra er reyndar ólíklegt að kræsingar leynist í uppgjörunum. Öðru máli gegnir um kruðeríið sem fyrirtækin bjóða með morgunkaffinu. Þeir sem sótt hafa afkomufundi Bakkavarar geta gengið að því vísu að þar verði í boði rúnstykki og vínarbrauð sem skola má niður með kaffi og djús. Ekki er síðra í boði hjá Eimskipi, sem býður upp á hefðbundinn morgunverð: kaffi, te og djús og rúnstykki með osti, papriku og eggjum. Svo verður eitthvað smá sætt í bland, samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu.

## Einu sinni var ...

Flestum er ljóst að Eimskip hefur gengið í gegnum eld og brennistein síðasta árið. Afar áhugavert er að bera saman uppgjörið nú og í hittiðfyrra. Fyrir aðeins tveimur árum var Eimskip á mikilli siglingu. Á fyrstu síðum uppgjörs 2007 er farið í gegnum kaupin á kælivörugeymslunum Daalimpex og Versacold auk þeirrar stærstu í Qingdao í Kína. Þá bættust tvö ný flutningaskip við flotann auk þess sem allt hlutafé breska landflutningafyrirtækisins Innovate var í höfn á því góðærisári. Þegar upp var staðið skildi Innovate eftir sig brunagat í bókum félagsins og önnur fyrirtæki ýmist seld eða í söluferli til að fylla upp í skuldagatið sem fyrri eigendur skildu eftir sig.

## Fréttir frá Brussel

Vorboðarnir færa þau tíðindi frá meginlandi Evrópu í Brussel að vænta megi frétta varðandi Ísland þegar sól hækkar á lofti. Smáfuglarnir, sem fara víða, segja málið liggja á borðum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Von er á áliti ESA skömmu fyrir kosningar og segja smáfuglarnir það kunna að koma sér vel í kosningabaráttu sjálfstæðismanna. Nú er um að gera og bíða fregna hver svo sem tíðindin verða á endanum. Tilviljanir koma stundum á heppilegasta tíma, eða hvað?



**31** prósent fasteignaviðskipta í febrúar voru makaskiptasamningar. Greining Glitnis telur að slíkum samningum muni enn fjölga.

**8** prósenta lækkun hefur orðið á nafnverði húsnæðis í landinu það sem af er ári samkvæmt mælingu sem Hagstofa Íslands birti fyrir helgi.

**1,5** milljarða hagnaður var á starfsemi fjárfestingafélagsins Eyris Invest á síðasta ári. Fyrir afskriftir, skatta, gjöld og fjármagnsliði (EBITDA) var hins vegar 240 milljóna króna tap hjá félaginu.






**ÞETTA GERÐIST: 1. APRÍL ÁRIÐ 1896**

# *Álafoss hefur ullarvinnslu*

Björn Þorláksson bóndi á Varmá stóð fyrir byggingu verksmiðju í kvosinni við Álafoss því hann sá hversu hentugt væri að nota vatnsafl fossins til að knýja vélar. Eins þótti Varmá hentug til þvotta á ull vegna hás hitastigs svo ullarvinnsla hófst í kvosinni 1. apríl árið 1896. Verksmiðjan átti stóran þátt í stofnun og vexti byggðar í Mosfellsbæ. Umsvif hennar voru aukin 1917 en kjörorð Sigurjóns Péturssonar, sem þá var tekinn við verksmiðjunni, voru Álafossföt bezt.



Starfsfólk bjó flest á staðnum og var félagslíf blómlegt. Haldnar voru leiksýningar og dansleikir og stundaðar íþróttir meðal starfsmanna og íþróttaskóli fyrir ungmenni starfræktur að Álafossi frá 1928 til 1940. Reksturinn gekk vel og 1983 störfuðu 420 manns við verksmiðjuna, sem framleiddi peysur, værðarvoðir og handprjónaband og flutti út til Bandaríkjanna, Kanada, Norður-Evrópu, Rússlands og Japan. Ullariðnaðurinn hrundi þó 1991 og varð fyrirtækið gjaldþrota. Síðar sama ár var ullarvinnslufyrirtækið Ístex stofnað upp úr rústum Álafoss.

FIÐ TÍMARITIÐ HÚSFREYJUNA ÚT Í 60 ÁR

# kvenna í sextíu ár



**GLEÐI Á HALLVEIGARSTÖÐUM** Stjórn Kvenfélagasambands Íslands ásamt ritstjóra Húsfreyjunnar sem á 60 ára útgáfuafmæli, aftari röð í miðið, og formanni útgáfustjórnar, fremri röð í miðið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

segir Húsfreyjuna eldast vel og þvertekur fyrir að efnistök blaðsins séu að úreldast. Blaðið sé um konur, fyrir konur og þvert á móti hafi vinsældir blaðsins aukist síðustu ár.

„Við erum alveg ákveðnar í því að meðan kemur út úr öllum rannsóknum og könnunum að karlar eru í meirihluta sem viðmælendur í fjölmiðlum, þá munum við vega upp þennan mismun og tala eingöngu við konur. Ég lít á það sem hlutverk Húsfreyjunnar, sem gefin er út af stærstu kvennasamtökum landsins, að koma íslenskum konum á framfæri,“ segir Kristín Linda. „Húsfreyjan hefur haft lag á því að halda sinni reisn en líka aðlagast samtímanum. Ég hef lagt áherslu á að gefa út efnismikið blað sem lesandinn klárar ekki á einu kvöldi og að blaðið sé uppörvandi lesning og hafi hvetjandi áhrif á konur.“

Hægt er að gerast áskrifandi að Húsfreyjunni á vefsíðunni, www.kvenfelag.is

**heida@frettabladid.is**

# Er þýðingarmikil fyrir götumyndina

Dómnefnd Skógræktarfélags Reykjavíkur hefur valið tré mánaðarins og að þessu sinni er það alaskaösp í garði við Langholtsveg 158.

Þórður Vigfússon byggði húsið árið 1954, en öspin var gróðursett um 1960. Núverandi húseigendur eru Helga Jónsdóttir, Gunnar Lúðvíksson, Linda Mjöll Gunnarsdóttir og Sveinbjörn Jóhannesson.

Í hretinu vorið 1963 skaddaðist öspin þegar miklar skemmdir urðu á trjám um sunnanvert landið. Þá höfðu verið hlýindi undangengnar vikur og tré tekin að laufgast þegar skall á norðanstórviðri um land allt eins og hendi væri veifað. Umrædd ösp lifði þó af og hefur vaxið gríðarlega síðan, mælist nú um 18,20 metra há og ummál í 1,30 metra hæð er 2,78 metrar. Þetta er því stórt, greinamikið og bolmikið tré sem setur mikinn svip á næsta nágrenni og götumyndina.



Á meðfylgjandi myndum má sjá Helgu Jónsdóttur ásamt tíkinni Freyju undir öspinni miklu. MYND/ÚR EINKASAFNI.



Nærmynd af stofni asparinnar við Langholtsveg.

Þess skal getið að ræktun á alaskaösp hófst 1944 og vex hún allra trjáa mest hér á landi. Hafa miklar tilraunir verið gerðar með ræktun hennar við mismunandi skilyrði og er nú hægt að velja það kvæmi sem best dugar í hverjum landshluta, svo dæmi sé tekið.

Tréð á Langholtsvegi 158 er eitt það sverasta sinnar tegundar á landinu.





Stepp ehf Ármúla 32 Sími 533 5060 www.stepp.is stepp@stepp.is



**Ert þú með viðskiptahugmynd?**

**Stofnun og rekstur fyrirtækja**

Námskeiðið hefst **4. apríl**.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** í síma **522 9000** og á vefsíðu okkar **www.nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar



**Fagor** þvottavél



PIPAR • SÍA • 90535

| | |
|---|---|
| A+ | Orkunýtni |
| A | Þvottahæfni |
| B | Þeytivinda |

Fagor þvottavél
3F-111
1100 snúninga þeytivinda.
5kg hleðsla.
Tilboð **75.900**

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011 · Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800 · Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200



**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**







NOKKUR ORÐ

**Alma Guðmundsdóttir**

# John of God frá Brasilíu

Það eru tvö ár síðan ég sá heimildarmynd á BBC um mann sem er kallaður João de Deus eða John of God. Þar var sýnt hvernig John hefur hjálpað fólki sem þjáist af hinum ýmsu sjúkdómum með því að leggja hendur yfir það eða framkvæma skurðaðgerðir þar sem lítið sem ekkert blæðir. Ég hef hugsað reglulega um þennan mann síðan ég sá myndina og oft furðað mig á því af hverju ég hafði ekki heyrt á hann minnst fyrr, því mörg hundruð þúsund manns fara til Brasilíu árlega til að leita lækninga hjá honum.



John, sem er fæddur 1942, hefur verið skyggn frá því hann var barn, en þegar hann varð sextán ára birtist honum sýn sem varð til þess að lækningamáttur hans kom í ljós. Sjálfur segist hann ekkert hafa með lækningamátt sinn að gera heldur sé almættið að starfa í gegnum hann og í 43 ár hefur hann helgað sig lækningum endurgjaldslaust.

Jafnvel mesta efahyggjufólk sem talað var við í myndinni og var orðið ráðþrota á meðferðarúrræðum, varð fyrir lækningu á einhvern óútskýranlegan hátt. Sumir strax, en aðrir eftir nokkurra vikna dvöl á setri hans Casa de Dom Inácio de Loyola í Brasilíu þar sem fjöldi fólks starfar í sjálfboðavinnu við að aðstoða John. Sjálfur segist hann vera í trans þegar hann framkvæmir skurðaðgerðir og ekki muna eftir þeim, en ef hann getur ekki læknað fólk af einhverjum ástæðum segir hann því heiðarlega að hann geti ekki hjálpað.

Saga Johns hljómar ef til vill eins og aprílgabb, en þessi magnaði maður er svo sannarlega til. Hann er uppi í dag og er að hjálpa fjölda fólks núna, á þessari stundu.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



100 + 650
1. vinningur

ÍSLENSKI BÓNUS VINNINGURINN
16 MILLJÓNIR

# 750 MILLJÓNIR

ATH. Þetta er ekki aprílgabb

## Sumar í Evrópu, sölukössum lokað klukkutíma fyrr á sumrin – kl. 16.

Potturinn í Víkingalottóinu stefnir í 100 milljónir, Ofurpotturinn stefnir í 650 milljónir og íslenski bónuspotturinn stefnir í 16 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða á næsta sölustað eða á lotto.is**

Fáðu þér miða fyrir kl. 16 í dag eða taktu séns á að missa af þessu!

VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum!

ENNEMM / SÍA / NM37469

**! á morgun kl. 12**

*Þóra Einarsdóttir heldur á morgun tónleika í hádegistónleikaröð Hafnarborgar með undirleik Antoníu Havesi. Á efnisskránni eru aríur eftir Mozart. Þóra hefur frá unga aldri átt glæsilegan feril í Þýskalandi og víðar um Evrópu og sungið í mörgum virtum óperuhúsum. Hún er ótvírætt einn helsti túlkandi Mozarts hér á landi.*

# menning

menning@frettabladid.is

## ÞÞÞ þrunginn af djassi í Múlanum

Áfram heldur viðamikið prógramm Múlans sem nú er sestur að undir Café Cultura í Skuggahverfinu.

Næstu tónleikar Jazzklúbbsins Múlans verða haldnir þar annað kvöld. Þar kemur fram ÞÞÞ kvintettinn sem flytur nýja tónlist eftir trommuleikarann Þorvald Þór Þorvaldsson sem nýfluttur er til landsins eftir sex og hálfs árs búsetu í Bandaríkjunum.

Tónleikarnir verða liður í undirbúningi fyrir upptökur á nýrri plötu með tónlist hans, en tónlist sína kallar Þorvaldur „emo-jazz“ þ.e. lágstemmd, tilfinningaþrungin nútíma heimstónlist undir sterkum djassáhrifum. Bandaríski bassaleikarinn Jon Estes kemur sérstaklega til landsins frá Brooklyn til að spila á tónleikunum. Aðrir hljóðfæraleikarar eru úr hópi fastra og sterkra stoða djasslífsins á Íslandi, bræðurnir Óskar og Ómar Guðjónssynir ásamt Eyþóri Gunnarssyni.

Tónleikar Múlans fara fram í Jazzkjallaranum á Café Cultura, Hverfisgötu 18, gegnt Þjóðleikhúsinu og hefjast þeir kl. 21.



**TÓNLIST** Þorvaldur Þór Þorsteinsson kominn heim í heiðardalinn og djassar í Múlanum.

**>Ekki missa af**

Sýningu Söngskóla Sigurðar Demetz á Töfraflautunni eftir Mozart. Nemendaópera skólans ræðist í að setja á svið óperu með hljómsveit, kór og öllu sem til þarf og er það gert undir öruggri stjórn Keiths Reed. Sýningar verða í Lindakirkju í Kópavogi í kvöld kl. 20 og á föstudag kl. 20.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

**LEIÐRÉTTING**

Ranghermt var hér á síðunni í gær að hópur Jóns Páls Eyjólfssonar, Jóns Atla Jónassonar og Halls Ingólfssonar heiti Mindcamp - hann heitir Mindgroup. Beðist er afsökunar á þessari meinloku gagnrýnanda.







# Sköpun heimsins í tónum

**Páskatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru annað kvöld og verða með glæsilegasta móti. Flutt verður Sköpunin eftir Joseph Haydn sem er eitt vinsælasta kórverk klassíska tímans og eitt af meistaraverkum Haydns.**

Um þessar mundir eru liðin 200 ár frá dauða þessa mikla snillings sem hafði gífurleg áhrif á þróun tónlistarinnar með verkum sínum. Ásamt Sinfóníuhljómsveitinni taka tveir kórar þátt í flutningnum, en einnig koma þrír einsöngvarar og hljómsveitarstjóri til landsins sem öll hafa sérhæft sig í flutningi á Sköpuninni. Stjórnandinn er Paul McCreesh. Er ekki ofsögum sagt að hingaðkoma hans sætir tíðindum: McCreesh er einn fremsti túlkandi gamallar tónlistar í heimi. Hljóðritanir hans á tónlist, barokkendurreisnar- og klassíska tímans hafa hlotið viðurkenningu um allan heim fyrir kraft, skýrleika og innsæi. Hljóðritun hans á Sköpuninni 2008 hlaut Gramophone-verðlaunin sem geisladiskur ársins í flokki söng- og kórtónlistar.

Einsöngvarar eru breski tenórinn James Gilchrist sem kemur til landsins beint úr tónleikaferð þar sem hann syngur Sköpunina, þýski barítóninn Stephan Loges og sópransöngkonan Rebecca Bottone. Einnig taka tveir kórar þátt í flutningnum; Kór Áskirkju og Hljómeyki.



**TÓNLIST** Vanur maður, Paul McCreesh, stjórnar Sinfóníunni og samsettum kórum Áskirkju og Hljómeykis í flutningi á Sköpun Haydns annað kvöld.
MYND SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Fyrsti flutningur Sköpunarinnar fór fram í Vínarborg 1798, og fyrsti opinberi flutningurinn í Burgtheater ári síðar. Í bæði skiptin var verkið sungið á þýsku, en þegar Sköpunin var gefin út á nótum árið 1800 var textinn bæði á ensku og þýsku, og var það í fyrsta sinn sem verk var hugsað í tvítyngdri útgáfu allt frá byrjun. Á Íslandi hefur þýska útgáfan heyrst mun oftar en sú enska, en nú mun enski textinn hljóma, sem McCreesh hefur lagfært á nokkrum stöðum til að hann falli betur að söngllínunum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands tók síðast þátt í flutningi þessa magnaða verks fyrir tuttugu árum. Tónleikarnir eru í Háskólabíói og hefjast klukkan 19.30. Verkið er flutt án hlés en bein útsending verður frá tónleikunum á rás 1 Ríkisútvarpsins. **pbb@frettabladid.is**

# Auðun og ísbjörninn

Í kvöld frumsýnir Kómedíuleikhúsið á Ísafirði nýtt íslenskt leikverk, Auðun og ísbjörninn, í Tjöruhúsinu á Ísafirði. Leikurinn er byggður á Íslendingaþættinum Auðunar þáttur vestfirzka sem er einn besti og vinsælasti allra Íslendingaþátta.

Hér segir frá bóndastrák frá Vestfjörðum sem leggst í víking og á vegi hans verður taminn ísbjörn. Auðun ákveður að gefa Sveini Danakonungi ísbjörninn og hefst þá ævintýralegt ferðalag piltsins og bjarnarins. Höfundur og leikstjóri er Soffía Vagnsdóttir og leikari er Elfar Logi Hannesson. Tónlistin í leiknum er eftir Hrólf Vagnsson en Bára Grímsdóttir og Steindór Andersen flytja söngvana. Höfundar leikmyndar eru Kristján Gunnarsson og Marsbil G. Kristjánsdóttir en hún hannar einnig ísbjörninn, leikmuni og leikgervi. Búninga gerir Alda Veiga Sigurðardóttir. Uppselt er á frumsýningu en önnur sýning verður laugardaginn 4. apríl kl. 14. Einnig verður leikurinn sýndur tvívegis um páskana á Ísafirði í tengslum við Skíðaviku og Leikhúspáska á Ísó sem eru nú haldnir í fyrsta sinn. Eftir páska verður haldið í leikferð með Auðun og Ísbjörninn um Vestfirði og jafnvel víðar.



**LEIKLIST** Einar Logi og Alda Veiga í gervum sínum á ísfirskri strönd. MYND KOMEDÍULEIKHÚSIÐ

Kómedíuleikhúsið er fyrsta og eina atvinnuleikhúsið á Vestfjörðum. Leikhúsið hefur starfað fyrir vestan með miklum blóma síðan um síðustu aldamót og sett á svið fjölmörg leikverk. Þekktasti leikur Kómedíu er Gísli Súrsson sem hefur verið sýndur um 200 sinnum bæði hér heima og erlendis og unnið tvívegis til verðlauna á erlendum leiklistarhátíðum.

Af öðrum einleikjum Kómedíu má nefna Mugg, Stein Steinarr, Pétur og Einar, Dimmalimm og Jólasveina Grýlusyni. Kómedíuleikhúsið sér einnig um listræna stjórn leiklistarhátíðarinnar Act alone á Ísafirði sem er helguð einleikjum. Act alone fékk Menningarverðlaun DV árið 2008.

Act alone verður haldin sjötta árið í röð dagna 14.-16. ágúst nú í ár.

- pbb

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 45733 03/09




**Færðu gæsahúð þegar þú sérð tignarleg fjöll og ægifagurt landslag?**

**Kanntu vel við þig í hlýlegri borg?**

**Langar þig að sigla á Kyrrahafinu?**

Frá og með 22. júlí í sumar bjóðum við reglulegt áætlunarflug til Seattle.

Kynntu þér málið á www.icelandair.is

**HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ**

ICELANDAIR

*Flug aðra leiðina með sköttum. Ferðatímabil 22. júlí til og með 30. september. Sölutímabil til og með 3. apríl.

# Híbýli hafsins hinsta skjól flóttafólks

**LEIKLIST**

**Sædýrasafnið**

eftir Marie Darrieussecq.
**Þýðing:** Sjón.
**Leikmynd og búningar:** Guilio Lichtner. **Tónlist og hljóðmynd:** Barði Jóhannsson. **Lýsing:** Scott Zielinski. **Sviðshreyfingar:** Erna Ómarsdóttir og Damien Jalet. **Leikstjóri:** Arthur Nauzyciel.

★★

Listviðburður sem reynir á haus og rass



Fjölþjóðasamvinna með Frakkland í fararbroddi. Sýning sem er á leiðinni til Frakklands þar sem Ísland verður einnig kynnt með öðrum menningarviðburðum í vor.

Ýmsu hefði mátt sleppa eins og til dæmis nafninu. Þetta hefði nefnilega getað verið svo margt annað en sædýrasafn, en með því að njörva heitið svona niður takmarkast hugflæði áhorfenda nokkuð. Engu að síður var það einmitt það sem áhorfendur þurftu á að halda, sínu eigin hugflæði. Hér flæddi allt í vatni og skírskotunum í umgjörð sem hefði getað verið plastpoki fljótandi úti á hafi eða laxeldisbömmer eða neðanjarðarbyrgi eða raunveruleikasjónvarpsþáttur eða umsnúin túlkun á Dagbók Önnu Frank.

Á föstudagskvöldið var frönsk frumsýning „dans le box“, í kassanum. Og þetta var líka dans í boxi, dans í hjúp, örlagasaga systra eða metingur um hver kann og getur betur lifað af við óeðlilega aðstæður. Kannski var þetta saga um tvær systur sem alltaf voru að metast á. Önnur var barnlaus en hin eignaðist tvö. Sú barnlausa bætti sér það upp með því að fóðra og laða til sín sæskrímsli sem hún sagði að væri kvenkyns og fékk því nafnið Bella, hin fagra og fína, meðan börnin tvö sem hin systirin átti voru eins og samvaxinn ósjálfstæður bergmálshnykill sem veltur um í þessari einangruðu tilveru án framtíðar eða eigin frumkvæðis. Er þetta draumur systranna um ferðina til Moskvu, að vísu er hún Moskva hér París, hin undursamlega Parísarborg, eða er þetta aðferð til þess að gera áhorfendur að glöðum þátttakendum með því að smokra inn í textann að hin raunverulega paradís sé í dropa af sólarkaffi á Ísafirði?

Er þetta leiklistartilraun í smart upplýstu rými þar sem plast og vatn mætist eins og eftirlíking hvert af öðru? Er þetta hugmynd um það hvernig fólk bregst við þegar allt sem það átti er tekið af því? Þetta er löng sýning í heillandi umgjörð þar sem hin ýmsu kynjahljóð og fjarrænn söngur hleypa hugmyndafluginu af stað þó ekki í algert frelsi heldur niður í hafdjúpin eða í þau samskipti sem birtast millum manna og hafs. Hjónin Karl og Mæja eru á heimavelli. Þau eru í beinu sambandi við þær skepnur sem þau eru að annast, eða þjóna og hin hjónin Villi og Elísabet flytja til þeirra með viðundrin börnin sín tvö sem virðast helst vera samvaxin inni í einhvers konar hljóðvél. Plastskreyttur hermaður birtist einnig í þessari einkennilegu tilveru. Villi sem Björn Hlynur Haraldsson ljær líf er algerlega með það á heilanum hvernig hann og hans kynslóð lifði af það stríð sem hann lenti í, hann er eins konar gagnrýnisrödd sem skilur ekki ungviðið.

Inni í hinum blauta búningi skrímislisstelpunnar Bellu dansar og rykkist Damien Jalet og sem frumskrímslisdansari á íslensku leiksviðið hlýtur frammistaða hans að teljast sigur. Þau Vigdís Hrefna Pálsdóttir og Ívar Örn Sverrisson flétta saman öngum sínum í hlutverkum Lilla og Lóló með skrumskældum röddum eins og úr dollu tala þau í kór og samvaxin ýmist skríða þau eða tölta um í raun eins og fulltrúar mjög margra ungmenna sem eins og mamman segir í textanum hafa horft of mikið á sjónvarp. Hlutverk þeirra er fremur eins og einhvers konar effekt heldur en eiginleg persónusköpun.

Með hlutverk Lísu eða Elísabetar fer Elva Ósk Ólafsdóttir og það má segja að túlkun hennar á þeirri persónu sé þannig að hún verður sú eina sem við virkilega kynnumst. Elva ljær henni festu og sterkan vilja, það er spennandi að fylgjast með henni og hver athöfn trúverðug. Leikstjórinn hefur aftur á móti valið að láta eiginmann hennar leika á allt öðrum nótum sem gerir það að verkum að hann í samanburði við hana verður einhvers konar myndskreyting.

Systirin Mæja sem Margrét Vilhjálmsdóttir leikur hefur aftur á móti yfirmáta dramatíska nálgun eins og samsett af litlum hólfum. Stefán Hallur Stefánsson leikur unga manninn Karl sem hefur ýmsum verkum að sinna eins og til dæmis að sjá um matarforðann og nær hann jafnri túlkun þó svo að áhorfendur kynnist nú vart persónunni á nokkurn máta. Kannski er það meiningin með verkinu að aðeins móðirin verður auðskilin persóna, allir aðrir eru bara hópur í tilraun um það hversu margar appelsínur eða sundurskornir tómatar nægja til þess að lifa af við undarlegar aðstæður.

Höfundur verksins Marie Dariieusecq er ein af frægustu skáldkonum Frakka í dag. Þetta er fyrsta leikritið hennar og það skrifað fyrir íslenskt leikhús sem hlýtur að teljast til merkra listviðburða. Hitt er svo annað mál hversu merkur þessi listviðburður er, því í formi sem þessu verður auðvitað að gæta hófs í sambandi við úthald áhorfenda. Þessi sýning með bæði boðskap sínum og hinu hljóð- og myndræna samspili hefði verið hreint frábær ef skærunum og taktsprotanum hefði verið beitt af einhverri hörku þannig að sýningin hefði orðið helmingi styttri og þar með kannski helmingi betri. Auðvitað þjást þeir sem einhverra hluta vegna eru settir í geymslu úti á hjara veraldar og ef það er meiningin að áhorfendur eigi líka að þjást, finna fyrir bakinu, teygja úr fótunum og nudda ísköld hné, þá hefur þessi sýning algerlega hitt í mark.

**Elísabet Brekkan**



**HÖNNUNARSAMKEPPNI** Minnistafla Ingibjargar Hönnu Bjarnadóttur.

# Minnistafla Errós

Úrslit í hönnunarsamkeppni sem Listasafn Reykjavíkur, Kraumur og Hönnunarmiðstöð Íslands efndu til um nytjahlut með innblæstri eða tilvísun í listaverk eftir Erró voru tilkynnt á föstudag í tengslum við Hönnunardaga. Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir hlaut 500.000 króna verðlaun fyrir tillögu sína, Minnistöflu.

Keppnin var ætluð fagmenntuðum hönnuðum og þeim sem heyra undir aðildarfélög Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Listasafn Reykjavíkur og Kraumur auk Samtaka iðnaðarins lögðu til verðlaunaféð. Við val á vinningstillögunni var lögð áhersla á hönnunarþáttinn, notagildi og sölumöguleika vörunnar. Þá var litið til framleiðsluferilsins og þess hvort varan væri framleidd innanlands, þó slíkt réði ekki úrslitum.

Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir er fædd árið 1977 og hefur sýnt framúrskarandi dugnað og atorku sem hönnuður. Hún hefur komið fram með ýmsan varning sem notið hefur vinsælda. Erró veitti góðfúslegt leyfi fyrir því að verk hans yrðu notuð í samkeppnina í heild sinni eða hluti úr þeim. Stefnt er að því að Minnistaflan verði fáanleg í verslunum í maí.

**- pbb**



# NÝJA TESTAMENTIÐ KEMUR ÚT SEM HLJÓÐBÓK



## ÓMETANLEGT VEGANESTI Á LÍFSINS LEIÐ




Glæsilegur tvöfaldur geisladiskur
með vönduðum upplestri á Nýja testamentinu
sem kom út í nýrri þýðingu árið 2007.

*Lesarar eru Guðrún Ásmundsdóttir,*
*sr. Hjörtur Pálsson, hr. Karl Sigurbjörnsson,*
*hr. Sigurbjörn Einarsson, Þórunn Hjartardóttir,*
*Ævar Kjartansson og sr. Örn Bárður Jónsson.*

JPV ÚTGÁFA
**www.forlagid.is**



Hljóðbókin er vistuð í MP3-skrám á tveimur diskum sem hægt er að spila í tölvum, Daisy-spilurum og flestum DVD-spilurum auk þess sem afrita má skrárnar yfir á MP3-spilara til eigin nota. Athugið að flestir venjulegir geislaspilarar geta ekki lesið diskana. Heildarafspilunartími er 24 klst. og 2 mín.

## > FÉKK BARN Í AFMÆLISGJÖF

Leikkonan **Alyson Hannigan** fékk frábæra afmælisgjöf á þriðjudaginn þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn. Hannigan varð 35 ára daginn sem dóttirin Satyana kom í heiminn. Alyson Hannigan er gift **Alexis Denisof** en þau kynntust við tökur á Buffy the Vampire Slayer árið 2000. Hún er annars þekktust fyrir hlutverk sín í American Pie og gamanþáttunum How I Met Your Mother.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Fangar afþakka blús

Halldór Bragason og félagar í Nordic All Star Blues Band fá ekki að spila blús fyrir fangana í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg við setningu Blúshátíðar í Reykjavík 4. apríl.

„Við blúsarar höfðum hugsað okkur að spila nokkur lög í fullum trúnaði og kærleika fyrir okkar minnstu bræður sem komast ekki á Blúshátíð,“ segir Halldór sem fékk þau svör að fangarnir sjálfir hafi afþakkað heimsóknina. Honum þykir útskýringin frekar þunn í roðinu og telur að fangaverðirnir geti ekki talað fyrir munn fanganna, sem flestir séu vafalítið miklir blúsarar. „Við ætlum að gera okkar glaðan dag á laugardaginn og þetta átti að vera okkar fyrsta verk,“ segir Halldór. „Ég hef ekki tíma til að eltast við einhverja neikvæðni. Við verðum tilbúnir þegar kallið kemur.“ - fb



**HALLDÓR BRAGASON** Ómþýðir blústónar Halldórs og félaga fá ekki að hljóma í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vill Britney og Justin

**Michael Jackson er sagður hafa beðið þau Britney Spears og Justin Timberlake um að syngja með sér á einhverjum af þeim fimmtíu tónleikum sem hann ætlar að halda í London á árinu.**



MICHAEL JACKSON

**Jackson óttast að erfitt verði að halda ferskleikanum í svona langri tónleikaröð. Hugmyndin er að þau syngi á fimm tónleikum hvort. Hann hefur líka beðið Timbaland um að syngja með sér.**



**JIMI HENDRIX** Verið er að rífa niður æskuheimili gítarsnillingsins sem lést árið 1970.

# Æskuheimili Hendrix rifið

**Verið er að rífa niður æskuheimili gítarsnillingsins Jimi Hendrix í borginni Seattle í Bandaríkjunum. Hendrix bjó þar á aldrinum tíu til þrettán ára og fékk fyrst áhuga á tónlist á þeim tíma.**

**„Það er synd að enginn yfirmaður hjá borginni vildi bjarga staðnum þar sem Jimi bjó,“ sagði Charles R. Cross, höfundur ævisögu Hendrix. „Við skulum hafa það á hreinu að hann er frægasti náunginn sem hefur nokkurn tíma fæðst í Seattle.“**

**Eitthvað af upprunalegum innanstokksmunum hússins verður þó varðveitt, þar á meðal eldhússkápar, baðkarið og hurðin sem gengið var um baka til.**

# IRON MAN 2 TIL ÍSLANDS

**Stór sena fyrir bandarísku stórmyndina Iron Man 2 verður tekin upp í nágrenni Svínafellsjökuls eftir páska. Áheyrnarprufur fara fram í myndasögubúðinni Nexus í dag.**

Stór hópsena fyrir bandarísku stórmyndina Iron Man 2 verður tekin upp í nágrenni við Svínafellsjökul strax eftir páska. Þetta hefur Fréttablaðið eftir áreiðanlegum heimildum. Hópur leikmunasmiða er væntanlegur til landsins fyrir helgi og er reiknað með að vinna við leikmyndina hefjist strax á laugardaginn. Reykjavik Castings hefur boðað til áheyrnarprufa í spilasal Nexus við Hverfisgötu í dag klukkan tólf og staðfesti framkvæmdastjóri fyrirtækisins það í samtali við Fréttablaðið. „Þeir þurfa í kringum hundrað manns, af öllum stærðum og gerðum,“ segir Alexía Björg Jóhannesdóttir hjá Reykjavík Casting.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru tvær ástæður fyrir að ákveðið var að taka senuna á Íslandi. Hækkun endurgreiðslu til kvikmyndagerðarmanna og veik staða krónunnar vógu þar þungt en leikstjórinn mun einnig hafa heillast af landslaginu við Svínafellsjökul. Um er að ræða sama svæði og notast var við í Batman Begins.



**STÓRLEIKARAR** Robert Downey Jr., Scarlett Johansson og Mickey Rourke eru í aðalhlutverkum í kvikmyndinni Iron Man 2. Stór hópsena fyrir myndina verður tekin upp á Svínafellsjökli strax eftir páska. Áheyrnarprufur verða í spilasal Nexus á Hverfisgötu í hádeginu.

Leikstjóri Iron Man 2 er Jon Favreau og mun hann koma hingað til lands ásamt fimmtíu manna tökuliði. Ekki er talið líklegt að stjörnur leikhópsins verði með í för. Með aðalhlutverk í Iron Man fer Robert Downey Jr. en af öðrum leikurum í myndinni má nefna Scarlett Johansson og Mickey Rourke. Fyrsta Iron Man-myndin sló í gegn um allan heim í fyrra. Iron Man 2 verður frumsýnd á næsta ári.

Fulltrúi frá framleiðendum myndarinnar var væntanlegur í gærkvöldi en hann mun aðstoða Reykjavik Casting við að velja rétta fólkið. Gísli Einarsson, eigandi myndasöguverslunarinnar Nexus, var að vonum spenntur yfir þessu öllu þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Já, þetta er auðvitað frábært og það var minnsta málið að leyfa þeim að fá afnot af salnum undir svona áheyrnarprufu.“ freyrgigja@frettabladid.is

# Talar fyrir Afro Samurai

Leikarinn Samuel L. Jackson ljær hinum nýútkomna tölvuleik Afro Samurai rödd sína. Leikurinn er byggður á samnefndum teiknimyndum sem Jackson talaði einmitt líka inn á og framleiddi.

Í Afro Samurai fara leikmenn í hlutverk einmana stríðsmanns sem þvælist um heiminn í leit að morðingja föður síns. För hans dregur hann djúpt inn í leyndardóma samúræjahefðanna. Í tölvuleiknum eru þekktar persónur úr teiknimyndunum og er allt aukaefnið gert með aðdáendur myndanna í huga. Tónlistin í leiknum er gerð af rapparanum RZA úr hljómsveitinni Wu Tang Clan.



**ÓVENJULEGT HLUTVERK** Leikarinn Samuel L. Jackson talar inn á tölvuleikinn Afro Samurai.






# Anita Briem leikur gegn Ofurmenninu

Anita Briem hefur verið ráðin í eitt aðalhlutverkanna í vampírukvikmyndina Dead of Night sem byggð er á myndasögu eftir hinn ítalska Tiziano Sclavi. Orðrómur hefur lengi verið á kreiki um að Anita myndi hreppa hlutverkið og nú virðist það vera staðfest samkvæmt kvikmyndavefnum ifmagazine.com. Ráðgert er að kostnaður við gerð myndarinnar verði í kringum 20 milljónir dollara sem samsvarar rúmlega tveimur milljörðum íslenskra króna.



**ÍSLANDSVINUR** Brandon Routh er mikill aðdáandi Íslands og er góðvinur Guðna Gunnarssonar, rope-jógameistara. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**Á FRUMSÝNINGU** Anita hefur verið dugleg að mæta á frumsýningar í Hollywood að undanförnu og hér er hún á frumsýningu I Love You Man. NORDICPHOTOS/GETTY

Anita mun samkvæmt ifmagazine.com-vefnum leika eina af ástkonum aðalpersónunnar; Dylan Dog en sá er leikinn af Brandon Routh sem fór á kostum í hlutverki Ofurmennisins fyrir nokkrum árum. Routh og Anita ættu að geta spjallað sitthvað um Ísland á tökustaðnum í New Orleans því Routh er góðvinur Guðna Gunnarssonar, ropejóga-meistarans, en Guðni aðstoðaði Routh við að takast á við frægðina.

Reiknað er með að myndin verði frumsýnd síðar á þessu ári en Anita hefur haft í nægu að snúast að undanförnu þrátt fyrir að hafa gefið hlutverk í þriðju seríu The Tudors frá sér. Hún leikur með annars litlu hlutverk í kvikmyndinni Everything will happen when you die og svo The Storyteller. - fgg

CITROËN



**Citroën C4 SX** (TD935)
1,6 bensín beinskiptur 5 dyra.
Filmur í afturrúðum ofl.
Skrd. 05/2005. Ek. 42.500 km.
Ásett verð 1.830.000 kr.
Afsláttur 440.000 kr.
**Tilboðsverð 1.390.000 kr.**
24% afsláttur.

## Nýttu þér páskatilboðin á notuðum Citroën

Komdu í Brimborg í dag
Bíldshöfða 8

# tölum saman

## um góð kaup á notuðum Citroën

Tölum saman. Við hjá Brimborg byrjuðum á því að tala við hvort annað og ákváðum að komið væri að góðu páskatilboði. Brimborg leggur sitt af mörkum. Talaðu við okkur um hvernig við getum staðið saman. Spörum gjaldeyrinn, kaupum notað. Komdu í Brimborg í dag. Sjáðu Citroën, Bíldshöfða 8.

selja gamla
kaupa nýjan eða notaðan

**Kauptu notaðan bíl. Eingöngu bílar sem sérfræðingar Citroën mæla með. Fjöldi annarra Citroën bíla í boði. Hringdu núna í síma 515 7000.**

Sýningar-bíll

**Citroën C3 SX** (GIM00)
1,4 bensín beinskiptur 5 dyra.
Óskráður sýningarbíll
Kostar nýr 2.680.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr.
**Tilboðsverð 2.280.000 kr.**
15% afsláttur.

**Citroën Berlingo SX** (VR356)
1,4 bensín beinskiptur 5 manna.
Skrd. 10/2004. Ek. 46.000 km.
Ásett verð 1.310.000 kr.
Afsláttur 320.000 kr.
**Tilboðsverð 990.000 kr.**
24% afsláttur.

**Citroën C4 Comfort** (TE728)
1,6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 07/2006. Ek. 24.200 km.
Ásett verð 2.430.000 kr.
Afsláttur 640.000 kr.
**Tilboðsverð 1.790.000 kr.**
26% afsláttur.

**Citroën C3 SX** (DH456)
1,6 bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrd. 12/2004. Ek. 47.800 km.
Ásett verð 1.420.000 kr.
Afsláttur 170.000 kr.
**Tilboðsverð 1.250.000 kr.**
12% afsláttur.

**Citroën C3 SX** (YA389)
1,4 bensín beinskiptur 5 dyra.
Bakkskynjari, þokuljós ofl.
Skrd. 08/2005. Ek. 50.500 km.
Ásett verð 1.570.000 kr.
Afsláttur 280.000 kr.
**Tilboðsverð 1.290.000 kr.**
18% afsláttur.

**Citroën C5 SX** (JL179)
2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Dráttarkrókur ofl.
Skrd. 10/2005. Ek. 55.500 km.
Ásett verð 2.350.000 kr.
Afsláttur 360.000 kr.
**Tilboðsverð 1.990.000 kr.**
15% afsláttur.

**Citroën C5 SX** (RF244)
1,8 bensín beinskiptur 5 dyra.
16" álfelgur ofl.
Skrd. 09/2005. Ek. 42.000 km.
Ásett verð 2.220.000 kr.
Afsláttur 630.000 kr.
**Tilboðsverð 1.590.000 kr.**
28% afsláttur.

Sýningar-bíll

**Citroën C3 SX** (DJZ91)
1,6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Óskráður sýningarbíll
Kostar nýr 2.990.000 kr.
Afsláttur 450.000 kr.
**Tilboðsverð 2.540.000 kr.**
15% afsláttur.

**Citroën Berlingo Sendibíll** (DY566)
1,4 75 hö bensín beinskiptur.
Hleðslurými 3,0 m$^3$, 6 dyra, þaklúga.
Skrd. 07/2005. Ek. 49.500 km.
Ásett verð með vsk 1.350.000 kr.
Afsláttur með vsk 360.000 kr.
Tilboðsverð með vsk 990.000 kr.
**Tilboðsverð án vsk 795.181 kr.**
27% afsláttur.

**Citroën Berlingo Sendibíll** (OU979)
1,4 75 hö bensín beinskiptur.
Hleðslurými 3,0 m$^3$, 6 dyra, þaklúga.
Skrd. 09/2005. Ek. 52.000 km.
Ásett verð með vsk 1.410.000 kr.
Afsláttur með vsk 220.000 kr.
Tilboðsverð með vsk 1.190.000 kr.
**Tilboðsverð án vsk 955.823 kr.**
16% afsláttur.

**Citroën Berlingo Sendibíll** (UU861)
2,0HDi 90 hö dísil beinskiptur.
Hleðslurými 3,0 m$^3$, 6 dyra, þaklúga.
Skrd. 05/2006. Ek. 47.000 km.
Ásett verð með vsk 1.660.000 kr.
Afsláttur með vsk 270.000 kr.
Tilboðsverð með vsk 1.390.000 kr.
**Tilboðsverð án vsk 1.116.466 kr.**
16% afsláttur.

**Citroën Berlingo Sendibíll** (YEX79)
1,4 75 hö bensín beinskiptur.
Hleðslurými 3,0 m$^3$, 6 dyra, þaklúga.
Óskráður sýningarbíll
Kostar nýr með vsk 2.620.000 kr.
Afsláttur með vsk 400.000 kr.
Tilboðsverð með vsk 2.220.000 kr.
**Tilboðsverð án vsk 1.783.132 kr.**
15% afsláttur.

Sýningar-bíll

## Við erum á tánum fyrir þig í dag.

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins.
Komdu í Brimborg í dag.




Aflaðu þér frekari upplýsinga
notadir.brimborg.is

Áfram Ísland

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is | www.citroen.is

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| MALL COP | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| MALL COP LÚXUS | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| KILLSHOT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 4 | L |
| WATCHMEN D | kl. 5.50 - 9 | 16 |
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 3.40 | L |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 3.40 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| REGNBOGINN | | |
|---|---|---|
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| KILLSHOT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE INTERNATIONAL | kl. 10.30 | 16 |
| HE´S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 6 - 9 | 12 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 | 12 |
| FANBOYS | kl. 6 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| THE BOY IN THE STRIPED PYJAMAS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| ARN THE NIGHT TEMPLAR | kl. 6 - 9 | 14 |
| LAST CHANCE HARVEY | kl. 10.20 | L |
| THE READER | kl. 8 | 14 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10 | L |
| MARLEY AND ME | kl. 8 - 10.10 | L |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 5.50 | 12 |
| | | 14 |

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




MIÐVIKUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR

| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| MALL COP | kl. 6, 8 og 10 | L |
| DUPLICITY | kl. 8 og 10.30 | 16 |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 6 | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| KNOWING | kl. 5:30 - 8D - 10:30D | 12 |
| KNOWING | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 5:50D - 8 | L |
| DUPLICITY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| WATCHMEN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| ELEGY | kl. 5:50 | 12 |
| GRAN TORINO | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| BEVERLY CHIHUAHUA m/ísl tali | kl. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| KNOWING | kl. 8D - 10:30D | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 5:50D | L |
| WATCHMEN | kl. 7D - 10D | 16 |
| CONFESSIONS SHOPAHOLIC | kl. 5:50 - 8 | L |
| GRAN TORINO | ekki sýnd í dag | 12 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN | kl. 8 | 16 |
| GRAN TORINO | kl. 10:10 | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 8 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| KNOWING | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 8 | 7 |
| WATCHMEN | kl. 10 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THE INTERNATIONAL | kl. 8 | 16 |
| THE WRESTLER | kl. 8 | 14 |

SAMbio.is

# Böðulsvinna í fimbulkulda

**Brellumeistararnir Haukur Karlsson og Jóhannes Sverrisson höfðu í nógu að snúast við tökur á nýjustu mynd M. Night Shyamalan á vesturströnd Grænlands. Tökunum er nýlokið eftir rúmra fjögurra vikna keyrslu.**



**MIKIL LÍFSREYNSLA** Haukur og Jóhannes störfuðu við hrikalegar aðstæður á Grænlandi við tökur á myndinni The Last Airbender. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Myndin nefnist The Last Airbender og er byggð á vinsælum bandarískum teiknimyndum í japönskum manga-stíl. Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum fengu þeir Haukur og Jóhannes verkefnið í gegnum bandaríska vini sína sem störfuðu með þeim við tökur á Flags of Our Fathers hér á landi í leikstjórn Clints Eastwood.

Haukur segir að á ýmsu hafi gengið við tökurnar, enda rúmlega þrjátíu stiga frost á svæðinu. „Hérna var tvisvar sinnum stórhríð og allt á kafi í snjó. Við þurftum að moka upp leikmyndina í eitt skiptið, húna hvarf nánast alveg,“ segir hann. „Allir flutningar á tökustað fóru fram með þyrlum og við vorum með megnið af þyrlum Grænlands undirlagðar á tímabili. Þetta var böðulsvinna því þetta voru svo hrikalegar aðstæður. Maður flýgur út á mitt hálendið í 33 stiga frosti. Bara að reyna að berja draslið í gang var eitt stórvirkið því það frýs allt um leið. Það var ekki einu sinni hægt að taka vatnsflösku með sér.“ Telur hann verkefnið það erfiðasta sem hann hafi nokkru sinni tekið að sér á áralöngum brelluferli sínum.

Með helstu hlutverk í myndinni fara Dev Patel, aðalleikari Óskarsverðlaunamyndarinnar Slumdog Millionaire, og Jackson Rathbone úr vampírumyndinni Twilight. Haukur ber þeim vel söguna og eru tónleikar sem Rathbone hélt fyrir tökuliðið eitt kvöldið sérlega minnisstæðir, en hann er meðlimur hljómsveitarinnar 100 Monkeys. „Þetta er ósköp venjulegt fólk. Þetta er það lítill staður að ég held að það sé ekkert pláss fyrir nein risaegó hérna. Það hefði verið hálfhjákátlegt því við búum öll á sama hótelinu,“ segir Haukur, sem vingaðist samt fremur lítið við stjörnurnar. „Þetta er allt voða deildaskipt. Í Ameríku er ekki beint ætlast til þess að þú sért að angra listamennina. Það er engin stemning fyrir því en þetta er voða alþýðlegt fólk.“

The Last Airbender er fyrsta kvikmyndin sem M. Night Shyamalan, sem sló í gegn með Sixth Sense, tekur ekki upp í heimaborg sinni Fíladelfíu. „Þetta er meira og minna allt sama fólkið sem hann ræður mynd eftir mynd. Hann var með sinn einkakokk og alla fjölskylduna með sér. Hann er ofboðslega jarðbundinn og þægilegur náungi.“

Tökur á myndinni halda nú áfram í Bandaríkjunum en þeir Haukur og Jóhannes verða áfram á Grænlandi fram í næstu viku að ganga frá. Fari svo að The Last Airbender slái í gegn þegar hún verður frumsýnd á næsta ári verða tvær framhaldsmyndir gerðar. Sú síðari verður þá tekin upp á Grænlandi og munu Haukur og Jóhannes þá endurnýja kynni sín af Shyamalan og félögum.

freyr@frettabladid.is

# Ástin blómstrar hjá Sigur Rós

Plata Sigur Rósar, (), er í fimmtánda sæti á lista yfir rómantískustu plötur allra tíma, að mati tónlistarsérfræðinga Amazon.com. Á sama lista er Homogenic með Björk í 81. sæti af hundrað.

Í efsta sæti á listanum er Let´s Get It On með Marvin Gaye og í öðru er Sings For Two In Love með Nat King Cole. Skammt undan Sigur Rós á listanum eru listamenn á borð við Andrea Bocelli, Norah Jones og Frank Sinatra.

Önnur plata með Sigur Rós, Ágætis byrjun, er jafnframt í 48. sæti yfir bestu indíplötur allra tíma samkvæmt Amazon.com.



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós á 15. rómantískustu plötu allra tíma samkvæmt Amazon.com. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í efsta sæti á þeim lista er plata Guided By Voices, Bee Thousand og í öðru er Neutral Milk Hotel með In the Aeroplane Over the Sea. Engar EP-plötur, smáskífur eða safnplötur mátti velja á listann og allar plöturnar urðu að vera gefnar út hjá sjálfstæðu útgáfufyrirtæki. Einnig mátti aðeins velja eina plötu frá hverri hljómsveit. Á meðal annarra verka á listanum eru Surfer Rosa með Pixies (8. sæti) og Funeral með Arcade Fire (24. sæti).

Á öðrum lista Amazon yfir bestu frumburði allra tíma náði Björk Guðmundsdóttir 91. sæti með plötuna Debut. Þar lenti U2 í efsta sætinu með plötuna Boy, Miles Davis í öðru með Birth of the Cool og í þriðja sæti varð platan The Velvet Underground & Nico. - fb

MasterCard 2 fyrir 1 á morgun kl. 20.00




MasterCard korthafar fá tvo miða á verði eins á sérstakar MasterCard forsýningar fimmtudaginn 2. apríl kl. 20.00, í Laugarásbíói, Smárabíói, Sambíónum Álfabakka og Borgarbíói Akureyri, greiði þeir með kortinu

LAUGARÁSBÍÓ SMÁRABÍÓ ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN BORGARBÍÓ

Fermingartilboð

# Stólaðu á **framtíðina**





**Dealer**
Alhliða skrifborðsstóll án arma.
Litur: blár og svartur
Verð áður: 22.400 kr.
**Fermingartilboð: 14.900 kr.**



**Kinnarps**
Kinnarps KN5222 er fjölstillanlegur stóll með fljótandi setu og bakhalla, sem fylgir hreyfingum notandans. Stóll sem lagar sig að þínum þörfum.
Litir: blár, svartur og grár
Verð áður: 103.700 kr.
**Fermingartilboð: 69.900 kr.**



**Panto Move**
Með 3D búnaði sem fylgir hreyfingum notandans. Hefur slegið í gegn sem nemendastóll í skólum landsins. Hönnuður Verner Panton.
Litur: dökkgrár
Verð áður: 35.700 kr.
**Fermingartilboð: 29.900 kr.**

Nú fara fermingarbörnin óðum að ganga út úr kirkjunum og setjast við skrifborðin og búa sig undir nám næstu árin. Skrifborðsstóll frá Pennanum er tilvalin fermingargjöf – hann kemur örugglega í góðar þarfir og er auk þess á tilboði!

ENNEMM / SIA / NM34792

Tilboðin gilda til 30. apríl.

Hallarmúla 4 Reykjavík 540 2000 Hafnarstræti 91-3 Akureyri 540 2180 www.penninn.is

### > Ekki uppselt á Hampden

Fulltrúar skoska knattspyrnusambandsins telja ólíklegt að uppselt verði á leik Skotlands og Íslands sem fer fram á Hampden Park í Glasgow í kvöld. Völlurinn tekur 50 þúsund manns og höfðu í gærkvöldi um 40 þúsund miðar selst. Skotar hafa verið einkar duglegir að fjölmenna á útileiki liðsins og voru til að mynda 16 þúsund Skotar í Amsterdam um síðustu helgi þótt ekki hefðu allir miða á leik sinna manna gegn Hollandi. En áhuginn heima fyrir virðist fara dvínandi enda hafa Skotar ekki unnið leik á Hampden Park í næstum tvö ár.



**sport**

sport@frettabla-

**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN:** ER EKKI LENGUR MEÐ MAGAKVEISU OG KLÁR Í SLAGINN Í KVÖLD

# *Það ríkir mikil tilhlökkun meðal leikmanna*

Eiður Smári Guðjohnsen segir að leikmenn hlakki mjög til að takast á við sterkt landslið Skota á Hampden Park í Glasgow í kvöld. Leikurinn er liður í undankeppni HM 2010 og það lið sem sigrar verður komið í ansi vænlega stöðu. „Nú erum við aftur komnir í þá stöðu að við fáum tækifæri til að ná lengra í keppni eins og þessari. Við vitum að það er búist við því að við stöndumst álagið sem fylgir slíkum áskorunum og sé ég enga ástæðu fyrir því að það sé ekki hægt," sagði Eiður á blaðamannafundi í gær.

„Ég held að leikurinn verði svipaður og aðrir leikir milli liðanna hafa verið. Þetta hafa yfirleitt verið nokkuð jafnar viðureignir en við höfum mátt þola nokkra pressu frá þeim í upphafi leiksins. Það verður mikilvægast að við stöndum af okkur þann kafla. Við höfum líka alltaf fengið okkar tækifæri og yfirleitt náð að skora," sagði Eiður.

Hann sagði að leikmenn íslenska liðsins væru hungraðir og að þeir hlökkuðu til. „Við vitum vel að með sigri erum við komnir í góða stöðu. Við vitum líka að við erum að fara mæta sterku skosku landsliði sem er með frábæran heimavöll. Við þurfum bara að minna sjálfa okkur á að þetta er hægt."



Spurður um styrkleika skoska landsliðsins sagði Eiður að þar væri það liðsheildin, líkt og hjá íslenska landsliðinu. „Þeirra styrkleiki liggur í öflugri liðsheild og því megum við eiga von á mjög hörðum leik."

Hann átti þó ekki von á því að hann yrði neitt sérstaklega tekinn úr umferð af andstæðingum sínum í leiknum. „Ég hef yfirleitt verið sá leikmaður sem hefur fengið mestu athyglina fyrir leikina en ég held að það skipti engu máli þegar hann svo hefst. Ég mun reyna að spila minn bolta og hjálpa mínum samherjum. Svo lengi sem við vinnum saman sem eitt lið getum við náð góðum árangri."

Skömmu fyrir landsleikjatörnina bárust fregnir af því að Eiður hefði þurft að sleppa æfingu hjá Barcelona vegna magakveisu. Hann var spurður út í þetta á blaðamannafundinum. „Nei, ég er ekki lengur með magakveisu," sagði hann og brosti út í annað. „Hún gekk fljótt yfir."

Miklar vangaveltur um byrjunarlið Skota í dag:

# Fimm breytingar?

**FÓTBOLTI** Skoska pressan fjallaði í gær mikið um þær mannabreytingar sem gætu átt sér stað í byrjunarliði skoska landsliðsins fyrir leikinn gegn Íslandi í kvöld. Skotar töpuðu fyrir Hollandi um helgina, 3-0, og er hætt við því að menn missi sæti sitt í byrjunarliðinu vegna þessa.

Allan McGregor markvörður fékk sjaldgæft tækifæri í byrjunarliðinu í Amsterdam en hefur verið harkalega gagnrýndur fyrir frammistöðu sína í leiknum. Craig Gordon sat á bekknum en hann hefur verið aðalmarkvörður Skota undanfarin ár.

Þeir Stephen McManus og Alan Hutton voru ekki í vörn Skota um helgina vegna meiðsla en fastlega er reiknað með því að þeir verði báðir í byrjunarliðinu í kvöld á kostnað þeirra Christophers Berra og Grahams Alexander. Þeir Gary Teale og sóknarmaðurinn Kenny Miller eiga það á hættu að missa sín sæti. Teale átti vægast sagt slakan dag og Miller notaði þau fáu færi sem Skotar fengu í leiknum afar illa.

Talið er að James Morrison gæti tekið stöðu Teale og að hinn 22 ára gamli Stephen Fletcher hjá Hibernian verði í fremstu víglínu. Þá er ekki útilokað að Chris Iwelumo verði í sókninni og þá jafnvel við hlið annað hvort Millers eða Fletchers.

George Burley landsliðsþjálfari, hefur yfirleitt notast við 4-3-3 liðsuppstillingu en gæti freistast til þess að stilla upp sókndjörfu 4-4-2 liði. Það er enn mörgum spurningum ósvarað um byrjunarlið Skota, og líka Íslendinga, fyrir kvöldið. **- esá**



**ÍHUGULL** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari hefur um margt að hugsa fyrir leikinn mikilvæga í kvöld. Hann sést hér á æfingu á Hampden Park í gærkvöldi. MYND/KENNY RAMSAY

# Trúum á sigur gegn Skotum

**Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari telur að það lið sem muni tapa leik í Skotlands og Íslands í kvöld eigi enga möguleika á því að ná öðru sæti í riðli liðanna í undankeppni HM 2010. Jafntefli dugir báðum liðum skammt.**

**FÓTBOLTI** Ísland mætir í kvöld Skotlandi á Hampden Park í Glasgow í undankeppni HM 2010. Um er að ræða gríðarlega mikilvægan leik fyrir bæði lið sem vilja gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja sér annað sæti riðilsins.

„Ég held að það lið sem tapar þessum leik sé úr leik hvað annað sæti riðilsins varðar. Þar að auki tel ég að jafntefli muni gagnast báðum liðum lítið," sagði Ólafur á blaðamannafundi á Hampden Park í gær. Hann sagði þó bjartsýni ríkja bæði hjá sér og leikmönnum fyrir leikinn mikilvæga.

„Við settum smá pressu á okkur með því að gefa það út að við ætluðum að vinna þennan leik. En ég tel að allar forsendur séu til staðar til að það geti gengið upp. Ég trúi því og leikmennirnir eru á sama máli."

Ísland og Skotland eru sem stendur jöfn að stigum í öðru sæti riðilsins, bæði með fjögur stig eftir fjóra leiki. Hollendingar mæta Makedóníumönnum á sama tíma í kvöld og ef þeir fyrrnefndu halda uppteknum hætti má búast við því að það lið sem sigrar á Hampden Park í kvöld verði komið með þriggja stiga forystu á næsta lið í öðru sæti.

Hermann Hreiðarsson landsliðsfyrirliði sagði að það væri hefndarhugur í leikmönnum eftir að hafa alltaf tapað fyrir Skotum.

„Allir þessir leikir gegn Skotum hafa verið jafnir. Leikurinn í haust gat til að mynda farið á hvorn veginn sem var. En það er engu að síður ljóst að við þurfum að eiga hörkuleik til að eiga möguleika," sagði Hermann Hreiðarsson.

Ólafur bjóst ekki við því að tilkynna byrjunarliðið fyrr en á fundi með leikmönnum tæpum þremur klukkutímum fyrir leik.

„Ég er ekki búinn að ákveða byrjunarliðið því það er enn mörgum spurningum ósvarað. Ég fæ vonandi svör við þeim á æfingunni í kvöld," sagði hann í gær.

Nokkuð hefur verið um forföll í íslenska liðinu og fyrirséð að Ólafur þarf að stóla á unga og óreynda menn á miðju íslenska liðsins, þar sem Brynjar Björn Gunnarsson og Stefán Gíslason eru fjarverandi.

„Það var vissulega slæmt að missa þessa menn og ljóst að ég þarf því að velja reynsluminni menn. En ég hef samt ekki áhyggjur af þeim sem koma til með að spila þennan leik – þeir munu standa sig," sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari.



SKOTLAND-ÍSLAND
**EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON**
*skrifar frá Glasgow*
eirikur@frettabladid.is




Grindavík komið í úrslitin gegn KR eftir sterkan sigur, 75-85, í Hólminum:

# Helgi Jónas kveikti í Grindvíkingum

**KÖRFUBOLTI** Það verða KR og Grindavík sem leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta. Þetta varð ljóst í gærkvöld þegar Grindvíkingar lögðu Snæfellinga í fjórða leik liðanna í undanúrslitaeinvíginu 85-75.

**Snæfell-Grindavík 75-85**
**Stig Snæfells:** Lucious Wagner 21, Hlynur Bæringsson 15 (16 frák.), Sigurður Þorvaldsson 12, Jón Ólafur Jónsson 12, Magni Hafsteinsson 7, Atli Hreinsson 4, Gunnlaugur Smárason 3.
**Stig Grindavíkur:** Nick Bradford 23, Þorleifur Ólafsson 18, Helgi Jónas Guðfinnsson 14, Guðlaugur Eyjólfsson 9, Páll Kristinsson 8, Brenton Birmingham 6, Arnar Freyr Jónsson 4, Páll Axel Vilbergsson 3.

Leikurinn var jafn framan af og Snæfell hafði nauma forystu í hálfleik. Síðari hálfleikurinn var hins vegar betri hjá Grindvíkingum og setti pressuvörn þeirra heimamenn nokkuð út af laginu.



Menn eins og Helgi Jónas Guðfinnsson, Nick Bradford og Þorleifur Ólafsson sáu til þess með góðum rispum í síðari hálfleiknum að einvígið fór ekki í oddaleik. Segja má að það hafi verið gamli refurinn Helgi Jónas sem kveikti í Grindavíkurliðinu þegar hann skoraði ótrúlega körfu frá miðlínu þegar lokaflautið gall í þriðja leikhlutanum.

„Við vildum reyna að halda uppi hraðanum í leiknum og það gekk upp. Nú er bara að undirbúa sig fyrir seríuna við KR. Við höfum unnið þá einu sinni í vetur svo við eigum góða möguleika í þá," sagði Helgi Jónas Guðfinnsson. **- bb**

# Fyrsti úrslitaleikur um titilinn í 7 ár

**Haukar og KR leika til úrslita um Íslandsmeistaratitil kvenna á Ásvöllum klukkan 19.15 í kvöld. Það hefur ekki verið oddaleikur í lokaúrslitum karla eða kvenna síðan KR-konur unnu titilinn síðast árið 2002. Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði KR, var þá í sigurliði á útivelli og hún getur endurtekið leikinn í kvöld.**



**FYRIRLIÐI HAUKA** Kristrún Sigurjónsdóttir á fullri ferð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Haukakonur í úrslitakeppni:

## Hafa aldrei tapað oddaleik

**KÖRFUBOLTI** Haukakonur geta tryggt sér þriðja Íslandsmeistaratitilinn á fjórum árum með sigri á KR í oddaleiknum í kvöld. Haukaliðið hefur unnið báða oddaleikina sem liðið hefur spilað í úrslitakeppni en þeir voru báðir í undanúrslitum og á móti ÍS.

Haukar unnu ÍS 91-77 í oddaleik undanúrslitanna 2006 og endurtóku leikinn síðan með 81-59 sigri árið eftir. - óój

Oddaleikir lokaúrslita kvenna:

## Síðustu tveir unnust á útivelli

**KÖRFUBOLTI** Oddaleikur kvöldsins milli Hauka og KR verður sá fjórði í sögu lokaúrslita Íslandsmóts kenna. Hinn fyrsti vannst á heimavelli en tveir þeir síðustu hafa unnist á útivelli.

Keflavík vann KR 68-64 í fyrsta oddaleiknum um titilinn sem fram fór árið 1994.Árið 2000 vann Keflavík 43-58 sigur á KR í KR-húsinu í oddaleik um titilinn. Síðasti oddaleikur fór fram í Íþróttahúsi Kennaraháskólans árið 2002. ÍS vann fyrstu tvo leiki lokaúrslitanna en KR jafnaði og tryggði sér síðan titilinn með 64-68 sigri í úrslitaleiknum. - óój

**KÖRFUBOLTI** Deildarmeistarar Hauka og bikarmeistarar KR spila í kvöld hreinan úrslitaleik um Íslandsmeistaratitil kvenna í körfubolta. Einvígið er eins jafnt og hugsast getur, bæði lið hafa unnið einn heimaleik og einn útileik og einn leikur hefur farið alla leið í framlengingu.

Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði KR, hefur leikið frábærlega með KR-liðinu í úrslitakeppninni og hún er sú eina af leikmönnum kvöldsins sem spilaði leikinn fyrir sjö árum þegar síðasti oddaleikur um titilinn fór fram.

KR-liðið mun leika sinn ellefta leik í úrslitakeppninni og Hildur segir stöðuna á liðinu verða flotta miðað við allt álagið.

„Þetta er vissulega búinn að vera langur vegur en hann er búinn að vera skemmtilegur,“ segir Hildur sem hefur sagt skilið við meiðslin sem háðu henni framan af tímabili. „Það er gaman að geta sýnt sínar bestu hliðar núna,“ segir Hildur sem hefur skoraði 19,5 stig, tekið 8,8 fráköst og gefið 4,9 stoðsendingar í leik í úrslitakeppninni.

### Góðar í úrslitaleikjunum í vetur

KR-liðið hefur unnið alla „úrslitaleiki“ sína eftir áramót og Hildur segir að þar hafi góður stuðningur á bak við liðið skilað sér. „Baráttan hefur líka komið okkur langt og við munum mæta í þennan leik til þess að berjast,“ segir Hildur.

Hildur er í allt öðru hlutverki í KR-liðinu í dag en fyrir sjö árum þegar KR vann úrslitaleik um titilinn á móti ÍS á útivelli. Hildur var þá 21 árs gömul og yngsti lykilleikmaður liðsins. Í dag er hún fyrirliði KR-liðsins og fer fyrir liðinu innan sem utan vallar. „Ég kann alveg ágætlega við þetta hlutverk að vera að leiðbeina og að miðla minni reynslu,“ segir Hildur.

Haukar tefla fram tveimur útlendingum, Slavicu Dimovsku frá Makedóníu og Moneku Knight frá Bandaríkjunum, en vinni KR-liðið verður það annað kvennaliðið frá árinu 1995 sem vinnur Íslandsmeistaratitilinn án þess að vera með erlendan leikmann.

### Treyst til að klára þetta sjálfar

„Við erum mjög ánægðar með þessa ákvörðun hjá KR-ingum að vera ekki að bæta við leikmönnum og leyfa okkur að gera þetta sjálfar,“ segir Hildur og bætir við: „Þeir treystu okkur til þess að klára þetta og við höfum sýnt það að við erum með það sterkt lið að við þurftum ekki einhverja til þess að taka ábyrgðina af okkur,“ segir Hildur.

Leikurinn fer fram á sama tíma og landsleikur Skotlands og Íslands en Hildur hefur ekki áhyggjur af því.

„Ég held að það yrði skemmtilegra fyrir fólk að mæta á Ásvelli en að sitja heima í sófa. Það gæti endað á dramatískan hátt en ég vona að við náum bara að klára þetta á venjulegan hátt,“ segir Hildur og hún ætlar að gefa allt í þetta. „Við getum tekið okkur gott frí eftir þetta þannig að það er um að gera að gefa allt í þetta þannig að maður fari allavega sáttur frá leiknum,” segir Hildur að lokum.

### Fleiri spá Haukum sigri

Fréttablaðið fékk fimm þjálfara í deildinni til þess að spá fyrir um leikinn. Þrír spáðu Haukum sigri en tveir búast við að KR-ingar verði meistarar. Flestir búast líka við því að Hildur Sigurðardóttir verði kosin best. ooj@frettabladid.is



**FRÁBÆR Í ÚRSLITAKEPPNINNI** Hildur Sigurðardóttir hefur farið fyrir útlendingalausu KR-liði í úrslitakeppninni. FRÉTTABLÐAIÐ/ANTON

### SPÁ ÞJÁLFARA KVENNADEILDARINNAR

**Jón Halldór Eðvaldsson, Keflavík:**

| | |
|---|---|
| **Meistari:** | Haukar |
| **Best:** | Hildur Sigurðardóttir, KR |

**Ari Gunnarsson, Hamar**

| | |
|---|---|
| **Meistari:** | Haukar |
| **Best:** | Hildur Sigurðardóttir, KR |

**Pétur Guðmundsson, Grindavík:**

| | |
|---|---|
| **Meistari:** | KR |
| **Best:** | Guðrún Gróa Þorsteinsd., KR |

**Robert Hodgson, Val:**

| | |
|---|---|
| **Meistari:** | Haukar |
| **Best:** | Slavica Dimovska, Haukum |

**Högni Högnason, Snæfelli:**

| | |
|---|---|
| **Meistari:** | KR |
| **Best:** | Hildur Sigurðardóttir, KR |





**PETER CROUCH** Fær tækifæri í byrjunarliðinu í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Byrjunarlið enska liðsins:

## Peter Crouch í fremstu víglínu

**FÓTBOLTI** Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englands, hefur staðfest að framherjinn hávaxni Peter Crouch verði einn á toppnum hjá enska landsliðinu gegn Úkraínu í kvöld.

Það verða svo annað hvort Wayne Rooney eða Steven Gerrard í holunni fyrir aftan Crouch.

„Ég er viss um að Crouch er besti kosturinn sem ég hef í þessa stöðu,“ sagði Capello sem á í talsverðum framherjavandræðum og nú síðast kallaði hann á Gabriel Agbonlahor í hópinn í stað Darrens Bent sem meiddist. - hbg

Egil „Drillo“ Olsen:

## Verður áfram með Noreg

**FÓTBOLTI Norska knattspyrnusambandið hefur gefið það út að þjálfarinn Egil „Drillo“ Olsen muni stýra norska landsliðinu út undankeppni HM.**

**Olsen var fenginn til að stýra landsliðinu til bráðabirgða á meðan leitað væri að nýjum þjálfara í stað Age Hareide. Stórkostlegur sigur norska liðsins gegn Þjóðverjum sannfærði alla um að hann væri rétti maðurinn í starfið.**

**Olsen kemur því með norska liðið í Laugardalinn í haust er Ísland tekur á móti Noregi.** - hbg



**EIÐUR SMÁRI** Verður í gjörgæslu hjá Skotum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/XX

Eiður fær yfirfrakka:

## Brown á að stöðva Eið

**FÓTBOLTI** Terry Butcher, aðstoðarlandsliðsþjálfari Skota, segir að það muni koma í hlut miðvallarleikmannsins Scotts Brown að hafa gætur á Eiði Smára Guðjohnsen í landsleik Skotlands og Íslands á morgun.

„Scott sópar upp allt sem kemur inn á svæðið fyrir framan vörnina og þar mun Eiður Guðjohnsen halda sér í leiknum,“ sagði Butcher.

„Guðjohnsen er ekki fremsti maður því Ísland spilar samkvæmt 4-1-4-1 leikkerfinu. Brown mun gegna mjög mikilvægu hlutverki en ég held að við munum gefa honum frjálsar hendur í leiknum.

„Við spiluðum alls ekki vel þegar við mættum Íslandi í september en samt unnum við þann leik. Það er það sem við þurfum að gera nú því það er langt síðan við unnum síðast á Hampden Park,“ sagði Butcher. Síðasti sigur Skota á Hampden Park í Glasgow kom árið 2007. - esá

Englendingar taka á móti Úkraínu á Wembley:

# Mikið sjálfstraust hjá enska landsliðinu

**FÓTBOLTI** Það ríkir mikil bjartsýni í herbúðum enska landsliðsins fyrir leikinn gegn Úkraínu á Wembley í kvöld. Liðið verður sterkara með hverjum leik undir stjórn Ítalans Fabio Capello. Hann er farinn að ná meira úr lykilmönnum en áður og leikmenn keppast við að hrósa stjóranum sínum.

Wayne Rooney fékk sérstakt hrós frá þjálfaranum eftir leikinn gegn Slóvakíu um helgina og Rooney borgaði fyrir sig í gær.

„Við trúum því að við getum unnið alla leiki og það er að mörgu leyti þjálfaranum að þakka. Hann er alveg frábær. Veit hvað hann vill fá frá okkur og kann að ná því besta úr okkur,“ sagði Rooney en sjálfstraustið í enska landsliðinu var ekki svona gott þegar Capello tók við stjórnartaumunum.

„Ég held að allir leikmenn liðsins hafi mikið sjálfstraust núna,“ sagði Capello. „Þeir leika án ótta og geta nú leikið af sama sjálfstrausti með landsliðinu og þeir gera með félagsliði sínu. Það var ekki þannig áður.“ - hbg



**GLEÐI** Það er mikil stemning hjá ensku landsliðsmönnunum þessa dagana sem leika við hvurn sinn fingur. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



> **Ellen Pompeo**

„Rómantík er ekki góður matur, kertaljós og rósir heldur stund með þeim sem þú elskar.“ Pompeo fer með hlutverk Dr. Meredith Grey í þættinum Grey's Anatomy sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON DÝRKAR EINAR BEN

# *Rammar raddir fornar*



Andrarímur Guðmundar Andra Thorssonar, skálds og ritstjóra, mátti heyra undir miðnætti á sunnudag. Þetta var kliðmjúkt framan af: Mozart dúll sem er hálfgildings lyftumúsik og svo er í Andra að færast einhver nálægð sem er þægileg.

Hann er á miklu Einars Ben trippi þessa dagana sem er engum manni óhollt og áheyrilegt. Fer hann þá í safnið og dregur upp hin firnagóðu viðtöl gamals granna hans úr Vogunum, Björns Th. þar sem leitað var votta að helgi og veraldlegri dvöl Einars Benediktssonar á jarðríki.

Að þessu sinni var viðtalið við frægan mann, Þorvald á Arnarbæli, bæði um hans eigin kynni af textum Einars og eins kynni föður hans, séra Ólafs sem var sálnahirðir þeirra hjóna í Herdísarvík. Var það fróðlegt og inspírerandi. Fælni Einars við hesta var mér ekki ljós. Nú svo fylgdi lestur Þorsteins Ö. Stephensen á Útsæ sem er býsna flott kvæði. Þetta er þungur og ábúðarmikill lestur.

Þetta er ekki beint til að sofna við: maður sperrir eyrun stór, leggur sig fram, hækkar meira en góðu hófi gegnir svo seint á kvöldi. Spilar fyrir hverfið eins og sagt var í eina tíð en var þá rokkmúsik eða Wagner. Svo fylgdi skondinn lestur á gamalli þýðingu á Há Sje.

Og þá þakkar maður fyrir að þessar rímur eru settar saman af Guðmundi Andra en ekki einhverjum öðrum með sama nafni: Andra Bachman eða Andra Ólafssyni.

Síðari hluti af viðtalinu við Þorvald er síðan í Andrarímum eftir viku og í millitíðinni má heyra þennan pakka Andra á vef RÚV.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ 18.00 NBA tilþrif STÖÐ 2 SPORT



▶ 20.10 Top Chef SKJÁREINN



▶ 20.30 X-Files STÖÐ 2 EXTRA



▶ 21.10 Kiljan SJÓNVARPIÐ



▶ 21.30 Oprah STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Sjónleikur í átta þáttum** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Púkka** (3:26)

**17.55 Gurra grís** (82:104)

**18.00 Disneystundin** Alvöru dreki, Sígildar teiknimyndir og Nýi skóli keisarans.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Bráðavaktin** (ER) (17:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg.

**21.00 Svipmyndir af myndlistarmönnum - John Kørner** (Portraits of Carnegie Art Award 2008) Í stuttum þáttum er brugðið upp svipmyndum af myndlistarmönnum sem tóku þátt í Carnegie Art Award samsýningunni 2008.

▶**21.10 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Syndir feðranna** Heimildamynd eftir Ara Alexander Ergis Magnússon og Bergstein Björgúlfsson um Breiðavíkurhneykslið sem skók þjóðina. Myndin hlaut Edduverðlaunin. (e)

**23.55 Fréttaaukinn** (e)

**00.30 Kastljós** (e)

**01.05 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 I'm With Lucy**

**10.00 Nacho Libre**

**12.00 Pokemon 6**

**14.00 I'm With Lucy**

**16.00 Nacho Libre**

**18.00 Pokemon 6**

**20.00 So I Married an Axe Murderer** Charlie forðast sambönd eins og heitan eldinn en viðhorf hans breytist þegar hann kynnist Harriet. Hann fær svo bakþanka þegar hann grunar að hún sé axarmorðingi.

**22.00 The Business**

**00.00 The Notorious Bettie Page**

**02.00 Dog Soldiers**

**04.00 The Business**

**06.00 Yes**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (285:300)

**10.15 Sisters** (18:28)

**11.05 Burn Notice** (1:13)

**11.50 Life Begins** (5:6)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (158:260)

**13.25 E.R.** (6:22)

**14.10 Las Vegas** (19:19)

**14.55 The O.C.** (16:27)

**15.40 BeyBlade**

**16.05 Leðurblökumaðurinn**

**16.30 Ruff's Patch**

**16.43 Íkornastrákurinn**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (19:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (7:20)

**20.00 Gossip Girl** (9:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**20.45 Grey's Anatomy** (18:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi.

▶**21.30 Oprah** Gestur Opruh er kynlífssérfræðingurinn Dr. Laura Berman en hún tekur fyrir ýmis mál sem koma upp innan veggja svefnherbergisins. Þátturinn er aðeins fyrir fullorðna.

**22.15 Weeds** (12:15) Ekkjan úrræðagóða, Nancy Bowden, ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu. Þegar Nancy fellur fyrir lögreglumanni í fíkniefnadeildinni flækist líf hennar verulega.

**22.40 Sex and the City** (1:18)

**23.05 The Mentalist** (7:23)

**23.50 E.R.** (6:22)

**00.35 Resurrection of the Little**

**02.40 Like Mike 2. Streetball**

**04.15 Grey's Anatomy** (18:24)

**05.00 The Simpsons** (7:20)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Snæfell - Grindavík** Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.

**15.05 Snæfell - Grindavík** Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.

**16.35 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum í PGA-mótaröðinni í golfi.

**17.30 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er um víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst bak við tjöldin.

▶**18.00 NBA-tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.

**18.30 Skotland - Ísland** Bein útsending frá leik Skotlands og Íslands í undankeppni HM en leikurinn fer fram á Hampden Park í Glasgow.

**21.15 England - Úkraína** Útsending frá leik Englands og Úkraínu í undankeppni HM.

**23.05 Skotland - Ísland** Útsending frá leik Skotlands og Íslands í undankeppni HM.

**01.05 Brasilía - Perú** Bein útsending frá leik Brasilíu og Perú í undankeppni HM.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.10 Sunderland - WBA** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**19.20 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**19.50 Middlesbrough - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.30 Tottenham - Middlesbrough** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**23.10 Blackburn - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.30 Káta maskínan** (9:12) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**12.00 Káta maskínan** (9:12) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar. (e)

**12.30 Óstöðvandi tónlist**

**18.10 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.55 The Game** (3:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

**19.20 Nýtt útlit** (3:10) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen hjálpar fólki að breyta útlitinu, allt frá förðun til fata. (e)

▶**20.10 Top Chef** (4:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu. Þeir tólf kokkar sem eftir eru þurfa að sanna sig og það eru smáatriðin sem geta skipt höfuðmáli. Stóra verkefnið er að matreiða fyrir krakka í heilsusumarbúðum og máltíðin má ekki innihalda meira en 500 kaloríur.

**21.00 America's Next Top Model** (2:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.

**21.50 90210** (13:24) Annie og Ethan eyða ljúfum stundum saman í Palm Springs. Adrianna segir Naomi frá leyndarmáli sínu en Navid er ekki viss hvernig hann eigi að taka þessum tíðindum.

**22.40 Jay Leno**

**23.30 Law & Order. Criminal Intent** (1:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með lögreglunni í New York fást við klóka krimma. (e)

**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur. Rætt er um hugarfar og heilsurækt.

**21.00 Grasrótin** Guðfríður Lilja Grétarsdóttir viðrar skoðanir Vinstri grænna.

**21.30 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm stjórnmálafræðingur ræðir um daginn og veginn.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




410 4000 | landsbankinn.is

113 / ÁRBÆJARÚTIBÚ

Anna lærði táknmál á sínum tíma og talar það reiprennandi. Hún og 15 aðrir taka vel á móti þér í Árbænum.

• Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
• Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
• Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í Árbæjarútibúi að Kletthálsi 1
eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM37436

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30

**Undankeppni HM 2010**
**Ísland - Skotland, beint**



Einn mikilvægasti landsleikur íslenska landsliðsins í langan tíma fer fram í kvöld þegar liðið mætir því skoska. Íslenska liðið hefur staðið sig vel í undankeppni HM til þessa en liðið vann síðasta leik á móti liði Makedóníu og er nú öðru sæti riðilsins. Skotar hafa jafnmörg stig og skiptir því miklu máli að strákarnir okkar eigi toppleik. Áfram Ísland.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**America's Next Top Model**
**Skjár einn kl. 21.00**

Tyra Banks mætir aftur til leiks með tólftu þáttaröðina þar sem hún leitar að ofurfyrirsætum. Í þættinum í kvöld flytja stúlkurnar 13 sem komust áfram í Las Vegas, inn í lúxusíbúð í New York en þar eru aðeins tólf rúm. Þær taka þátt í sinni fyrstu tískusýningunni og síðan tekur við fyrsta myndatakan sem fer fram í Central Park.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Blátt og rautt
**15.30** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Pipar og salt
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (157:260)
**16.30 Hollyoaks** (158:260)
**17.00 Seinfeld** (1:22)
**17.30 X-Files** (5:24)
**18.15 The Sopranos**
**19.00 Hollyoaks** (157:260)
**19.30 Hollyoaks** (158:260)
**20.00 Seinfeld** (1:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur.
▶**20.30 X-Files** (5:24)
**21.15 The Sopranos** Stöð 2 og Stöð 2 Extra rifja upp þessa geysivinsælu þætti þar sem fylgst er með daglegu lífi fjölskyldumannsins og mafíuforingjans Tonys Soprano. Þrátt fyrir að hafa átt mikillar velgengni að fagna í starfi og eiga góða fjölskyldu er hann þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.
**22.00 Little Britain USA** (4:6) Fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams, er mætt aftur og að þessu sinni á að grínast í Bandaríkjunum. Þeir félagar gera óspart grín að öllu því sem okkur Evrópubúum þykir hvað hallærislegast í fari Kanans.
**22.30 Bones** (4:26)
**23.15 Ashes to Ashes** (3:8)
**00.00 Auddi og Sveppi**
**00.25 Sjáðu**
**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.15** Dalziel and Pascoe **11.05** Dalziel and Pascoe **11.50** My Hero **12.20** The Weakest Link **13.05** EastEnders **13.35** My Hero **14.05** Blackadder Goes Forth **14.35** The Weakest Link **15.20** Dalziel and Pascoe **16.10** Dalziel and Pascoe **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder Goes Forth **19.10** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** The Chase **20.50** Blackadder Goes Forth **21.20** My Hero **21.50** The Chase **22.40** Dalziel and Pascoe **23.30** Dalziel and Pascoe

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Kontant **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet med Vejret **11.30** Hammerslag **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Pigerne Mod Drengene **14.30** Braceface **14.50** Svampebob Firkant **15.30** Skæg med tal **15.55** Gurli Gris **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Diagnose søges **18.30** Sager der nager **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Taggart **21.40** OBS **21.45** Onsdags Lotto

## NRK1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Brennpunkt **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Slipp naboene løs **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** I sørhellinga **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Dyrisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Barne-tv **16.10** Ugler i mosen **16.30** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** 330 skvadronen **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.50** Sporløst forsvunnet **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Lov og orden. New York **22.25** The Wire **23.20** Kulturnytt

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Mäklarna **12.40** Minnen av lycka **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Plus **15.25** Tonårsliv **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Sommer **20.00** Entourage **20.30** The Sarah Silverman Program **20.55** Kulturnyheterna **21.10** Familjen Babajou **22.10** Vem tror du att du är? **23.10** Sändningar från SVT24






# Páskaævintýri á Akureyri

**Komdu á skíði!**
Opið alla páskana. Skíðaskóli og skíðaleiga. Hreinræktað skíðaævintýri.

**Komdu í leikhús!**
Fúlar á móti, Tenórinn, Skoppa og Skrýtla og Opnunarhátíð Valhalla Bank.

**Komdu á tónleika!**
Stórtónleikar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, miðnæturtónleikar Hymnodiu, Mannakorn og fleira.

**Bærinn iðar af lífi um páskana:** Íslandsmótið í fitness og vaxtarrækt, fjölbreytt söfn, myndlistarsýningar, dansleikir, úrval veitingahúsa, Matur úr Eyjafirði, fjöldi kaffihúsa, kvikmyndahús, keilusalur, fjöldi verslana, vatnaparadísin í Sundlaug Akureyrar, Skautahöllin, góða veðrið og góða skapið í sannkölluðu Páskaævintýri á Akureyri.

**Allt um viðburði í bænum á www.visitakureyri.is**

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*Ég fer oftast á Bæjarins bestu þegar ég fæ mér skyndibita. Pylsu og kók og svo skrepp ég upp í Vikivaka eftir lakkrísröri sem er ómissandi með. Þegar ég vil gera betur við mig fer ég á Shalimar í Austurstræti og fæ mér einhvern indverskan rétt dagsins.*

Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, hjúkrunar- og kynfræðingur

# Dr. Spock semur páskaleikrit Rásar 2

Hljómsveitin Dr. Spock ætlar að taka upp nýtt útvarpsleikrit í samvinnu við Rás 2 sem verður byggt á síðustu plötu hennar, Falcon Christ. Leikritið, sem er yfir klukkutími að lengd, verður flutt á skírdag og endurflutt á annan í páskum. Verður það auglýst sem páskaleikrit Rásar 2.

„Þetta er í rauninni byggt á þessum hugarheimi sem varð til í kringum plötuna okkar," segir söngvarinn Óttarr Proppé, sem er að leggja lokahönd á handritið. „Þegar við vorum að vinna músíkina við plötuna varð til einhver sápuóperuheimur sem við sáum hljómsveitina passa í. Við sáum plötuna dálítið fyrir okkur sem „sándtrakk" við ímyndaða bíómynd og það má segja að síðan hafi kviknað þessi hugmynd um að byggja útvarpsleikrit á bíómyndinni sem er ekki til."



**SPOCK Á RÁS 2** Ólafur Páll Gunnarsson verður sögumaður páskaleikrits Dr. Spock. Óttarr Proppé segir þetta spennandi verkefni.

Upptökur á leikritinu fara fram annað kvöld og hljómsveitinni innan handar verður starfsfólk Rásar 2. Óli Palli verður sögumaður, Margét Erla Maack leikur örlagakvendi og Freyr Eyjólfsson illmennið.

Dr. Spock hefur á ferli sínum verið ófeiminn við að prófa nýja hluti og er skemmst að minnast útgáfutónleika sveitarinnar í miðjum spinningtíma fyrir jólin. „Við erum alltaf að leita okkur að rétta forminu til að tjá okkur almennilega. Þetta er bara hluti af þeirri leit," segir Óttarr. „Þetta er algjörlega nýtt fyrir okkur öllum og eftir því sem ég best veit er þetta í eitt af fyrstu skiptunum sem það er flutt útvarpsleikrit upp úr poppplötu, þannig að þetta er mjög spennandi." -fb



**LÁRÉTT**
**2.** hæfileiki, **6.** í röð, **8.** meðal, **9.** keyra, **11.** tveir eins, **12.** aðferð, **14.** vörubyrgðir, **16.** fæddi, **17.** kk nafn, **18.** rell, **20.** klaki, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþróttafélag, **3.** fisk, **4.** ölvun, **5.** styrkur, **7.** dynkur, **10.** skel, **13.** temja, **15.** á fæti, **16.** rjúka, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gáfa, **6.** rs, **8.** lyf, **9.** aka, **11.** ll, **12.** meðal, **14.** lager, **16.** ól, **17.** ari, **18.** suð, **20.** ís, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT: 1.** fram, **3.** ál, **4.** fylleri, **5.** afl, **7.** skellur, **10.** aða, **13.** aga, **15.** rist, **16.** ósa, **19.** ðð.

SPARAÐU!
Sérsniðnar ræstingalausnir
Er HREINT hjá þér?
Hreint
RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

Dekurhæðin
Sími: 577-3737 - www.dekurhaedin.is
NUDD
Verð frá 1690.-
Selásbraut 98
110 Árbæ S:577 3737

TÓMAS TÓMASSON: SEXTUGUR Á LAUGARDAGINN EN Í FÍNU FORMI

# Lifandi sönnun þess að borgarar eru ekki fitandi

„Ég er ekki sannfærður um að hamborgarar séu fitandi," segir Tómas Tómasson, eigandi Hamborgarabúllunnar, sem verður sextugur á laugardaginn. Til að sýna fram á það ákvað hann að sitja fyrir ber að ofan þrátt fyrir að hafa borðað einn hamborgara á dag að meðaltali síðustu fimm ár en Búllan er einmitt fimm ára í apríl. „Núna þennan mánuð [mars] er ég búinn að borða meira en bara einn til að afsanna að þeir séu fitandi," segir hann.

Sagan á bak við uppátæki Tómasar er sú að samstarfsmaður hans stækkaði 25 ára gamla mynd af honum úr tímaritinu Samúel sem var tekin af honum berum að ofan í Los Angeles. „Ég var svo bara kallaður til og mér sagt að myndin væri komin upp og ég varð bara að sætta mig við það," segir hann en myndin hangir uppi utan á Búllunni við Geirsgötu.

Tommi segist hafa æft stíft í Los Angeles á staðnum Golds Gym sem hefur verið kallaður mekka líkamsræktar í heiminum. „Við fórum þangað ég og félagi minn og vorum þar að æfa í tæpt ár. Að loknu þessu ári var þessi mynd sem núna prýðir Búlluna tekin," segir Tommi, sem æfir núna í World Class. „Þegar ég var búinn að selja milljón Tommaborgara tók ég mér árs frí meðan ég var að átta mig á hvað ég tæki mér næst fyrir hendur. Á þeim tíma kynntist ég Hard Rock Café-mönnunum sem varð síðar mitt næsta verkefni. Á meðan ég var að fá yfir mig andann var ég þarna og lyfti lóðum og reyndi að koma kroppnum í samt lag," segir hann. „Sumir halda að myndin sé fótósjoppuð en það er nú ekki."

Tommi segist enn vera í fínu formi þrátt fyrir að vera orðinn sextugur og hamborgaraátið breyti þar engu. „Ég hugsa að maður fái aldrei leið á hamborgurum, soðinni ýsu og pylsum. Sá matur sem við Íslendingar erum aldir upp við, súpukjöt og svona, er svo látlaus þannig að maður getur alltaf fengið sér einn þótt maður sé kannski búinn að borða nóg í dag. Ég bíð spenntur eftir því að fá fyrsta borgara dagsins, ég skil ekki af hverju ég fæ ekki leið á þessu," segir hann og bætir við: „Ég vil taka það fram að það er ekkert eins skemmtilegt og að steikja hamborgara. Ég get staðið allan daginn og steikt hamborgara og ég er ekki að skrökva."

Í tilefni sextugsafmælisins ætlar Tommi að hitta þrjú af börnunum sínum í Los Angeles, þau Melkorku, Yngva Tý og Tómas Áka. „Við ætlum að eyða afmælisdeginum saman. Þau búa hingað og þangað um heiminn og við ætlum að sameinast öll í Los Angeles," segir hann áður en hann rífur sig úr að ofan. freyr@frettabladid.is



**BER AÐ OFAN** Tómas Tómasson ber að ofan og í fínu formi fyrir utan Hamborgarabúlluna á Geirsgötunni. Myndin sem hann stendur við er úr Samúel fyrir 25 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Stefán Karl Stefánsson** situr ekki auðum höndum á meðan hann bíður eftir niðurstöðum úr hinum og þessum áheyrnarprufum í hinni stóru Ameríku. Kappinn er nefnilega að setja saman sína fyrstu breiðskífu fyrir börn og unglinga og mun hún koma út í sumar á vegum Senu. Stefán þykir ansi liðtækur söngvari eins og hann hefur sýnt með Stuðmönnum og auðvitað í Latabæ og söngleiknum um Trölla.



Vantrú hefur kunngjört hver er handhafi hinna árlegu Ágústínusar-verðlauna sem félagið hefur veitt síðan 2005. Sigurvegarinn þarf að hafa ögrað mannlegri skynsemi með orðum sínum og það kemur kannski ekki á óvart að hann skuli koma úr prestastéttinni. En sigurvegarinn er sr. Þórhallur Heimisson og orðin sem hann lét falla um Svarthöfða-uppákomuna frægu. Í sætunum fyrir neðan hann eru kannski nöfn sem koma á óvart en það eru fyrrum samherjarnir úr ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, þau **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** og Guðni Ágústsson.



Tónlistartímaritið Mónitor er hvergi nærri dautt úr öllum æðum þó tölublöðum hafi fækkað og kemur Mónitor nú út ársfjórðungslega. Atli Fannar Bjarkason, hinn skeleggi ritstjóri, situr nú sveittur við að klára vorritið sem kemur út 8. apríl. Atli segist á Facebooksíðu sinn vera að vinna viðtal við andstæðu sína og þarf engum að koma á óvart sem þekkir Atla að sú andstæða er ímynd heilbrigðis – en til Atla Bjarka sást í Hafnarfirði á tali við skærustu handboltastjörnu landsins: **Aron Pálmarsson**. -fgg, jbg



# Framhaldsskólanemar æfir út í RÚV

„Ég geri kannski ekki þá kröfu að RÚV sýni beint frá þessari keppni en mér finnst að hún eigi að taki þetta upp og sýna enda þykir mér að RÚV eigi að sinna þessari sjálfsprottnu menningu," segir Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra. Katrín var innt eftir viðbrögðum við þeirri ákvörðun RÚV að sýna ekki frá Söngkeppni framhaldsskólanna sem fram fer á Akureyri þann 18. apríl. Henni finnst eftirsjá af þessari keppni á dagskrá RÚV.

Töluverðrar óánægju gætir meðal framhaldsskólanema með þá ákvörðun RÚV að taka söngkeppnina af dagskrá. Auður Kolbrá Birgisdóttir, nemandi í Kvennaskólanum í Reykjavík, hefur stofnað Facebook-síðu þar sem skorað er á RÚV að endurskoða þessa ákvörðun. Og viðbrögðin hafa verið gríðarleg. Þegar þetta er skrifað hafa vel á fjórða þúsund einstaklingar skráð sig á síðuna. „Þetta er nettur skandall, okkur finnst RÚV höfða mikið til eldra fólksins en gleyma okkur sem erum yngri," segir Auður en hún stefnir á að ná tíu þúsund „vinum" í lok þessarar viku. „Krökkum í grunnskóla og alveg upp í háaldrað fólk þykir þessi keppni áhugaverð," bætir Auður við. Samkvæmt síðustu tölum frá Hagstofunni stunda rúmlega tuttugu þúsund nám í dagskóla á framhaldsskólastigi.

Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, segir að þetta breyti engu um ákvörðun RÚV. „Auðvitað vildum við keyra á fullum dampi en eins og ástandið er í dag þá er það ekki hægt." Hann segir jafnframt að stærsti kostnaðarliðurinn sé staðsetning keppninnar á Akureyri. „En hvort það hefði breytt einhverju, að keppnin væri haldin hér fyrir sunnan, leyfi ég mér að efast um," segir Þórhallur. Hann bætir því við að upphaflega hafi staðið til að keppnin færi fram 4. apríl, sama kvöld og úrslitaviðureignin í Gettu betur er. „Breytt dagsetning skiptir samt engu, útsendingin er of dýr fyrir okkur núna." - fgg



**EFTIRSJÁ** Katrín Jakobsdóttir vill veg Söngkeppninnar sem mestan. Þórhallur Gunnarsson segir keppnina of dýra í ár.



120 uppseldar sýningar!
Loftkastalinn
Pabbinn
PBB
"...Besta skemmtunin í Reykjavík í dag..."
JVJ
"Drepfyndið"
Bylgjan
Ótrúlegt leikhústilboð
í tilefni enduropnunar Loftkastalans
50% afsláttur af almennu miðaverði
Tryggðu þér miða strax á midi.is
Þetta er ekki aprílgabb!
Aðeins 4 aukasýningar
Miðvikudaginn 22. apríl kl: 20
Föstudaginn 24. apríl kl: 20
Föstudaginn 1. maí kl: 20
Laugardaginn 2. maí kl: 20
Allir leikhúsgestir Loftkastalans
fá 2 fyrir 1 af matseðli á
veitingastaðnum Pisa Lækjargötu*
* Gildir gegn framvísun á leikhúsmiða fyrir sýningu, drykkir ekki innifaldir.
TP
THORSSON
PRODUCTIONS
www.loftkastalinn.is
Loftkastalinn
www.loftkastalinn.is
PISA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**

## *Af Ian Rush og Ragnari*

Sú fígúra sem lýsir einna best innréttingu okkar Íslendinga er án efa Ragnar litli Reykás. Það er alveg skelfilegt hvað sviptivindarnir innra með landanum sveigja hann til og frá. Þetta gengur náttúrulega ekki.

**ÞAÐ** er til dæmis ekki svo langt síðan við litum einungis við því nýjasta og besta og máttum aldrei vita af okkur nema á lista með hinum fremstu og bestu. Við vorum sjálf endalaust að núa okkur því um nasir að hinir og þessir væru komnir svo langt í einu eða öðru og við máttum aldeilis drífa okkur svo að fornaldir bitu okkur ekki í afturendann. Það mátti því aldrei slá slöku við eitt andartak.

**SÍÐAN** kom bankahrunið og í óöryggi okkar fórum við að óska eftir gömlu góðu dögunum þegar við vissum hver við vorum og hvað við áttum. Við óskuðum okkur svo heitt að við fórum örugglega meira en áratug aftur á bak.

**AÐ** minnsta kosti eru landsfundir þriggja stærstu stjórnmálaflokkanna nýafstaðnir og var ekki annað á þeim að sjá en að þjóðin hefði legið í súr í meira en áratug. Á einum fundinum bar það helst til tíðinda að Steingrímur sagðist ekki ætla að sænga hjá Sjálfstæðismönnum, á öðrum var Davíð Oddsson að segja brandara og mönnum til syndanna áður en hann stappaði stálinu í mannskapinn og á þeim þriðja var Jóhanna Sigurðardóttir að fagna formannskjöri í Alþýðu… afsakið, Samfylkingunni (við Davíð eigum í nokkrum vandræðum með þetta nafn).

**ÞÓ ÉG** sé gamaldags þótti mér þessi fortíðarskammtur helst til stór svo ég fór í Spa í Laugum og var bara nokkuð nútímalegur á því. En hver kemur þá út úr gufubaðinu annar en Ian Rush, markakóngurinn mikli frá Liverpool. Hann var upp á sitt besta á níunda áratugnum þegar fótboltinn var ekki orðinn þessi peninga- og auglýsingamaskína sem hann er nú. Þá var Ipswich líka að keppa um efstu sætin sem gerði mig viðræðuhæfan þegar enska boltann bar á góma. Árið 1981 urðu þeir svo Evrópumeistarar félagsliða sem var alveg dásamlegt, jú, auðvitað er það alveg dásamlegt að dvelja aðeins við gamla daga, það er ekki spurning. Ég meina what´s the rush?

**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er miðvikudagurinn 1. apríl, 91. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.45 | 13.32 | 20.19 |
| Akureyri | 6.27 | 13.16 | 20.08 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


